


**skoðun 14**

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fólk
Auglýsingavörur




**Skák er holl íþrótt**

*Guðfríður Lilja Grétarsdóttir telur að kenna ætti skák í öllum grunnskólum landsins.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**13. mars 2012**
62. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011


# Höft til að hindra nýtt hrun

**Stefnt var að því á Alþingi í gærkvöldi að herða gjaldeyrishöft til að hindra verulegt fall krónunnar. Mynd af nýju efnahagshruni dregin upp í greinargerð frumvarpsins. Hættuleg aðgerð, segir forstjóri Kauphallar.**

**EFNAHAGSMÁL** Boðað var til skyndifundar á Alþingi síðdegis í gær til að afgreiða frumvarp um breytingar á lögum um gjaldeyrismál. Því er ætlað að hindra hugsanlegt útflæði jafnvirði hundraða milljarða króna í erlendum gjaldeyri.

Samkvæmt frumvarpinu á að setja takmarkanir á tilteknar fjármagnshreyfingar á milli landa sem hafa verið heimilar. „Er það gert vegna þess að þær gætu að óbreyttu grafið undan áætlun um losun fjármagnshafta og valdið alvarlegum óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði, sem aftur gæti leitt til verulegrar gengislækkunar krónunnar, höggvið stór skörð í gjaldeyrisforða þjóðarinnar eða hvort tveggja,“ segir í greinargerð með frumvarpi meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fella á út undanþáguheimild til útgreiðslna í íslenskum krónum úr innlendum þrotabúum til erlendra aðila, sérstaka undanþáguheimild þrotabúa föllnu bankanna til fjármagnshreyfinga í erlendum gjaldeyri og einnig undanþáguheimild til að skipta jafngreiðslum og verðbótum af höfuðstól skuldabréfa.

Slitastjórnir föllnu bankanna missa því heimild til að greiða út til kröfuhafa. Í staðinn mun Seðlabankinn setja reglur er heimila útgreiðslurnar með hætti sem samrýmist stöðugleika. Fulltrúar þessara aðila funduðu um málið í gærkvöldi og með efnahags- og viðskiptanefnd. Fleiri hagsmunaaðilar gengu á fund nefndarinnar.

Tryggi Þór Herbertsson, sem situr í efnahags- og viðskiptanefnd fyrir Sjálfstæðisflokk, segir hagsmunaaðilana telja breytinguna alltof stranga. „Ég tel að hverfandi líkur séu á að sú sviðsmynd sem dregin er upp í greinargerðinni rætist,“ segir Tryggvi.

> ...gæti leitt til verulegrar gengislækkunar, höggvið stór skörð í gjaldeyrisforða þjóðarinnar...
>
> **GREINARGERÐ MEÐ FRUMVARPI UM AÐ HERÐA GJALDEYRISHÖFTIN**

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, undirstrikar að hagsmunir Íslendinga og hinna erlendu kröfuhafa fari saman. „Markmiðið er að tryggja að flutningur eigna úr landi fari fram með skipulegum hætti án þess að hafa neikvæð áhrif á gengi krónunnar og þar með að tryggja heildarhagsmuni í málinu, bæði þeirra sem eru að flytja peninga út og þeirra sem þurfa að borga þá út,“ segir Helgi.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, er mjög gagnrýninn á frumvarpið. „Þetta mun rýra traust manna á Íslandi [...] Ég held að þetta sé mjög hættuleg aðgerð,“ segir hann. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir trúverðugleika ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans rýrna enn, „og ekki var úr háum söðli að detta.“

Áhersla var lögð á að afgreiða frumvarpið í gærkvöldi svo það hefði tekið gildi fyrir opnun markaða í dag. Það hafði ekki verið gert þegar Fréttablaðið fór í prentun. **- gar, þeb /** **sjá síðu 2**



**Tilheyrir fjársjóði æskunnar**

*Ingólfur Steinsson samdi lög við ljóð Davíðs Stefánssonar.*

**menning 30**

**Íslendingar neyslufrekir**

*Meistaranemar í umhverfis- og auðlindafræðum standa fyrir grænum dögum í Háskóla Íslands.*

**tímamót 18**



**Haukarnir í ham**

*Hafnarfjarðarliðin eru áfram jöfn að stigum á toppi N1 deildar karla.*

**sport 26**

**veðrið í dag**




**STREKKINGUR** allra vestast en annars hægari. Skúrir eða él vestan til en léttir til austanlands. Hiti á bilinu 1 til 7 stig.

**VEÐUR 4**




**FÝSILEGIR FARSKJÓTAR** Eldsneytisverðið hækkaði enn í gær. Bensínlítrinn kostar nú víða um 260 krónur og lítrinn af dísilolíu er kominn um og yfir 265 krónur. Reiðhjól og strætó virðast því æ fýsilegri ferðamátar. **Sjá síðu 4**

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrum utanríkisráðherra, bar vitni fyrir Landsdómi:

# Hörð gagnrýni á Seðlabanka

**LANDSDÓMUR** „Ef við áttum að grípa til einhverra aðgerða hefði verið gott að vita hverjar þær áttu að vera,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrum formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra, fyrir Landsdómi í gær. Hún gagnrýndi Seðlabanka Íslands harðlega fyrir að láta vinna skjal um viðbrögð við fjármálaáfalli og annað um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda, en sitja svo á þeim skjölum í aðdraganda hrunsins.

Sigurður Einarsson, fyrrum starfandi stjórnarformaður Kaupþings, bar einnig vitni í gær. Hann sagði fjórar ástæður hafa verið fyrir falli Kaupþings: alþjóðlegu fjármálakreppuna, hávaxtastefnu Seðlabankans, setningu neyðarlaganna og aðgerðir breska fjármálaeftirlitsins gagnvart Kaupthing Singer & Friedlander í október 2008.

Sigurjón Þ. Árnason, fyrrum bankastjóri Landsbankans, sagði að ef vilji hefði verið til að minnka íslenska bankakerfið hefði átt að grípa til aðgerða á seinni hluta ársins 2006 og fyrri hluta árs 2007. **-þsj, bj /** **sjá síður 6, 8, 10 og 11**










SPURNING DAGSINS



*Mörður, er ljósmengun myrkraverk?*

„Já, vonandi fer fólk að kveikja á því."

Mörður Árnason þingmaður er formaður starfshóps um myrkurgæði sem mun á næstunni taka saman upplýsingar um ljósmengun.

Bandaríkin og Sameinuðu þjóðirnar hvetja til samstöðu gegn Sýrlandsstjórn:

# Hundruð hafa flúið frá Homs

**SÝRLAND** Bæði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Ban Ki Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, skora nú á ríki heims að standa saman gegn voðaverkunum í Sýrlandi.

Á sunnudagskvöld fundust tugir líka, þar á meðal nærri fimmtíu lík af börnum og konum, í borginni Homs, þar sem uppreisnarmenn hafa verið öflugir.

Sýrlenskir uppreisnarmenn segja að sum líkanna beri þess merki að fólkið hafi verið brennt lifandi. Sum höfðu verið skorin á háls eða beinbrotin. Uppreisnarmenn kenna stjórnarhernum um þessi voðaverk, en Sýrlandsstjórn sakar uppreisnarmenn um að hafa drepið fólkið til að geta kennt stjórnarhernum um.

Hundruð manna flúðu frá þessum borgarhluta í gær. Nokkur hverfi í borginni eru rústir einar eftir linnulausar árásir stjórnarhersins undanfarnar vikur.

Bæði Kínverjar og Rússar hafa komið í veg fyrir að ályktun gegn sýrlenskum stjórnvöldum næði fram að ganga í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. - gb



**HARMLEIKUR** Kona í Homs situr hjá líki barnabarns síns. NORDICPHOTOS/AFP

Amnesty um Aserbaídsjan:

## Eurovision í skugga brota

**MANNRÉTTINDI** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Eurovision, verður haldin í skugga mannréttindabrot í Aserbaídsjan. Þetta segja mannréttindasamtökin Amnesty International.

„Á meðan fjöldi þátttakenda frá Evrópu þenur raddir sínar á glitrandi sviði í Bakú, þagga stjórnvöld niður í öllum gagnrýnisröddum heima fyrir. Friðsamir mótmælendur, ungt baráttufólk og stjórnarandstæðingar eru handteknir og beittir ofbeldi," segir í tilkynningu Amnesty. - þeb

Hjónabönd samkynhneigðra:

## 10% vilja úr þjóðkirkjunni

**DANMÖRK** Um tíundi hver meðlimur í dönsku þjóðkirkjunni hugsar sér að segja sig úr henni ef hjónavígslur samkynhneigðra verða lögleyfðar.



Þetta kemur fram í frétt á vef danska ríkisútvarpsins sem vitnar í nýlega skoðanakönnun. Frumvarp þar að lútandi er nú fyrir þjóðþinginu og er búist við að það verði að lögum í sumar.

Þó hugmyndirnar hafi jafnan fengið jákvæð viðbrögð eru hins vegar tíu prósent reiðubúin til að yfirgefa kirkjuna ef til þessa kemur. Áttatíu prósent sögðu hins vegar í könnuninni að úrsögn hvarflaði ekki að þeim. - þj

# Róbert þarf að borga Björgólfi 2,4 milljarða

**Róbert Wessman dæmdur til að greiða félagi Björgólfs Thors Björgólfssonar jafnvirði 2,4 milljarða. Félög Björgólfs skulda Róberti á móti rúma sex milljarða en Björgólfur segir þau hins vegar eignalaus. Björgólfur talaði af sér í bloggfærslu.**

**DÓMSMÁL** Róbert Wessman, fyrrverandi forstjóri Actavis, þarf að greiða eignarhaldsfélagi Björgólfs Thors Björgólfssonar jafnvirði um 2,4 milljarða króna samkvæmt dómi sem féll í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudag.

Sama dag féll annar dómur í deilu þessara áður nánu samstarfsmanna og niðurstaða hans er sú að tveimur félögum Björgólfs ber að greiða Róbert jafnvirði rúmra sex milljarða króna. Ef marka má fullyrðingar Björgólfs eru félögin hins vegar svo til eignalaus.

Róbert og Björgólfur hafa deilt fyrir dómstólum í hálft annað ár, annars vegar um árangursþóknun sem Róbert taldi sig eiga inni hjá félögum Björgólfs frá því að hann var forstjóri Actavis og hins vegar um skuld sem Björgólfur taldi sig eiga hjá Róberti.

Fyrrnefnda málið snýst um klausu í samningi sem Róbert gerði við Björgólf þegar hann keypti tólf prósenta hlut í móðurfélagi Actavis, Novator Pharma, árið 2007. Klausan kvað á um að Róbert skyldi fá fjórutíu milljóna evra áhættuþóknun fyrir árslok 2009, að því gefnu að hann væri enn að störfum hjá Actavis eða hefði verið sagt upp án tilefnis. Þar af átti að vera hægt að nota tíu milljónir í beint skuldauppgjör Róberts við Björgólf og tengd félög.

Í ágúst 2009 fékk Róbert tölvupóst frá Björgólfi þar sem sagði að Actavis væri yfirskuldsett, gæti ekki greitt af lánum sínum og því væri ekkert eigið fé eftir „í strúktúrnum". Þess vegna væri mjög ólíklegt að Novator Pharma og móðurfélag þess, Novator Pharma Holding, gæti staðið við að greiða áhættuþóknunina.

Róbert fór með málið fyrir dóm og krafðist efnda, en Björgólfur greip til varna með ýmsum rökum, meðal annars þeim að Róbert hefði hætt störfum fyrr en samkomulagið kvað á um, í sátt við Björgólf, og það hafi því ekki verið án tilefnis.

Í millitíðinni hafði Björgólfur hins vegar lýst því yfir á vefsíðu sinni að hann hefði rekið Róbert frá Actavis, og hann staðfesti þann skilning sinn fyrir dómi. Þetta, og fleira, leiðir til þess að dómurinn telur samkomulagið enn í gildi og félögin, sem Björgólfur segir eignalaus, skulda Róberti þrjátíu milljónir evra. Það, ásamt dráttarvöxtum, jafngildir á sjöunda milljarð króna.

Síðara málið snýst um ríflega sjö milljóna evra lán sem félagið BeeTeeBee Ltd. á Bresku Jómfrúareyjunum, í eigu Björgólfs, veitti eignarhaldsfélagi Róberts í mars 2005. Róbert gekkst síðar í persónulega ábyrgð fyrir láninu.

Róbert taldi að þeirri kröfu hefði þegar verið skuldajafnað í samræmi við ákvæði samkomulagsins sem fjallað er um í hinu málinu, en dómurinn segir ekkert liggja fyrir um að svo hafi verið. Því skuldi Róbert BeeTeeBee 7,7 milljónir evra, sem með þrjátíu prósenta umsömdum dráttarvöxtum jafngildir nú um 2,4 milljörðum króna.

stigur@frettabladid.is



**GLUGGAÐ Í ÁRSSKÝRSLUNA** Björgólfur og Róbert voru nánir viðskiptafélagar á árum áður. Hér eru þeir saman á ársfundi Actavis árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ROBERT FICO** Leiðtogi Sósíaldemókrataflokksins Smer með hreinan meirihluta. NORDICPHOTOS/AFP

Sigurvegari þingkosninga:

## Sagði úrslitin koma á óvart

**SLÓVAKÍA, AP Sósíaldemókratar fengu hreinan þingmeirihluta í kosningum í Slóvakíu um helgina.**

**Leiðtogi flokksins, Robert Fico, fyrrverandi forsætisráðherra, sagði þessi úrslit hafa komið ánægjulega á óvart.**

**Fico hefur heitið því að hækka skatt á fyrirtæki og hátekjufólk, en hefur verið gagnrýndur fyrir lýðskrum. Fyrir kosningarnar boðaði hann sterka samsteypustjórn tveggja flokka sem tækist á við efnahagsóvissuna.**

**Nú er flokkur hans kominn með 83 þingsæti á 150 manna þjóðþingi landsins, en fjögurra flokka hægri stjórnin sem hefur verið við völd fékk 51 þingsæti samanlagt.** - gb

Olís og N1 hækkuðu verð:

## Bensínið komið yfir 260 krónur

**NEYTENDUR Olís hækkaði í gær verð á bensínlítranum í 262,7 krónur, eða um fimm krónur. N1 fylgdi í kjölfarið og hækkaði verðið um 5 krónur í gærkvöldi og kostar bensínlítrinn þar 262,60 krónur. Hjá Skeljungi var algengasta verð á benslítra 259,7 krónur í gærkvöld.**

**Orkan, ÓB og Atlantsolía eru með ódýrasta bensínið, lítrinn kostar rúmar 257 krónur.** - þeb

NEYTENDUR

**Páskagull verður selt**

ÁTVR og Ölgerðin hafa komist að samkomulagi um sölu á bjórnum Páskagulli. ÁTVR hafði hafnað bjórnum vegna þess að merkingum á umbúðum var áfátt. Ölgerðin ætlar að láta breyta merkingum til samræmis við gildandi reglur.

Slasaðist illa á Álftanesi:

## Haldið sofandi eftir bílslys

**LÖGREGLUMÁL** Konu, sem lenti í umferðarslysi á Álftanesvegi á föstudaginn, er haldið sofandi í öndunarvél.

Samkvæmt upplýsingum frá lækni á gjörgæslu er hún alvarlega slösuð.

Þrír voru fluttir á slysadeild eftir slysið sem varð um klukkan hálf níu um morguninn. Fimm sjúkrabílar voru sendir á staðinn ásamt tækjabíl frá slökkviliðinu en beita þurfti klippum til að ná konunni út úr bílnum.

Lögreglan rannsakar tildrög slyssins.


1 ÁRS AFMÆLISVIKA
VIÐ ENDURTÖKUM ÖLL VINSÆLUSTU TILBOÐIN
GILDIR Í 24 TÍMA

**Brunch í Skrúði á aðeins 990 kr. (kostar 2.900 kr.). Komdu í brunch og njóttu helgarinnar!**



990 kr.
Verð ~~2.900~~ kr.
Afsláttur
1.910 kr. 66%

**Fairtrade kaffibolli hjá Te & Kaffi á 99 kr. (kostar 360 kr.). Láttu gott af þér leiða og njóttu rjúkandi kaffibolla!**




99 kr.
Verð ~~360~~ kr.
Afsláttur
261 kr. 73%

HÓPKAUP
hopkaup.is
1 af hverjum 100 fær endurgreitt eitt Hópkaupsbréf!


Forstjóri Kauphallarinnar og framkvæmdastjóri SA ósáttir við gjaldeyrishaftalög:

# Algjörlega ónauðsynleg aðgerð

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta mun rýra traust manna á Íslandi og virðist vera, að mér sýnist, algjörlega ónauðsynleg aðgerð," segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, um breytingar á gjaldeyrishöftum. Páll var meðal þeirra sem funduðu með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um breytingar á lögum um gjaldeyrishöft í gærkvöldi. Til stóð að samþykkja lögin á Alþingi í gærkvöld, til að halda stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og hindra gengisfall krónunnar.

Páll segir viðbrögð löggjafans vera allt of hörð og þau feli í sér töluverða orðsporsáhættu. „Mér hefði þótt nær ef menn ætluðu að fara í þetta á annað borð að miða við að setja ekki skorður á þegar útgefin bréf sem eru á markaði, heldur á nýja verðbréfaflokka, útgefna. Ég held að þetta sé mjög hættuleg aðgerð."



**PÁLL HARÐARSON**



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, var einnig á fundi nefndarinnar í gærkvöldi. Hann segir lagasetninguna enn eitt skrefið í þeirri sneypuför sem gjaldeyrishöftin séu. „Þetta er líka ákveðin einkunn yfir því tali sem hefur verið í gangi af hálfu ríkisstjórnar og Seðlabankans að sannfæra fólk um að hlutirnir séu að lagast. Síðan kemur allt í einu upp neyðarástand sem verður til þess að þarf að herða gjaldeyrishöftin, og það eru skilaboð um að vandinn sé ekkert að minnka heldur vaxa. Trúverðugleiki ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans rýrnar enn og ekki var úr háum söðli að detta fyrir," segir Vilhjálmur.

Hann segir einnig að breytingarnar setji vinnu allra slitastjórna í uppnám. Ef Seðlabankinn hafi haft áhyggjur af peningum sem þar séu hafi átt að ræða þau mál við slitastjórnirnar og kanna aðrar leiðir en lagasetningu.

Steinunn Guðbjartsdóttir formaður slitastjórnar Glitnis vildi ekki tjá sig um frumvarpið í gærkvöldi. Ekki náðist í fulltrúa annarra slitastjórna. - þeb






**Meniga heimilisbókhald er nú hluti af Netbanka Íslandsbanka**

Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum hætti séð hvernig þínar kökur líta út. Opnaðu Netbankann og byrjaðu að spara tíma og peninga með aðstoð Meniga. Nú er allt á einum stað í skemmtilegri Netbanka.

MENIGA | Íslandsbanki er fyrsti banki í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

**GENGIÐ 12.03.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,06 | 126,66 |
| Sterlingspund | 197,36 | 198,32 |
| Evra | 165,27 | 166,19 |
| Dönsk króna | 22,226 | 22,356 |
| Norsk króna | 22,091 | 22,221 |
| Sænsk króna | 18,518 | 18,626 |
| Japanskt jen | 1,5321 | 1,5411 |
| SDR | 193,47 | 194,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,3587

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Úttekt rannsóknarnefndar reyndist mun tímafrekari en í upphafi var áætlað:

# Rannsókn á Íbúðalánasjóði tefst til hausts

**STJÓRNSÝSLA** Rannsóknarnefnd Alþingis, sem gert var að rannsaka starfsemi Íbúðalánssjóðs frá árinu 2004 til ársloka 2010, náði ekki að ljúka starfi sínu á tilsettum tíma þar sem verkefnið reyndist mun umfangsmeira en í fyrstu var talið.

Við skipun nefndarinnar í upphafi septembermánaðar á síðasta ári, var gert ráð fyrir að úttektinni yrði lokið innan sex mánaða, en sá frestur rann út í síðustu viku.

„Það varð fljótlega ljóst að verkefnið yrði tímafrekara en talið var í fyrstu,“ segir Sigurður Hallur Stefánsson, formaður nefndarinnar, í samtali við Fréttablaðið.

„Umbeðin úttekt var yfirgripsmikil, en svo stækkaði verkefnið svo að segja með hverjum steini sem velt var. Því var ljóst að við myndum þurfa frest, sem við fengum frá forsætisnefnd Alþingis, en við göngum út frá því að ná að ljúka verkinu fyrir haustið.“

Fyrri tímamörk úttektarinnar miðast við breytingarnar sem gerðar voru á sjóðnum og lánareglum hans árið 2004.

Markmið rannsóknarinnar, samkvæmt þingsályktun um stofnun nefndarinnar, er í fyrsta lagi að „meta áhrifin af þessum breytingum, stefnu sjóðsins og einstökum ákvörðunum á þessum tíma á fjárhag sjóðsins og fasteignamarkaðinn í heild sinni, í öðru lagi að meta áhrifin af starfsemi Íbúðalánasjóðs á stjórn efnahagsmála og í þriðja lagi að leggja mat á hversu vel sjóðnum hefur tekist að sinna lögbundnu hlutverki sínu á þessu tímabili.“

Þegar niðurstöður liggja fyrir mun taka við heildarendurskoðun á sjóðnum og húsnæðislánakerfinu á Íslandi. **- þj**




**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Rannsóknarnefnd um starfsemi sjóðsins hefur beðið um frest til haustsins til að skila úttekt sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EVANGELOS VENIZELOS** Fjármálaráðherra Grikklands hefur staðið í ströngu. NORDICPHOTOS/AFP

Skuldbreytingin í höfn:

## Bankar felldu niður skuldir

**GRIKKLAND, AP** Gríska stjórnin losnaði í gær á einu bretti við nærri 89 milljarða evra af alls 368 milljarða skuld ríkisins þegar fjármálafyrirtæki skiptu á skuldabréfum í staðinn fyrir önnur, sem eru helmingi minna virði og að auki með mun lengri afborgunartíma.

Á næstu vikum verður 28,5 milljörðum evra skuldbreytt í viðbót, þannig að alls hafi gríska ríkið þá losnað við 105 milljarða evra af skuldum sínum.

Skuldbreytingin er liður í fjárhagsaðstoð Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við Grikkland, sem í næstu viku þarf að greiða stórar afborganir sem hún annars gæti ekki ráðið við. **- gb**

Starfsmanni vikið frá störfum:

## Grunaður um fjárdrátt í HÍ

**LÖGREGLUMÁL Háttsettum starfsmanni Háskóla Íslands hefur verið vikið frá störfum vegna gruns um fjárdrátt. Greint var frá málinu á Vísi í gærkvöld. Ekki liggur fyrir um hve háar upphæðir ræðir en grunur leikur á að fjárdrátturinn nái aftur til ársins 2007. Samkvæmt frétt Vísis mun hinn grunaði hafa verið náinn samstarfsmaður háskólarektors.**

# Verðið hækkaði mest í verslunum Bónuss

**Vörukarfa ASÍ hefur hækkað um 21 til 55 prósent frá því í apríl 2008 og mest hjá lágvöruverðsverslunum. Framkvæmdastjóri Bónuss dregur niðurstöðurnar í efa. Verð á mat- og drykkjarvörum hefur hækkað um 38 prósent á tímabilinu.**

**NEYTENDUR** Vörukarfa ASÍ, sem inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur auk hreinlætis- og snyrtivara, hefur hækkað um 21 til 55 prósent frá því í apríl 2008 þar til í byrjun mars 2012, að því er segir í fréttatilkynningu frá ASÍ.



**GUÐMUNDUR MARTEINSSON**

Verð vörukörfunnar hefur hækkað meira í lágvöruverðsverslunum en öðrum verslunum. Mesta hækkunin er hjá Bónus, 55 prósent, en minnsta hækkunin, 21 prósent, er hjá Hagkaup. Verð á mat- og drykkjarvörum í vísitölu neysluverðs hefur hækkað um 38 prósent frá því í apríl 2008 þar til nú í febrúar.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, kveðst draga niðurstöður verðkönnunarinnar í efa. „Vissulega hefur orðið gríðarleg hækkun á matvöru. Það finna allir neytendur. En að vörukarfan hafi hækkað um 55 prósent hjá Bónus en 21 prósent hjá Hagkaup stenst ekki. Ef þetta væri svona væri Hagkaup orðið ódýrara en Bónus og það er langur vegur þar frá. Ég dreg þessar niðurstöður í efa.“

Verðbreytingar voru skoðaðar hjá lágvöruverðsverslununum Bónus, Krónunni og Nettó og í almennu matvöruverslununum Hagkaupi, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali auk klukkubúðanna 10-11 og 11-11.

**Vörukarfa ASÍ**

**Verðbreytingar apríl 2008 - mars 2012. Allar verslanir.**




Jafnframt voru verðbreytingar skoðaðar hjá Samkaupum-Strax.

Hækkunin á vörukörfunni hjá Nóatúni er 23 prósent eða örlítið meiri en hjá Hagkaup þar sem vörukarfan hefur hækkað minnst. Auk Bónuss hefur mesta hækkunin orðið á vörukörfunni hjá Samkaupum-Strax eða 53 prósent, hjá Nettó um 50 prósent, hjá 11/11 um 48 prósent og Krónunni um 46 prósent.

Í fréttatilkynningu ASÍ er tekið fram að einungis séu birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga. Ekki sé því um beinan verðsamanburð að ræða, það er að segja hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Bent er á að skoðuð hafi verið þau verð sem voru í gildi á verslununum á hverjum tíma og geti tilboð á einstaka vöruliðum þess vegna haft áhrif á niðurstöðurnar. **ibs@frettabladid.is**

Vissi ekki um innihaldið:

## Ársæll kom gögnum til DV

**LÖGREGLUMÁL Ársæll Valfells, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, kom gögnum um Guðlaug Þór Þórðarson þingmann frá Fjármálaeftirlitinu til DV. Lögreglurannsókn fer nú fram vegna málsins.**



**ÁRSÆLL VALFELLS**

**Ársæll segist óafvitandi hafa dregist inn í málið. Maður sem komið hafi heim til hans hafi beðið hann að koma gögnum til Gunnars Andersen, þáverandi forstjóra FME. Gunnar hafi svo beðið hann að koma gögnunum til DV, sem hann hafi gert. „Ég hafði enga vitneskju um innihald sendingarinnar og hef þegar skýrt yfirvöldum frá aðkomu minni að þessu máli,“ segir í yfirlýsingu Ársæls. - þeb**

Bjarni Benediktsson:

## Vill rammaáætlun í þingið

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson þingmaður og formaður Sjálfstæðisflokksins segir tímabært að þingið fái rammaáætlun til meðhöndlunar. Hann spurði Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra um rammaáætlun í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gær.

Bjarni sagði vinnubrögð hafa orðið til þess að tafir hafi orðið á málinu og spurði Svandísi hvort það byggðist ekki á stefnu ríkisstjórnar Vinstri grænna um að virkja ekki í neðri hluta Þjórsár. Svandís sagði vinnubrögð við áætlunina vera öll í samræmi við lög. **- þeb**




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKÚRIR EÐA ÉL** verða vestanlands í dag en austan til léttir til. Á morgun má búast við vaxandi vindi með slyddu eða rigningu sunnanlands en snjókomu eða slyddu norðan heiða. Á fimmtudag frystir um allt land með snjókomu norðan til.




**Á MORGUN** Hvasst með SA-strönd annars vaxandi vindur.

**FIMMTUDAGUR** Stífur en minnkandi vindur austan til annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 19° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 12° |
| París | 17° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Hafðu hemil á þér í mars




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 58465 02/12

**Í mars er ástandsskoðun á bremsum í boði þjónustuaðila Toyota. Engin vandamál - bara lausnir.**
Stoppaðu (ef þú getur) hjá einhverjum af viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og láttu fara yfir bremsurnar í bílnum.
Það eykur umferðaröryggi og sparar þér peninga.

## 20% afsláttur

Í mars er 20% afsláttur af öllum bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum
hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

## Geir H. Haarde fyrir Landsdómi - dagur 6

# Átti að minnka kerfið 2006 til 2007

**Grípa hefði átt til aðgerða til að minnka íslenska bankakerfið á seinni hluta ársins 2006, ef vilji var fyrir hendi að gera það. Fundargerðir Seðlabanka voru einhliða upplifun þeirra sem þær rituðu á atburðum sem þeir vildu að hefðu átt sér stað. Þetta sagði Sigurjón Þ. Árnason fyrir Landsdómi í gær.**

Sigurjón Þ. Árnason, annar fyrrum bankastjóra Landsbankans, sagði enga þörf hafa verið á þrýstingi frá opinberum aðilum um að minnka bankakerfið á árinu 2008. Kerfið hefði sjálft verið fullkomlega meðvitað um þörfina. Aðspurður hvort eitthvað hefði verið gert til að draga úr stærð Landsbankans á árinu 2008 sagði Sigurjón að það sem mestu hefði skipt á þeim tíma hefði verið að auka lausafé. Bankinn hefði dregið úr útlánum og undirbúið að nota eignir sínar til að búa til laust fé. Vegna þess að erfitt hefði verið að fá raunvirði fyrir eignir með því að selja þær hefði verið betri leið að nýta þær í endurhverfum viðskiptum. Að mati Sigurjóns var ekki raunhæft að flytja Landsbankann úr landi á árinu 2008. „Hann var of íslenskur, ef svo má að orði komast,“ sagði Sigurjón.

### Maður á blankskóm

Þegar hann var spurður hvort þrýstingur hefði verið af hálfu þáverandi forsætisráðherra á bankann að flytja úr landi eða selja eignir svaraði Sigurjón því neitandi. Hann taldi Geir H. Haarde hafa verið svo skynsaman að hann hefði vitað að slíkt væri ekki skynsamur kostur. Aðspurður um þrýsting frá Fjármálaeftirlitinu (FME) eða Seðlabankanum sagði Sigurjón hafa verið algjörlega ónauðsynlegt að þrýsta á aðgerðir. Allir hefðu gert sér grein fyrir að þeirra var þörf og unnið að þeim. Glitnir hefði unnið að sölu eigna, Kaupþing að því að flytja hluta af starfsemi sinni og Landsbankinn að því að auka laust fé. „Þetta var eins og ef maður á blankskóm kæmi upp á dekk og færi að segja mönnum sem vissu nákvæmlega hvað þeir áttu að gera hvað þyrfti að gera.“

Sigurjón upplýsti að Landsbankinn hefði verið að vinna að því að búa til þrjá „strúktúra“ (eignarhaldsfélög) sem bankinn ætlaði að veðsetja fyrir lausafé í aðdraganda þess að hann féll. „Mjög stutt“ hefði verið í að þeir hefðu klárast.

### Vonlaus hugmynd Hreiðars

Hefði verið vilji til þess að minnka íslenska bankakerfið hefði, að mati Sigurjóns, átt að beita þrýstingi til þess á seinni hluta árs 2006 og fyrri hluta ársins 2007. Míníkrísan sem herjaði á bankana leystist að fullu í ágúst 2006 og eftir það hefði verið sá tímapunktur sem var tilvalinn til að breyta leikreglunum.



**MÆTTUR** Sigurjón Þ. Árnason heilsar sakborningnum, Geir H. Haarde, áður en hann bar vitni fyrir Landsdómi. Sigurjón og Geir eru nágrannar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurjón sagði það hafa verið rætt á árinu 2008 að sameina Landsbankann og Glitni. Hann og Halldór J. Kristjánsson hefðu meðal annars átt fund með Geir til að athuga hvort ríkið gæti aðstoðað við þá sameiningu. Að hans mati var ekki hægt að klára þá sameiningu án fjárhagsstuðnings frá ríkinu. Þegar hann var ekki fyrir hendi var sjálfhætt.

Sigurjón sagði reyndar síðar við vitnaleiðslurnar að hann hefði fundað með Hreiðari Má Sigurðssyni, þáverandi forstjóra Kaupþings, og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, þá aðaleiganda Glitnis, um sama mál. Á þeim fundi hefði „Hreiðar komið með vonlausa hugmynd. Algjörlega vonlausa hugmynd.“ Hún hefði snúist um að Kaupþing tæki erlenda starfsemi Glitnis, sem væri arðbær, en Landsbankinn innlendu starfsemina, sem myndi ekki gera neitt nema auka vandamál bankans.

### Bauðst til að færa Icesave

Sigurjón sagði Landsbankamenn hafa boðist til að færa Icesave í Bretlandi í dótturfélag strax í mars 2008. Sú hugmynd hefði komið frá bankanum þegar breska fjármálaeftirlitið (FSA) fór fram á að hann tæki upp breskar lausafjárreglur, og í raun verið hafnað. Tónninn í því máli hefði síðan breyst um sumarið þegar það rataði frá eftirlitsaðilum inn á breska þingið. Eftir það hefði flutningur Icesave orðið pólitískt mál, ekki tæknilegt. Það hefði meðal annars verið ástæða þess að Landsbankamenn fóru þess á leit við Björgvin G. Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, að fara á fund Alistair Darling og reyna að leysa úr málinu. Að sögn Sigurjóns töldu þeir það heillavænlegt að fá mann úr Samfylkingunni á þann fund þar sem Darling er í breska Verkamannaflokknum, systurflokki Samfylkingarinnar.

Þegar leið að hruni bankans hefðu verið settar fram miklar kröfur um eignatilfærslur til breska dótturbanka Landsbankans, Heritable. Þær hefðu falið í sér tilfærslu á um 20% af eignum bankans sem hefði virkjað gjaldfellingarákvæði í lánasamningum hans sem heimiluðu ekki að meira en 10% af eignum yrðu færð til árlega. Sigurjón sagði að bankinn hefði þá viljað færa 10% strax á árinu 2008 og önnur 10% í byrjun árs 2009 þannig að flutningurinn hefði tæknilega átt sér stað á tveimur árum.

### Svokallaðar fundargerðir

Við vitnaleiðslur í málinu hefur mikið verið spurt út í fundargerðir úr Seðlabankanum frá því í mars 2008. Sigurjón var líka spurður út í það sem fram kom í þeim, en þar er meðal annars haft eftir honum að mjög ólíklegt sé að Landsbankinn muni lifa af útflæði af Icesave-reikningunum sem átti sér stað skömmu fyrir fundinn.

Sigurjón sagði mjög ónákvæmlega eftir sér haft og að þessar svokölluðu fundargerðir væru ekki eiginlegar fundargerðir heldur „einhliða minnispunktar Seðlabankamanna á því sem þeir myndu vilja að hafi komið fram.“

## Matsfyrirtækin vildu innlán



**BJÖRGÚLFUR GUÐMUNDSSON**

Innlánasöfnun Landsbankans í gegnum Icesave-reikninganna var afleiðing þess að alþjóðleg matsfyrirtæki höfðu sagt að bankinn væri ekki með nógu mikið af innlánum. Til stóð að hefja innlánasöfnun mun víðar en bara í Bretlandi og Hollandi í fyllingu tímans. Þetta sagði Björgólfur Guðmundsson, fyrrum formaður bankaráðs Landsbankans, við vitnaleiðslur fyrir Landsdómi í gær.

Aðspurður um hvort það hafi einhvern tímann verið rætt að það gæti mögulega verið ríkisábyrgð á Icesave-reikningunum var svarið skýrt: „Aldrei.“

Hann sagði einnig að bankinn hefði fengið erlendu stórbankana Credit Suisse og Deutsche Bank til að vinna áætlun um að búa til einn banka úr Landsbankanum, Straumi og Glitni. Þær hugmyndir hefðu verið lagðar fram í júní 2008, en alltaf hefði verið ljóst að það var ekki hægt að framkvæma þær nema með stuðningi íslenska ríkisins. -þsj

## Gat staðið af sér þjóðnýtingu Glitnis

Halldór J. Kristjánsson, sem var áður annar bankastjóra Landsbankans, gaf skýrslu fyrir Landsdómi í gegnum síma, en hann er búsettur í Kanada. Hann var meðal annars spurður hvort stjórnvöld hefðu leitað álits hjá bankanum á því hvort hann stæði af sér lækkun á hlutabréfaverði hans ef ríkissjóður tæki yfir 75% af Glitni.

Halldór sagði að þáverandi seðlabankastjóri hefði hringt í sig sunnudaginn 28. september 2008 og spurt sig að þessu. Hann lét sérfræðinga á vegum bankans í kjölfarið reikna út hvaða áhrif það hefði á eiginfjárstöðu Landsbankans ef lán með veði töpuðust vegna þessa og þeir hefðu komist að þeirri niðurstöðu að bankinn gæti staðið það af sér.

Sú niðurstaða var fengin með hliðsjón af því að bankinn hafði þegar ákveðið að sameinast Straumi. -þsj

## Er að vinna fyrir sérstakan saksóknara

Stefán Svavarsson var innri endurskoðandi Seðlabanka Íslands um þriggja ára skeið. Hann lét af störfum árið 2008. Hann taldi ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af eignum bankanna á þeim tíma. Þeir hefðu sýnt góða afkomu, verið með mjög góða eiginfjárstöðu og reikningar þeirra áritaðir af alþjóðlegum endurskoðunarfyrirtækjum, sagði hanní vitnaleiðslum í gær.

Í reikningunum hefði auk þess komið fram að þeir væru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikniskilastaðla. Ef innviðir eignasafna bankanna hefðu verið slæmir hefði engin leið verið fyrir þann sem las reikninga þeirra að átta sig á því.

Stefán var þá spurður hvort endurskoðun bankanna hefði ekki verið eðlileg. Hann tilkynnti þá úr vitnastúku að hann hefði tekið að sér verkefni fyrir embætti sérstaks saksóknara við að kanna reikninga sem bankarnir birtu á árunum 2007 og 2008. Því fyndist honum ekki við hæfi að svara spurningunni.

Andri Árnason, lögmaður Geirs H. Haarde, tilkynnti þá að hann hefði ekki haft neina hugmynd um þessa vinnu Stefáns og hætti því snögglega að spyrja út í skýrslugjöf hans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis. Andri spurði Stefán loks hvort að eitthvað væri í reikningum bankanna sem gæfi Geir tilefni til að draga í efa að innihald þeirra væri rétt. „Menn eiga að geta treyst undirrituðum reikningum. Hitt er svo sjálfstætt rannsóknarefni hvort sú vinna var rétt eins og reglur gera ráð fyrir,“ sagði Stefán.



**EKKI VIÐ HÆFI** Stefán tilkynnti úr vitnastúku að hann hefði tekið að sér verkefni fyrir embætti sérstaks saksóknara við að kanna reikninga bankanna fyrir hrun. Því fyndist honum ekki við hæfi að svara spurningum um þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Taktu innheimtuna föstum tökum

**Milliinnheimta** Innheimtuferli sérsniðið að þínum óskum.
**Löginnheimta** Ef áminningar og ítrekanir bera ekki tilskilinn árangur.

**Kynntu þér málið núna á Inkasso.is eða í síma 520-4040 og fáðu nánari upplýsingar.**

INKASSO

PIPAR\TBWA • SÍA • 120750

GLÆSILEGUR VEISLUSALUR!
Náttúruparadís í hjarta borgarinnar



Fundir og ráðstefnur
Veislusalurinn er vel tækjum búinn og er því tilvalinn fyrir hvers kyns ráðstefnur og fundi, stóra sem smáa. Í salnum er meðal annars hágæða hljóðkerfi, skjávarpi, flettitafla og púlt. Starfsfólk okkar veitir þér ráðgjöf varðandi veitingar og annað sem huga þarf að.

NAUTHÓLL

www.nautholl.is | www.facebook.com/nautholl | nautholl@nautholl.is | sími 599 6660

# VILT ÞÚ EIGNAST

# MILLJÓN

# Í PENINGUM?



**ÞÚ ÞARFT BARA AÐ MÆTA Á STAÐINN**



**Það eina sem þú þarft að gera er að mæta í verslun okkar að Víkurhvarfi 6, Kópavogi og skrá nafn þitt og símanúmer.**

**Vinningshafi verður dreginn út á Bylgjunni 31. mars 2012.**

## Víkurverk – allt í ferðalagið

VÍKUR V•E•R•K

Víkurhvarf 6 - 203 Kópavogur - sími: 557 7720 - vikurverk.is




TÖLVUNÁM
SEM STYRKIR STÖÐU ÞÍNA

BÓKHALD – GRUNNNÁMSKEIÐ

Sérstaklega hagnýtt nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Meðal viðfangsefnis er verslunarreikningur, virðisaukaskattur, bókhaldsgrunnur og handfært bókhald og tölvubókhald í Navision.

Námskeið hefst: **14. mars, morgun- og kvöldhópar**
Lengd: **115 kennslustundir**
Verð: **109.000 kr.**

ALMENNT TÖLVUNÁM

Afar gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar árangri strax. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist hagnýta þekkingu í tölvuvinnslu sem nýtist jafnt í starfi sem heima og öðlist öryggi og færni í notkun helstu skrifstofuforritanna, Word, Excel og Outlook.

Námskeið hefst: **16. apríl, morgun- og kvöldhópar**
Lengd: **60 kennslustundir**
Verð: **54.000 kr.**

NAVISION FJÁRHAGSBÓKHALD

Þátttakendur hljóta þjálfun í meðferð bókhaldsgagna og vinnu við tölvubókhald í Navision.

Námskeið hefst: **18. apríl, morgun- og kvöldhópar**
Lengd: **47 kennslustundir**
Verð: **54.000 kr.**

TOLLSKÝRSLUGERÐ

Öðlastu færni í gerð tollskýrslna á þessu stutta og hnitmiðaða námskeiði þar sem m.a. er farið yfir reglur er varða innflutning, myndun tollverðs og útreikning aðflutningsgjalda.

Námskeið hefst: **9. maí, morgun- og kvöldhópar**
Lengd: **21 kennslustund**
Verð: **28.000 kr.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 120381

**ATH. margvíslegir styrkir í boði, m.a. hjá VMST og stéttarfélögum. Hafðu samband og við aðstoðum þig!**

| STÖK NÁMSKEIÐ | Hefst | Lengd | Verð |
|---|---|---|---|
| Excel grunnur | 2. maí | 21 std. | 29.900.- |
| Excel frh. | 15. mars | 21 std. | 29.900.- |

FJARKENNSLA Í BOÐI

**HVAR SKRÁI ÉG MIG?**
Skráningar fara fram á vefnum okkar **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • www.promennt.is

**www.promennt.is**


Geir H. Haarde fyrir Landsdómi - dagur 6

# Fernt felldi Kaupþing

**Fyrrverandi starfandi stjórnarformaður Kaupþings sagði fjórar ástæður fyrir falli Kaupþings, og að yfirtakan á Glitni væri ekki ein þeirra. Hann var látinn sverja drengskaparheit fyrir Landsdómi að kröfu verjanda Geirs H. Haarde og er sá eini sem hefur gert slíkt í réttarhöldunum.**



**SÓR DRENGSKAPARHEIT** Sigurður Einarsson er eina vitnið sem farið hefur verið fram á að sverji drengskapaheit fyrir Landsdómi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður Einarsson, fyrrverandi starfandi stjórnarformaður Kaupþings, telur alþjóðlega fjármálakreppu, hávaxtastefnu Seðlabanka Íslands, neyðarlögin og aðgerðir breska fjármálaeftirlitsins gagnvart dótturbanka Kaupþings í Bretlandi hafa fellt bankann. Þetta er meðal þess sem kom fram við vitnaleiðslur yfir honum fyrir Landsdómi í gær.

Sigurður var meðal annars spurður út í áætlanir Kaupþings um að bregðast við þeim hlutfallsvanda sem blasti við á Íslandi, en íslenska bankakerfið var níföld þjóðarframleiðsla að stærð árið 2008. Í vitnisburði sínum fór hann yfir „Project Hans“ og „Project Einar“, áætlanir bankans sem snerust annars vegar um að flytja hluta af starfsemi Kaupþings til erlendra dótturfélaga og hins vegar um að flytja höfuðstöðvar bankans til Bretlands. Hann taldi hugmyndirnar raunhæfar.

### Hvorki þrýstingur né áhugi

Helgi Magnús Gunnarsson aðstoðarsaksóknari spurði Sigurð hvort Kaupþing hefði verið komið í lausafjárvandræði á árinu 2008. Hann svaraði því til að lausafjárstaðan hefði verið góð en líka verið verkefni sem stöðugt var unnið að innan bankans. „Það verður hins vegar að segjast að samráð stjórnvalda við okkur, samráð okkar við hina bankana, það var mjög takmarkað. Við áttuðum okkur ekki á því hver staðan var orðin,“ sagði Sigurður.

Hann sagðist ekki hafa orðið var við þrýsting, eða yfir höfuð áhuga, frá íslenskum stjórnvöldum um að bankakerfið yrði minnkað eða að bankarnir flyttu úr landi.

### Fjórar ástæður fyrir falli bankans

Að mati Sigurðar voru fjórar ástæður fyrir því að Kaupþing féll. Í fyrsta lagi versta alþjóðlega kreppa frá 1930. Næsta taldi hann peningamálastefnu Seðlabanka Íslands, sem hann kallaði gegndarlausa hávaxtastefnu, sem hefði neytt fyrirtæki og almenning til að taka erlend lán. Peningamagn í umferð hefði aukist gríðarlega og því hefði ekki getað „farið öðruvísi en svo að gengi gjaldmiðilsins hryndi“.

Í þriðja lagi nefndi hann setningu neyðarlaganna sem breyttu lögum eftir á og mismunuðu kröfuhöfum. Í fjórða lagi hefði yfirtaka breska fjármálaeftirlitsins (FSA) á Kaupthing Singer & Friedlander (KFS), dótturbankanum í Bretlandi, gert Kaupþing samstundis tæknilega gjaldþrota, hvort sem bankinn var það í raun eða ekki.

Sigurður sagði margar aðrar aðgerðir, meðal annars yfirtökuna á Glitni, hafa verið kolrangar. Þær hefðu hins vegar ekki verið ástæðan fyrir kreppunni á Íslandi.

### Starfaði fyrir skilanefnd

Sigurður segir að hann hafi verið fenginn til að starfa fyrir skilanefnd Kaupþings stuttu eftir hrun til að koma sérstaklega að sölu erlendra eigna. Á meðal þeirra eigna var FIH, sem settur hafði verið að veði fyrir 500 milljóna evra láni frá Seðlabanka Íslands 6. október 2008. Vegna þess banka fór þáverandi formaður skilanefndar Kaupþings, Steinar Guðgeirsson, einhverju sinni á fund þáverandi formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, Davíðs Oddssonar, til að ræða FIH. Í kjölfarið var Sigurður beðinn um að hætta öllum störfum fyrir skilanefndina.

Áður en Sigurður yfirgaf vitnastúkuna fór Andri Árnason fram á að hann yrði látinn sverja drengskaparheit fyrir Landsdómi. Hann er fyrsta vitnið sem farið er fram á að sverji eiðstaf og því vakti krafa Andra nokkra athygli.

## Sameining bankanna var áhugamál JP Morgan

Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, sagði fyrir Landsdómi í gær að viðbrögð Seðlabankans í aðdraganda „Glitnishelgarinnar“ hafi verið „gríðarleg vonbrigði“. Seðlabankinn tók 75% hlut í Glitni þá helgi sem markaði upphaf hins formlega bankahruns á Íslandi.

Lárus sagði aðstæður hafa breyst mikið í upphafi árs 2008. Í mars hefði Glitnir unnið ansi viðamikla aðgerðaáætlun sem miðaði að því að auka lausafé bankans. Lárus leit svo á að bankinn hefði átt gott samstarf við stjórnvöld, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið (FME).

Á meðal þeirra aðgerða sem unnið var að, var að selja starfsemi bankans í Noregi, selja lánasafn í Lúxemborg og loka ráðgjafaskrifstofu í Kaupmannahöfn. Auk þess hefði verið unnið að því að tvískrá hlutabréf bankans, en því verkefni var breytt þegar leið á árið á þá leið að reyna að sækja fé beint til fjárfestingasjóða. Þá var sameining Glitnis við Landsbankann sérstakt áhugamál bandaríska fjárfestingabankans JP Morgan, helsta ráðgjafa Glitnis, sagði Lárus. Aldrei hefði þó komið nein niðurstaða í það mál þrátt fyrir ýmiss konar viðræður.

Lárus sagði ástæðu þess að Glitnir leitaði til Seðlabankans í aðdraganda Glitnishelgarinnar svokölluðu vera þá að JP Morgan hefði mælt með því að Glitnir myndi athuga hvort Seðlabankinn gæti lánað sér gegn veði í norsku lánasöfnunum. Eftir fyrstu fundina með bankastjórum Seðlabankans hefði Lárus síðan ekkert heyrt frá þeim fyrr en á sunnudagskvöld þegar honum var tilkynnt að ríkið ætlaði að taka 75% hlut í bankanum. Það voru, að hans mati, gríðarleg vonbrigði, enda voru enn um þrjár vikur fram að gjalddaganum sem Glitnir var mögulega að lenda í vandræðum með að standa við. Lárus sagði að hann hefði viljað fá skýrari stefnu um hvernig yfirtakan myndi líta út og að hugmyndin yrði útfærð betur, meðal annars með því að hafa samband við alþjóðlegu matsfyrirtækin.







# VERK AÐ VINNA

IÐNÞING 2012

**Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið í Íþrótta- og sýningarhöllinni Laugardal fimmtudaginn 15. mars.**

**Á þinginu verður fjallað um efnahagsumhverfið, gjaldmiðlavandann og tækifæri í iðnaði til framtíðar.**

**Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur kl. 16.00.**



**Helgi Magnússon**
Ávarp formanns SI



**Orri Hauksson**
Framkvæmdastjóri SI
stýrir pallborði



**Oddný G. Harðardóttir**
Ávarp iðnaðarráðherra



Fundarstjóri:
**Guðrún Hafsteinsdóttir**
Markaðsstjóri Kjöríss



**Jón Daníelsson**
Prófessor við London School of Economics



**Rannveig Rist**
Forstjóri Alcan á Íslandi



**Sigsteinn P. Grétarsson**
Aðstoðarforstjóri Marels

Við stöndum þétt saman
Reistu í verki viljans merki,
- vilji er allt sem þarf
Upp skal á kjöl klífa

**Þingið er opið og aðgangur ókeypis.**

## Skráning á www.si.is

Bein leið, gatan liggur greið
Þú getur miklu betur en þú hefur gert
Hver er sinnar gæfu smiður
Horfðu á björtu hliðarnar
Vandamál eru til þess að leysa þau

SI Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

## Geir H. Haarde fyrir Landsdómi - dagur 6

# Sakar Seðlabanka um að leyna gögnum

**Seðlabankinn hélt mikilvægum gögnum frá ríkisstjórninni í aðdraganda hrunsins sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrir Landsdómi í gær. Hún lýsti fundi með Davíð Oddssyni þar sem hann hafi farið hamförum þegar hann hafi úthúðað bankamönnunum og útrásinni með „stóryrðum og slætti“.**

Seðlabankinn lét vinna skjal um viðbrögð við fjármálaáfalli og annað um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi Seðlabankann harðlega í vitnisburði sínum fyrir Landsdómi fyrir að sitja á þessum skjölum í aðdraganda hrunsins.

„Ef við áttum að grípa til einhverra aðgerða hefði verið gott að vita hverjar þær áttu að vera,“ sagði Ingibjörg.

Hún gagnrýndi Seðlabankann fyrir að halda gögnum frá stjórnvöldum. Þannig segist hún fyrst hafa séð bréf sem Mervin King, bankastjóri breska Seðlabankans, sendi bankastjórn Seðlabankans 23. apríl í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Í bréfinu hafnaði King því að gera gjaldmiðlaskiptasamning við íslenska seðlabankann, en býður þess í stað aðstoð við að draga úr stærð íslenska bankakerfisins.

Ingibjörg sagði Davíð Oddsson, þáverandi formann bankastjórnar Seðlabankans, hafa verið bjartsýnan á að King samþykkti að gera gjaldmiðlaskiptasamning. Því hafi komið á óvart þegar hann hafi sagt á fundi með formönnum stjórnarflokkanna þann 7. maí að breski seðlabankinn hefði ekki áhuga á að gera slíkan samning.

„Ég spurði sérstaklega út í þetta, en var ekki sagt frá þessu bréfi eða tilboði Mervin King,“ sagði Ingibjörg Sólrún.

Í vitnisburði hennar kom fram að erfiðleikar í samskiptum við Davíð hafi orðið til þess að hún hafi ekki tekið hann alvarlega þegar hann talaði um ógnir sem steðjuðu að bönkunum á fundi 7. febrúar 2008.

Fundinn sátu allir þrír bankastjórar Seðlabankans, Geir H. Haarde, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, auk Ingibjargar. Umræðuefnið var ferð Davíðs til London þar sem hann ræddi við þarlenda bankamenn um stöðu íslensku bankanna.

Ingibjörg sagði fyrir Landsdómi í gær að Davíð hafi „tekið hamskiptum“ á fundinum þegar hann hafi rætt um afstöðu bresku bankamannanna til íslensku bankanna. Þeir voru að sögn Davíðs þeirrar skoðunar að stjórnendur Kaupþings væru ekki trúverðugir, og að stjórnendur Glitnis hafi virst örvæntingarfullir á kynningarfundum í London. Landsbankinn virtist traustastur af bönkunum.

„Um miðbik fundarins, það er mikilvægt að menn hafi andrúmsloftið í huga, var eins og seðlabankastjóri tæki hamskiptum. Hann fór mikinn, úthúðaði bankamönnum og útrásinni með miklum stóryrðum og slætti,“ sagði Ingibjörg.

„Ég hef séð hann áður í þessum ham og veit að það á að taka því sem hann þá segir með fyrirvara,“ sagði Ingibjörg. „Ég horfði á forsætis- og fjármálaráðherra og sá að þeir þekktu þessar uppákomur. Við sögðum ekki mikið og ákváðum að láta þetta yfir okkur ganga.“

Hún sagði að þar sem Davíð hafi verið einn til frásagnar, og hann væri þekktur fyrir andúð sína á eigendum Kaupþings og Glitnis en velvild í garð eigenda Landsbankans, hafi hún og aðrir fundarmenn tekið því sem Davíð hafi sagt með miklum fyrirvara. Hún sjálf hafi talið Davíð ýkja.



**LANDSDÓMUR Í GÆR** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrum utanríkisráðherra, bar vitni fyrir Landsdómi í gær. Hún gagnrýndi Seðlabankann harðlega, meðal annars fyrir að hafa setið á skjölum í aðdraganda hrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ GVA

Ingibjörg sagði að hún hafi ekki óskað eftir því við Seðlabankann að upplýst væri nánar um málið, enda hafi það verið skylda Seðlabankans að upplýsa stjórnvöld teldi hann þörf á því.

„Ég hef aldrei skilið af hverju þessi fundur er talinn vera svona mikill lykilfundur. Ég held að ekkert okkar sem sat þarna, nema kannski formaður bankastjórnar, hafi talið það,“ sagði Ingibjörg.

Á fundinum hafi ekki komið fram nein greining, engar tölur og ekkert stöðumat bara frásögn eins manns af upplifun sinni í London. Hún sagði ekkert hafa komið fram hjá honum um mögulegar ráðstafanir sem hægt væri að grípa til.

Álit Davíðs sem hann kynnti á þessum fundi stangaðist að auki á við upplýsingar úr nýjum álagsprófum Fjármálaeftirlitsins. Þau hafi sýnt að margt hafi verið óhagstætt íslensku bönkunum en þeir hafi allir staðist prófin.

Hún sagði það hafa verið verkefni og skyldu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins að vinna að því að smækka bankakerfið. Geir H. Haarde er ákærður fyrir að hafa ekki beitt sér fyrir að það yrði gert.

„Það var ljóst í okkar huga að þetta var þeirra verkefni [Seðlabankans og FME], þeir höfðu tækin,“ sagði Ingibjörg.

Ingibjörg hafnaði því alfarið að Geir hafi brotið lög með því að ræða ekki um ástand fjármálakerfisins á ríkisstjórnarfundum. Hún sagði efnahagsmálin og fjármálakerfið hafa borið á góma á mörgum ríkisstjórnarfundum, þó þau hafi ekki ratað á dagskrá fundanna eða í fundargerðir.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is





## Ósamræmi í framburði Ingibjargar og Össurar fyrir Landsdómi

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, sakaði í gær Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra og samflokksmann hennar, um að hafa sagt ósatt þegar hann bar vitni fyrir Landsdómi á föstudaginn.

Össur sagði að Ingibjörg hafi sagt sér að sleppa því að láta Björgvin G. Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, vita þegar kallað var til fundar vegna þjóðnýtingar Glitnis að kvöldi dags sunnudaginn 30. september 2008.

Þessa helgi hafði Ingibjörg verið að ræða við lækna um hvernig best væri að bregðast við heilaæxli sem greinst hafði vikuna á undan. Hún fékk samtal frá Gesti Jónssyni, lögmanni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, aðaleiganda Glitnis. Gestur spurði hvort enginn fulltrúi Samfylkingarinnar væri viðstaddur fundarhöld vegna yfirtöku á Glitni.

Ingibjörg sagðist þá hafa hringt í Össur og beðið hann um að sitja fundinn sem sinn fulltrúa. Össur fullyrti fyrir Landsdómi að hann hafi viljað hringja í Björgvin og hafa hann með á fundinn, en Ingibjörg hafi sagt honum að gera það ekki, en sent aðstoðarmann Björgvins með Össuri á fundinn.

Ingibjörg hafnaði þessu alfarið fyrir Landsdómi í gær. Hún vísaði í framburð Össurar fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis. Þar sagði Össur að Ingibjörg hafi notað orðalagið „keep it under wraps“, sem útleggst „hafðu ekki hátt um þetta“.

„Ég veit að ég sagði þetta ekki,“ sagði Ingibjörg. Hún sagði alla sem þekkja sig vita að svona myndi hún aldrei taka til orða. Henni hafi gengið það eitt til að finna staðgengil til að sitja fundinn í sinn stað. Tveir hafi komið til greina, Össur og Jóhanna Sigurðardóttir, enda bæði reynslumiklir þingmenn og ráðherrar. Sjálf hafi hún verið með hugann við skurðaðgerð sem hún hafi átt að fara í daginn eftir.

„Ég er ekki slíkur klækjarefur að mér hafi á þessum tíma verið efst í huga eitthvað samsæri gegn viðskiptaráðherra,“ sagði Ingibjörg.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, bendir á Facebook-síðu sinni á annað atriði í vitnisburði Össurar sem orkar tvímælis. Össur sagði í vitnastúkunni í Landsdómi að hann hafi fyrst heyrt hugtakið krosseignatengsl helgina sem Glitnir hafi verið tekinn yfir.

Pétur bendir á að krosseignatengsl hafi margoft verið rædd í efnahags- og viðskiptanefnd þar sem Össur hafi setið sem fulltrúi Samfylkingarinnar.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

## Orðrétt

**Ég er ekki slíkur klækjarefur að mér hafi á þessum tíma verið efst í huga eitthvað samsæri gegn viðskiptaráðherra.**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði það rangt að hún hafi viljað halda Björgvini G. Sigurðssyni, fyrrverandi viðskiptaráðherra, frá ákvörðunum um yfirtöku á Glitni.

**Ég játa að ég var ekki með hugann við íslenska fjármálakerfið, ég var með hugann við aðra hluti.**

Ingibjörg sagðist hafa kallað Össur til daginn sem Glitnir var tekinn yfir af ríkinu vegna þess að daginn eftir var hún á leið í uppskurð í New York þar sem fjarlægja átti heilaæxli.

**Nú ertu alveg að hverfa bara.**

Saksóknari við Halldór J. Kristjánsson sem gaf símaskýrslu frá Kananda. Afar illa heyrðist í Halldóri.

**Ég er farin að verða tvísaga, eða réttara sagt farin að endurtaka mig.**

Ingibjörg mismælti sig skemmtilega.

**Þetta var ekkert venjulegur fundur.**

Ingibjörg lýsti fundi með Davíð Oddssyni, formanni bankaráðs Seðlabankans, og sagði hann hafa úthúðað eigendum Kaupþings og Glitnis.

**Þó ég sé ekki mikið fyrir að vísa í skýrslu rannsóknarnefnar Alþingis sökum þess hversu margar villur og rangfærslur eru þar.**

Sigurður Einarsson vísar í rannsóknarskýrslu Alþingis.

**Ég er ekki réttur maður til að spyrja að þessu.**

Lárus Welding aðspurður um hver ástæða þess var að bón um fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands endaði sem yfirtaka á Glitni.

**Ég er þeirrar skoðunar að enginn hafi séð kerfisáfallið fyrir.**

Stefán Svavarsson, fyrrum innri endurskoðandi Seðlabankans.

**Ég á heima í sömu götu sko.**

Sigurjón Þ. Árnason svarar spurningum um hvort hann hafi átt óformlega fundi með Geir H. Haarde. Þeir eru nágrannar.

**Þetta var 2006 aðferð við að leysa 2008 vandamál.**

Sigurjón um það þegar menn ætluðu að leysa vanda bankanna 2008 sem ímyndarvanda.

**Nú skil ég ekki hvað þú átt við? Nei, ekki ég heldur.**

Sigurjón og Andri Árnason skiptast á skilningsleysi eftir að Andri spurði hann um hvort viðræður við FSA hafi verið virkar.


# Arion banki býður allt hlutafé Fram Foods ehf. til sölu

**Ákveðið hefur verið að bjóða til sölu allt hlutafé í Fram Foods ehf. sem er í eigu Eignabjargs ehf., dótturfélags Arion banka hf.**

Fram Foods ehf. er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á kældum sjávarafurðum. Aðalstarfsemi félagsins er á Íslandi, í Finnlandi og Svíþjóð þar sem framleiddar eru afurðir, bæði undir eigin vörumerkjum sem og vörumerkjum samstarfsaðila. Helstu afurðir Fram Foods eru ýmsar tegundir kavíars og síldar sem seldar eru til stærstu verslunarkeðja Skandinavíu. Hjá félaginu starfa um 125 manns og er velta félagsins um 30 milljónir evra.

**Söluferlið**

Allt hlutafé Fram Foods ehf. er boðið til sölu í einu lagi.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hefur umsjón með söluferlinu sem opið er hæfum fjárfestum, sbr. 9. tl. 43. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007, sem sýnt geta fram á að hafa til þess bæran fjárhagslegan styrk, eða aðgang að a.m.k. 500 milljónum króna í auðseljanlegum eignum. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu, meðal annars ef fyrir hendi eru lagalegar hindranir á því að viðkomandi fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna. Þá áskilur seljandi sér rétt til að bjóða tilteknum fjárfestum þátttöku í söluferlinu, án tillits til framangreinds skilyrðis.

Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu eru beðnir um að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. fyrir 27. mars næstkomandi, og fá þar frekari upplýsingar um tímasetningar og skilmála söluferlisins auk upplýsinga um fjárhag og starfsemi félagsins.

**Frekari upplýsingar**

Upplýsingar um söluferlið má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. í síma 444 6000 eða með því að senda tölvupóst á CF-FramFoods@arionbanki.is.

arionbanki.is – 444 6000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 58898 03/12



**SARKOZY NOTAÐUR** „Herra frambjóðandi, þurfum við að setja þig í þessa stöðu til að þú skiptir um skoðun varðandi líknardráp," segir í texta þessarar auglýsingar samtaka um lögleiðingu líknardráps í Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP

SVÞ segja óvissu um margt í tollafrumvarpi landbúnaðarráðherra:

# Viðmið um framboð varhugaverð

**LANDBÚNAÐUR** „Það er margt til bóta í frumvarpinu en jafnframt margt í óvissu." Þetta segir Lárus Ólafsson, lögfræðingur hjá Samtökum verslunar og þjónustu, SVÞ, um frumvarp um breytingu á úthlutun tollkvóta á landbúnaðarvörum.

„Okkur líst vel á að mat ráðherra varðandi kvóta sem heimilt er að bjóða út verður ekki jafnhuglægt og áður. Það er búið að binda niður verklagsreglur og ráðherra ber að fara að ráðum ráðgjafanefndar," tekur Lárus fram.



LÁRUS ÓLAFSSON

Í frumvarpinu segir að framboð teljist ekki nægjanlegt sé viðkomandi vara ekki til stöðugrar dreifingar í að lágmarki 90 prósent magni af eftirspurn.

Þetta eru varhugaverð viðmið, að mati Lárusar. „Í fyrsta lagi eru engar upplýsingar um hvernig þessi tala er fundin út. Okkur finnst þetta hár þröskuldur og hugsanlega ígildi tæknilegra hindrana."

Samtök verslunar og þjónustu gera einnig athugasemdir við notkun ákveðinna gjaldeyrisviðmiða þegar um er að ræða tolla sem skylt er að bjóða út.

„Tollarnir eru klæddir í magntolla en nota ákveðið gjaldeyrisviðmið. Þegar gengi krónunnar er óhagstætt verður svigrúmið minna til þess að bjóða í þessa kvóta. Svona framsetning kann að draga úr áhuga manna á þeim," segir Lárus. - ibs

Prikið óskar eftir plássi:

# Vill selja borgara fyrir vestan

**ÍSAFJÖRÐUR Fyrirtækið Prikið ehf., sem rekur samnefndan veitingastað í Bankastræti í Reykjavík, hefur óskað eftir leyfi frá Ísafjarðarbæ til að staðsetja hamborgarabíl á svæðinu fyrir framan upplýsingamiðstöðina í Edinborgarhúsinu yfir páskahelgina, að því er fram kemur á vef Bæjarins besta.**

**Búast má við að íbúafjöldi bæjarins aukist mikið yfir páskahelgina en þá fer fram rokkhátíðin Aldrei fór ég suður og skíðavika. - kh**




LSR – sjóðfélagafundur

Í tilefni af nýlegri skýrslu um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008 boðar stjórn LSR til fundar með sjóðfélögum.

Miðvikudaginn 14. mars kl. 16:30
Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2, Reykjavík

Skýrslu úttektarnefndar má nálgast á heimasíðu sjóðsins www.lsr.is

Stjórn LSR

LSR LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS

Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150 • lsr@lsr.is • www.lsr.is


# Bandaríkin óttast hefndaraðgerðir

**Fjöldamorð bandarísks hermanns í Afganistan eykur enn spennu milli landanna. Afganskir þingmenn krefjast þess að réttarhöldin verði í Afganistan.**

**AFGANISTAN, AP** Bandaríkjamenn óttast nú hefndaraðgerðir afganskra uppreisnarmanna vegna fjöldamorðanna sem bandarískur hermaður er sagður hafa framið í Afganistan um helgina.

Hermaðurinn var yfirliðþjálfi, með 11 ára reynslu, en var í sinni fyrstu ferð til Afganistans.

Hann hélt af stað gangandi um miðja nótt frá herstöðinni í Panjwai-héraði til þorpsins Balandi, alls um 1.800 kílómetra leið. Þar drap hann tólf manns í þremur húsum og kveikti í sumum líkanna. Þaðan gekk hann álíka langa vegalengd til annars þorps, Alkozai, þar sem hann drap fjórar manneskjur í einu húsi og hélt síðan yfir í annað hús þar sem hann skaut heimilisföðurinn í fótinn, en hélt að því búnu aftur til herstöðvarinnar þar sem hann játaði verknað sinn.

Spennan milli Bandaríkjamanna og Afgana hafði aukist mjög í síðasta mánuði þegar fréttir bárust af því að bandarískir hermenn hefðu brennt eintök af Kóraninum, sem afganskir fangar höfðu krotað skilaboð í.



**VETTVANGUR FJÖLDAMORÐS** Íbúi í þorpinu Alkozai bendir á staðinn þar sem hermaðurinn myrti eina fjölskyldu. NORDICPHOTOS/AFP

Þá voru skammt liðið frá því að bandarískir hermenn sáust kasta af sér vatni á lík afganskra uppreisnarmanna.

Eitthvað var farið að draga úr þessari spennu í lok síðustu viku, þegar stjórnvöld beggja landa undirrituðu samkomulag um að afganskir fangar yrðu fengnir afgönskum yfirvöldum í hendur.

Í gær var hins vegar allt komið upp í loft aftur eftir fjöldamorðin um helgina. Afganskir þingmenn krefjast þess að bandaríski hermaðurinn verði dreginn fyrir dómstól í Afganistan. Á meðan verði öllum samningaviðræðum um frekara hernaðarsamstarf við Bandaríkin hætt.

Viðbrögð almennings hafa engu að síður verið hófstilltari í þetta skiptið en eftir bókabrennurnar í síðasta mánuði.

gudsteinn@frettabladid.is






Af hverri seldri Hamat mottu í mars rennur 500 kr. til styrktar Krabbameinsfélags Íslands.

Stepp | Parket & gólf - Sérfræðingar í gólfefnum!

Ármúla 32 • 108 Reykjavík • Sími 568 1888 • parketoggolf.is • Þú finnur okkur líka á Facebook

PARKET & GÓLF




**FLUGFÖR** Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með rúmlega 180 flugrekendum, stórum sem smáum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í gagnið:

# Flugrekendum gert greiða fyrir losun

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur lokið úthlutun til sjö flugrekenda í samræmi við ákvæði laga um losun gróðurhúsalofttegunda. Heimildirnar eru að verðmæti 690 milljóna króna og eiga að standa straum af losun frá viðkomandi flugrekanda og starfsemi hans.

Þessir flugrekendur hafa uppfyllt skilyrði vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS) en framkvæmd þess kerfis er komin á fullan skrið hjá Umhverfisstofnun. Frá og með 1. janúar hefur flugstarfsemi innan EES-svæðisins fallið undir ETS-kerfið sem nær til flugs sem felur í sér flugtak eða lendingu á flugvelli á EES-svæðinu, eða í einhverju af 27 aðildarríkjum ESB, auk Íslands, Noregs og Liechtenstein.

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með rúmlega 180 flugrekendum, en margir þeirra fljúga einungis fáar ferðir árlega, en fyrsta stopp þeirra er hér á landi. Af þeim uppfylltu níu skilyrði um að fá úthlutað endurgjaldslausum losunarheimildum.

Flugrekendum sem og öðrum er heimilt að eiga viðskipti með losunarheimildir en þann 30. júní mun skráningarkerfi ETS opna fyrir aðgang fyrirtækja og einstaklinga sem óska þess að geta keypt og selt heimildir. - shá

Eldsvoði í fámennum vagni:

# Strætó ónýtur eftir eldsvoða

**ELDSVOÐI Strætisvagn er talinn ónýtur eftir að eldur kom upp í vélarrúmi hans í gærmorgun. Fáir farþegar voru í vagninum þegar eldurinn kom upp og komust allir út úr honum á heilu og höldnu.**

**Strætisvagninn var á gatnamótum Bíldshöfða og Breiðhöfða þegar eldsins varð vart rétt eftir klukkan níu í gærmorgun. Farþegar og bílstjóri komust út úr vagninum og var annar strætisvagn sendur á staðinn til að sækja þá farþega sem ekki höfðu komið sér sjálfir af staðnum.** - þeb

Hagstofa Íslands hefur birt þjóðhagsreikninga fyrir fjórða ársfjórðung 2011. Hagvöxtur eins og búist var við:

# Hagvöxtur mældist 3,1 prósent árið 2011

**EFNAHAGSMÁL** Landsframleiðsla jókst um 1,9 prósent að raungildi milli þriðja og fjórða ársfjórðungs 2011. Þar með er ljóst að hagvöxtur á árinu 2011 var 3,1 prósent. Markar vöxturinn viðsnúning frá síðustu árum en hagkerfið dróst saman um 4 prósent á árinu 2010 og 6,8 prósent árið 2009.

Hagstofa Íslands birti tölur um landsframleiðslu á fjórða ársfjórðungi 2011 á föstudag. Tölurnar eru í takt við nýjustu spár um þróun hagkerfisins á síðasta ári. Þannig hafði Seðlabankinn spáð 3,0 prósent vexti og ASÍ 3,1 prósent vexti.

**4%** Aukning á einkaneyslu var um fjögur prósent á síðasta ári.

Hagvöxtur ársins 2011 skýrist að mestu af vexti einkaneyslu um 4 prósent eftir samdrátt síðustu þrjú árin á undan. Í Morgunkorni Greiningardeildar Íslandsbanka frá því í gær kom fram að einkaneysla sé nú nánast sú sama að raungildi og árið 2004.

Þá jókst fjárfesting um 13,4 prósent á síðasta ári þrátt fyrir að hið opinbera hafi dregið úr fjárfestingum um 17,6 prósent. Skýrist aukningin einkum af fjárfestingum í stóriðju- og orkuverum, auk fjárfestinga í skipum og flugvélum.

Þjóðarútgjöld jukust meira en sem nam hagvexti, eða um 4,7 prósent að raungildi. Í því felst að innflutningur jókst meira en útflutningur á árinu eða um 6,4 prósent á móti 3,2 prósentum. - mþl

**Vísitala landsframleiðslu**




Jafnlaunaúttekt PwC:

# Verkís fyrst til að fá gullmerki

**JAFNRÉTTISMÁL** Verkís er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem hlýtur Gullmerkið í jafnlaunaúttekt Pricewaterhouse Cooper (PwC). Fram kemur í tilkynningu að úttektin greini kynbundinn launamun innan fyrirtækja.

„Verkís fékk engar athugasemdir við úttektina og þurfti ekki að gera neinar úrbætur eða breytingar til þess að hljóta Gullmerkið,“ segir í tilkynningu Verkís. Til að hljóta Gullmerkið þarf launamunur innan fyrirtækja að vera innan við 3,5 prósent, en hjá Verkís var munurinn um 2,0 prósent.

Haft er eftir Sveini Inga Ólafssyni, framkvæmdastjóra Verkís, að innan fyrirtækisins sé litið á Gullmerkið sem viðurkenningu á þeirri jafnréttishugsun sem sé hluti af menningu Verkís og endurspegli gildi fyrirtækisins. - óká

SKÓ MARKAÐUR


Teg. 1611
St. 36-40 Verð 12.995.-


Teg. 8670
St. 41-46 Verð 8.995.-


Teg. 9876
St. 41-46 Verð 11.995.-

facebook.com/xenaskoverslun

Opið
mánud-föstud. 11-18
laugard. 11-16

xena
Grensásvegur 8
Sími: 517 2040



Fimm rétta
HOLI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

FORRÉTTUR

Masala tígrisrækjur
*Pönnusteiktar tígrisrækjur með gómsætri blöndu af sinnepsfræjum, karrílaufblöðum, kóríander og chillí*

AÐALRÉTTIR

Gulabi Gosht
*Lambafillet marinerað í garam masala, engiferi, rósarblöðum, hvítlauk og kasjúhnetum. Grillað í tandoori-ofninum*

og

Tikka Masala kjúklingur
*Grillaðar kjúklingalundir í mildri sósu með kókos, tómötum, rjóma, kasjúhnetum og heimalagaðri kryddblöndu*

og

Gobi Mattar
*Ljúffeng blanda af baunum og blómkáli í kóríander, lauk, engiferi og hvítlauk*

MEÐLÆTI

Raitha
*Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum*

og

Basmati-hrísgrjón

og

Naan
*Indælis brauð úr tandoori-ofninum*

EFTIRRÉTTUR

Kulfi
*Heimalagaður ís úr pistasíuhnetum og saffrani*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

HOLI-hátíð
á Austur-Indíafjelaginu
*– gleði, litir og dásamlegur matur*

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í mars á hreint frábæru verði: **4.990 kr**.

***Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.***
***Borðapantanir í síma 552 1630.***




*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Úrbætur á kerfinu eru mikilvægari en réttarhöld.

## Umbótaáætlun fellur í skuggann

Athygli almennings beinist þessa dagana að Þjóðmenningarhúsinu, þar sem vissulega fara fram söguleg réttarhöld fyrir Landsdómi. Segja má að vitnaleiðslurnar séu gagnleg upprifjun á ýmsu sem áður var komið fram, ekki sízt í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar hafa hins vegar ekki komið fram neinar upplýsingar sem varpa nýju ljósi á einhverja þætti bankahrunsins.

Sjaldgæft hlýtur að vera í réttarhöldum að ákæruvaldið leiði fram jafnmörg vitni án þess að vart verði við að vitnisburður þeirra styðji ákæruna. Málareksturinn fyrir Landsdómi undirstrikar hversu afkáralegt og fráleitt það var að ákæra Geir H. Haarde einan fyrir það sem aflaga fór í aðdraganda hruns. Vitnaleiðslurnar sýna þvert á móti fram á að fjármálakerfið, eftirlitið með því og stjórnkerfið sem halda átti utan um það var gallað og sjúkt. Ekki er hægt að draga einn mann til ábyrgðar fyrir það.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það vill stundum gleymast, en þingmannanefndin sem lagði til að Geir og þrír aðrir ráðherrar yrðu ákærðir skilaði jafnframt af sér skýrslu með tugum tillagna að umbótum á stjórnsýslu og löggjöf. Þeim var ætlað að stuðla að því að áfall á borð við bankahrunið endurtaki sig ekki. Alþingi samþykkti með 63 samhljóða atkvæðum þingsályktun byggða á skýrslunni, þar sem kveðið er á um meiri háttar endurskoðun á að minnsta kosti fimmtán lagabálkum, sjálfstæðar rannsóknir á lífeyrissjóðum, sparisjóðum, Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum og stofnun sjálfstæðrar ríkisstofnunar sem fylgist með þjóðhagsþróun.

Kastljósið beinist nú að Landsdómi, en þessi mikilvæga umbótaáætlun fellur í skuggann. Um hana hefur lítið sem ekkert verið fjallað eftir að hún var samþykkt. Í september 2010 dró Fréttablaðið saman umbótatillögur þingmannanefndarinnar í 60 liðum. Þá var hér á þessum stað hvatt til þess að Alþingi og ríkisstjórn settu fram verkefnalista samkvæmt þingsályktunartillögunni með skýrum og skilmerkilegum hætti og gerðu almenningi reglulega grein fyrir því hvernig gengi að hrinda verkefnunum í framkvæmd.

Þetta hefur ekki verið gert. Þvert á móti hefur reynzt torvelt fyrir fjölmiðla að nálgast heildaryfirlit um hvernig gengur að hrinda umbótaáætluninni í framkvæmd. Forsætisnefnd Alþingis, stjórnlaganefnd og forsætisráðherra bera samkvæmt þingsályktunartillögunni ábyrgð á verkefninu og nefnd á vegum Alþingis á að hafa eftirlit með að umbótunum sé hrint í framkvæmd. Úrbótunum á að vera lokið 1. október 2012, eftir sex mánuði. Það er ekki langur tími til að klára stórt verkefni sem litlar upplýsingar liggja fyrir um hvernig stendur.

Það er tímabært að Alþingi og ríkisstjórnin upplýsi hvernig gengur að koma lagaramma og siðareglum í það horf að ráðin hafi verið bót á ýmsum þeim kerfiságöllum, sem samkvæmt rannsóknarskýrslunni áttu þátt í hruninu. Eins og Alþingi ályktaði er mikilvægt að „allir horfi gagnrýnum augum á eigin verk og nýti tækifærið sem skýrslan gefur til að bæta samfélagið."

Þessi vinna skiptir margfalt meira máli fyrir framtíðina en réttarhöldin við Hverfisgötuna. Það er því tímabært að kastljósið beinist að henni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Borgarholtsskóli
BHS
bókmennt • handmennt • siðmennt

**Borgarholtsskóli**

**Opið hús á morgun 14. mars kl. 17–19**

**Á morgun, miðvikudaginn 14. mars kl. 17–19, er nemendum 10. bekkjar og forráðamönnum boðið að skoða Borgarholtsskóla.**

Nám og félagslíf verður kynnt. Kennslustjórar og náms- og starfsráðgjafar veita upplýsingar og nemendur skólans spjalla við gesti. Húsnæði skólans sýnt og skemmtilegar uppákomur á vegum nemenda.

**Verið velkomin.**

***Skólameistari***

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Dómgreindin

„Ég treysti dómgreind þáverandi forstjóra FME," segir Ársæll Valfells, lektor við Háskóla Íslands, sem hefur blandast inn í lögreglurannsókn á upplýsingamiðlun Gunnars Andersen til DV. Ársæll lýsir atburðarásinni efnislega þannig að dularfullur maður hafi óforvarendis birst á dyrapallinum hjá honum með böggul í hönd merktan Gunnari. Ársæll var líklega alveg forviða á þessu og hringdi þess vegna í Gunnar, sem bað hann að koma bögglinum á DV – sem aftur vann upp úr honum fréttir um Guðlaug Þór Þórðarson. Ársæll spurði einskis heldur gerði bara eins og honum var sagt. Ef eitthvað er að marka þessa frásögn hlýtur Ársæll Valfells að vera minnst tortryggni Íslendingurinn.



### Í sömu götu

„Ég held að ég hafi tvisvar farið heim til hans, við eigum heima í sömu götu sko," sagði Sigurjón Árnason fyrir Landsdómi, spurður um fundi hans með Geir Haarde árið 2008. Það gæti hafa farið svona fram:



### Örleikrit úr Granaskjóli

„Hæ Inga, er Geir heima?" „Já, bíddu. Geir! Það er verið að spyrja eftir þér." „Hver er?" „Sigurjón í Landsbankanum." „Ókei, ég er að koma… Hæ, Sigurjón." „Hæ. Viltu vera memm?" „Að gera hvað?" „Bara, ræða stöðu bankanna." „Inga! má Sigurjón koma inn að ræða stöðu bankanna?" „Já, en bara í smá stund. Það er matur eftir hálftíma." „Já, já, við verðum fljótir." „Hérna – Geir, helldurðu að ég megi kannski vera í mat?"

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Svarað fyrir Saari

Samfélagsmál



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Helgi Seljan fréttamaður fór þess á leit við Þór Saari alþingismann í Kastljóssþætti á dögunum að alþingismaðurinn bæðist afsökunar á því að vilja réttlæta níðingsverk með reiði skuldara vegna hrunsins og vanefnda stjórnvalda. Örvinglað fólk sé bara „að boxa til baka". Þór hefur nú orðið við þeirri beiðni. En Helgi Seljan ætti að líta sinni stétt nær. Er þetta ekki einmitt það, sem hún hefur ítrekað daðrað við?

Var það ekki RÚV sem gerði hvað mest úr því þegar „svindlari", eins og Helgi sjálfur kallaði „viðfangsefnið", eyðilagði eigur annarra með velgrfðu undir sjónvarpsmyndavélum eftir að hafa haft milljónir af saklausu fólki með svikum? Var það ekki RÚV, en ekki bara Þór Saari, sem notaði þessa atburði sem dæmi um hina réttlátu reiði, sem skuldarar hefðu alið með sér? Og hvað um fjölskylduna á Suðurnesjum, sem keypt hafði raðhús og tvo nýja bíla, allt í skuld, og var komin í vanskil löngu fyrir hrun? Var það ekki RÚV, sem hvað hæst barði bumburnar í túlkun sinni á því hrikalega óréttlæti, sem þessi fjölskylda þyrfti að mæta í eftirmála hrunsins? Ekki man ég betur.

Þegar betur var að gáð kom hins vegar allur annar sannleikur í ljós en sannleikur fréttastofanna – í báðum tilgreindum tilvikum. Lítið fór hins vegar fyrir þeirri frásögn í fréttunum. Og náttúrlega var engrar afsökunar beðist – eða hvað? Slík dæmi um óvandaða fréttamennsku eru legíó. Og hvað um látlausan áróður í föstum fréttaskýringaþáttum sjónvarps- og útvarpsstöðva til upphafningar á reiði og til afbötunar á ofsa og hamsleysi jafnt í orðum sem athöfnum í skjóli hrunsins og „vanefnda" stjórnvalda? Margir þeirra, sem lengst gengu í gagnrýnislausri upphafningu á gleypigangi og rembilæti vanhæfu gróðapunganna fyrir hrun kynda nú sem mest þeir mega elda reiði, haturs og heiftrækni. Einn þáttastjórnenda sjónvarpsstöðvanna orðaði það svo á dögunum á fésbókarsíðu sinni að e.t.v. væri „meðvirknin með reiðinni" orðin of mikil. Bragð er að þá barnið finnur.

Ætli þeir séu ekki fleiri en Þór Saari sem þyrftu að biðjast afsökunar á „meðvirkninni"?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Haminngjan sanna!

HEILSA



Teitur Guðmundsson
læknir

Flest erum við að leita að hamingju, vellíðan og jákvæðu hugarfari og hafa ýmsar rannsóknir verið gerðar í gegnum tíðina til að reyna að varpa ljósi á það hvernig við öðlumst hana. Við sem erum eldri en tvævetur vitum að það kemur margt til og engin töfralausn fyrir þá sem ekki njóta lífsins.

Þar sem hamingjan er skilgreind sem ástand eða líðan með jákvæðum tilfinningum sem geta verið frá ánægju til ofsagleði og er samsafn líffræðilegra, samfélagslegra, trúarlegra og heimspekilegra þátta gefur auga leið að við eigum erfitt með þetta hugtak. Þá er augljóst að einstaklingar hafa mismunandi skilning og upplifun og því verður öll umræða um hamingju mjög flókin og raunverulega óskiljanleg.

Þekkt er í læknavísindum að ýmsir sjúkdómar hafa áhrif á líðan, þeirra þekktastir eru þunglyndi og kvíði, streita getur einnig haft mikil áhrif en birtingarmynd hennar er okkur stundum hulin. Samskipti okkar, fjárhagslegt sjálfstæði og ekki síst fjölskylda, vinir og kunningjar leika ríkt hlutverk í því hvernig okkur líður. Þá má ekki gleyma vinnu, skóla og öðrum slíkum þáttum.

Tökum nokkur dæmi um það hvernig við getum sjálf haft áhrif á líðan okkar;

Hlustum á tónlist sem lætur okkur líða vel og tengist jákvæðum minningum. Reynum að lesa bækur og draga úr notkun sjónvarps og tölva. Fáum nægan svefn. Borðum feitan fisk og hnetur sem eru ríkar af omega 3-fitusýrum og vinna gegn hjarta og æðasjúkdómum.

Borðaðu flókin kolvetnasambönd eins og gróft brauð, pasta og haframjöl en þau auka vellíðunarefnið serotonín í heila- og taugafrumum. Þá hafa þau jákvæð áhrif á blóðsykursstjórnun.

Appelsínur og sítrusávextir eru ríkir af C-vítamíni, draga úr streituhormónum og styrkja ónæmiskerfið á sama tíma. Þá er gott að muna eftir spínati sem er ríkt af magnesíumi og járni auk A-vítamíns.

Ég gæti auðvitað haldið áfram endalaust að benda ykkur á heilsusamlegt fæði en ekki má gleyma hreyfingunni sem er ekki síður mikilvæg og verður að vera reglubundin. Rannsóknir hafa sýnt að æfingar sem reyna á hjartað í 30-40 mínútur í einu 3-4 sinnum í viku auka losun endorfína sem kalla mætti fíkniefni líkamans, draga úr blóðþrýstingi, auka brennslu og á þennan hátt vellíðan.

Gefum okkur tíma til samveru og reynum eftir fremsta megni að draga úr neikvæðri streitu, hlæjum saman og förum út á meðal fólks ef þess er nokkur kostur. Vísindamenn í BNA sýndu fram á það að hitta ókunnuga, jafnvel bara stutta stund, myndi auka vellíðan einstaklinga til muna.

Gott skap er smitandi og reyndu að vera jákvæð/ur og sjá björtu hliðarnar, jafnvel þótt það geti reynst afar erfitt á stundum. Þetta á sérstaklega við um yngra fólk, því sýnt hefur verið fram á það að eldri einstaklingar dragi fremur fram jákvæðar hliðar lífsins en þeir yngri.

Hættu að reykja, þú ert bara önug/ur á meðan á því stendur, í kjölfarið líður þér betur en áður og hefur ekki samviskubit yfir svo heimskulegri iðju sem reykingar eru.

Notaðu áfengi í hófi og ekki ánetjast fíkniefnum!

Láttu fylgjast með almennri heilsu þinni og stundaðu þær forvarnir sem mögulegar eru í baráttunni við sjúkdóma, mein og hrörnun.

Þetta hljómar allt mjög einfalt svona á blaði, en vittu til, þú ræður því sjálfur hvernig þér líður og hamingjan sanna ef það er ekki mikils virði!



Rýmum fyrir garðhúsgögnunum og seljum öll leðursófasett, hvíldarstóla, sófaborð og borðstofuborð með miklum afslætti næstu daga.

Allt á að seljast!

Signature húsgögn
Opið:
Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16
Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

# Kvartsannleikur Landsvirkjunar

Rammaáætlun



Gísli Sigurðsson
íslenskufræðingur

Álframleiðendur og Landsvirkjun tjalda nú öllu sem til er í von um að Rammaáætlun komist í gegnum Alþingi óbreytt. Hagfræðistofnun HÍ var fengin til að reikna út hlut áls í útflutningi og landsframleiðslu að viðbættum afleiddum störfum. Það láðist að borga fyrir útreikninga á þjóðhagslegri hagkvæmni og hve háu verði störf í áliðnaði væru keypt. Því voru tölur um þau atriði ekki lagðar fram um leið.

Forstjóri Landsvirkjunar fullyrðir að lífríki Þjórsár hafi verið rannsakað áratugum saman og nú sé málið komið úr hinum faglega farvegi rammaáætlunar og í flokkspólitískt karp á þingi. Allt eru þetta tómar blekkingar til að drepa því aðalatriði málsins á dreif að engin rannsókn hefur farið fram á því sem mestu máli skiptir: hvaða áhrif virkjanir í Þjórsá hafa á göngufiska, lax og sjóbirting. Vitnað er í getgátur um það efni og vonast til að ný tækni við seiðaveitur eða einhverjar aðrar aðferðir sem reyndar hafa verið í heiminum til að bjarga niðurgönguseiðum og -fiskum framhjá stíflum í ám. Síðastliðið haust kom hingað til lands líffræðingur frá stofnun í Bandaríkjunum sem rannsakar þessi áhrif sérstaklega og upplýsti á opnum fundi í Háskóla Íslands, að viðstöddum fulltrúa Landsvirkjunar og Veiðimálastofnunar, að sú tækni væri ekki til sem gæti bjargað göngufiskum frá hruni þegar vatnaleiðir þeirra væru stíflaðar. Ekkert vit væri heldur í því að horfa framhjá skerðingu búsvæða upp á 80-90% og mæla eingöngu hve mörg seiði lifðu af ferðalagið frá því fyrir ofan stíflu og rétt niður fyrir hana – af því broti af seiðunum sem fyndi leiðina yfirhöfuð. Jafnvel þótt seiðin væru að nafninu til lifandi löskuðust þau svo mikið að þeim væri bráður bani búinn á næstu dögum og vikum.

Búsvæði og lífríki ánna gjörbreyttist við mannvirkin og því væri eina marktæka mælingin á áhrifum mannvirkja að mæla endurkomu fullvaxinna fiska í ána eftir stíflugerð. Þær mælingar sýndu undantekningarlaust hrun fiskstofna. Í besta falli gætu allar mótvægisaðgerðir aðeins forðað alhruni svo næmi nokkrum prósentustigum. Framhjá þessum ótvíræðu niðurstöðum geta verkfræðingar Landsvirkjunar ekki litið með bjartsýnisgljáa í augum vegna þess að nú verði notuð nýrri og betri tækni en nokkru sinni fyrr — og bæta svo við neðanmáls að það verði spennandi að fylgjast með árangrinum þegar búið verði að virkja og eyðileggja megnið af búsvæðunum í ánni. Metnaður Landsvirkjunar til að taka heimsforystuna í þróun tækninýjunga við stíflugerð og seiðaveitur er það sem kallast ofmetnaður — og mun kosta göngustofna í Þjórsá lífið hvort sem nýjustu tæknibrellurnar reynast eitthvað skár eða jafn illa og allar hinar.

> Framhjá þessum ótvíræðu niðurstöðum geta verkfræðingar Landsvirkjunar ekki litið með bjartsýnisgljáa í augum vegna þess að nú verði notuð nýrri og betri tækni en nokkru sinni fyrr…

## Málefni fatlaðs fólks í alþjóðlegu ljósi

**Málþing um skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Alþjóðabankans um fötlun - (World Report on Disability)**

Grand Hóteli Reykjavík
Fimmtudaginn 15. mars 2012 kl. 13.15 - 16.30

**Fyrri hluti málþingsins verður á ensku (rit- og táknmálstúlkaður)**

13.15 - 13.20 **Setning**
Lára Björnsdóttir fundarstjóri
13.20 - 13.30 **Ávarp**
Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra
13.30 - 14.30 Kynning á alþjóðaskýrslunni um fötlun (World Report on Disability)
Tom Shakespeare, sérfræðingur hjá WHO
**Fyrirspurnir og umræður**
14.30 - 15.00 **Kaffihlé**



*Tom Shakespeare*

**Seinni hlutinn verður á íslensku (rit- og táknmálstúlkaður)**

15.00 - 16.30 **Hvaða þýðingu hefur alþjóðaskýrslan um fötlun fyrir Ísland?**
**Stutt innlegg og umræður**

1. Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur í forsætisráðuneytinu
2. María Rún Bjarnadóttir, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu
3. Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu
4. Geir Gunnlaugsson, landlæknir
5. Gerður A. Árnadóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar
6. Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands
7. Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands

**Allir velkomnir. Ekkert þátttökugjald.**

Forsætisráðuneytið — Innanríkisráðuneytið — Velferðarráðuneytið — Embætti landlæknis Directorate of Health
Háskóli Íslands Félagsvísindasvið — Mannréttindaskrifstofa Íslands Icelandic Human Rights Centre — Öryrkjabandalag Íslands — Landssamtökin Þroskahjálp




# Auðvelt að kaupa Ísland

**Erlendar fjárfestingar**

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Kínversk fjárfestingarfyrirtæki vildu nýlega kaupa Grímsstaði á Fjöllum eins og flestir vita. Um var að ræða þrjú hundruð ferkílómetra land. Hugmyndin var að reisa hótel og ferðamannabústaði. Jafnframt var látið fylgja með að áhugi væri á því að styrkja flugbraut sem þarna væri að finna. Kaupverðið var milljarður.

Kínverjar eru ekki einir í landvinningahugleiðingum. Eftirfarandi fréttafrásögn var á vefmiðlinum Pressunni í vikunni sem leið: *„Fjórir rússneskir auðjöfrar fóru í viðamikla skoðunarferð á þyrlu í síðustu viku. Tilgangurinn var að skoða hentugar jarðir til að kaupa. Ferð þeirra var skipulögð í smáatriðum. Fjórmenningarnir leigðu þyrlu til að fá sem best útsýni og ná sem mestri yfirferð um Suðurland og segir í Sunnlenska að þeir hafi skoðað jarðir í Biskupstungum, Reykjanesi og Rangárvallasýslu. Rússnesku auðjöfrarnir fóru héðan til Alaska til að skoða jarðir þar.“*

Bæði Kína og Rússland standa utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Þess vegna geta hvorki Kínverjar né Rússar umyrðalaust keypt upp landið. Lagaskorður eru þarna enn til varnar en þyrftu að vera mun víðtækari.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþingiskona hefur sett fram þingmál um að slíkar skorður verði reistar gagnvart fulltrúum erlendra stórvelda og erlendum kaupspekúlentum, einnig frá hinu Evrópska efnahagssvæði, með það að leiðarljósi að halda eignarhaldi á landi í íslensku samfélagi.

### Ísland allt á 400 milljarða?

Auðkýfingum og stórveldum myndi reynast Ísland auðkeyptur biti ef engar fyrirstöður væru í lögum eða hugarfari. Samkvæmt reiknireglunni frá Grímsstöðum færu þúsund ferkílómetrar á þrjá milljarða, eða eigum við að segja fjóra. Í framhaldinu mætti ætla að Ísland allt gengi á fjögur hundruð milljarða. Eigum við kannski að vera varfærin og tvöfalda þá upphæð eða jafnvel fjórfalda og rúmlega það og segja tvö þúsund milljarða? Það eru talsverðir peningar fyrir íslenska bændur en smáaurar þegar stórir stórveldahagsmunir eru í húfi. Það vita heimsveldin, sem hugsa hundrað ár fram í tímann, en búa nú í haginn fyrir framtíðina með því að koma upp litlum sjálfbærum nýlendukjörnum víðs vegar um heiminn innan landamæra gamalgróinna ríkja; kjörnum með allt til alls. Jafnvel eigin flugvelli. Auðmenn og fjárfestingarsamsteypur á höttunum eftir jarðnæði og auðlindum og þá sérstaklega vatninu – gulli framtíðarinnar – kunna líka á slíka langtímahugsun.

En hvað með Íslendinga? Ræður skammtíma gróðahugsun ennþá för? Getur það verið? Nánast sama hvert litið er í heiminum nú um stundir; nánast alls staðar eru erlend ríki að reisa skorður við jarðnæðissölu út fyrir eigin landamæri. Hér á okkar íslandi telja alltof margir hins vegar að allt standi og falli með því að fá eitthvað gert í snarhasti, bara eitthvað, þess vegna hótel og hví ekki hótel með flugvelli? En hótel verða ekki rekin, hvorki á Grímsstöðum á Fjöllum né annars staðar án hótelgesta og það margra.

### Einsemdin í Herðubreiðarlindum á stórmarkað?

Sjá menn það kannski fyrir sér að selja öllum þúsundunum einsemdina í Herðubreiðarlindum? Hvað þola þær? Væri ekki ráð að gefa sér stund til að hugleiða afleiðingar ráðagjörða sinna, sérstaklega hinna stórbrotnari? Fyrir lítið samfélag og viðkvæmt land er ekki allt fengið með stærð og fjölda. Hið gagnstæða gæti reynst gæfudrjúgra: Að leggja áherslu á jafnvægi og sátt við náttúru og samfélag.

Svo er það allt önnur saga að á Íslandi eru nógir peningar. Peningahirslur fjármálastofnana eru að springa.

Þá er það hugarfarið. Þótt breyta þurfi reglum og lögum nægir það ekki eitt. Ef við ætlum ekki að láta taka af okkur landið verðum við að hafa trú á eigin getu. Uppbygging tuttugustu aldarinnar réðst af slíkri afstöðu. Yfirráð yfir landi og auðævum varðar hagsmuni okkar sem samfélags og þjóðar um ókomin tíma. Þess vegna verðum við að virkja vitsmuni okkar og sýna fyrirhyggju.

Svo er það allt önnur saga að á Íslandi eru nógir peningar. Peningahirslur fjármálastofnana eru að springa. Spurningin snýst um það eitt að koma fénu á beit.

# Rammpólitísk áætlun

**Rammaáætlun**

Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI



Seint á tíunda áratug síðustu aldar var sett af stað umfangsmikil vinna sérfræðinga við gerð svokallaðrar rammaáætlunar, sem flokkar mögulega virkjanakosti á Íslandi til langrar framtíðar. Suma staði á klárlega að vernda. Aðra má hugsanlega nýta, þá að undangengnu umhverfismati og að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Hugmyndin að baki rammaáætluninni var að láta fara fram ítarlegt og faglegt mat á hartnær öllum möguleikum til nýtingar vatnsafls og jarðvarma, þar sem ólík sjónarmið yrðu vegin saman, með bestu vísindalegu og hlutlægu aðferðum sem í boði væru. Umhverfissjónarmið, náttúruvernd, tæknilegir möguleikar, hagkvæmni, jarðfræði, áhrif á byggðir, ferðamennsku og útiveru, allir þessir þættir skyldu krufnir saman. Þannig mætti fá sameiginlega og skýra niðurstöðu til langrar framtíðar, óháð pólitískum meirihluta á hverjum tíma, um hvar mætti hugsanlega beisla ónýtt afl, en hvar ekki. Ljóst var í upphafi að slík niðurstaða, hvernig sem hún liti út að lokum, yrði málamiðlun ólíkra sjónarmiða og að engin niðurstaða yrði fullkomlega á allra skapi.

En þarna átti þó að ná niðurstöðu eftir ríka greiningu fjölda fagfólks, eftir langt og opið ferli. Að niðurstöðunni fram kominni gætu orkufyrirtæki, sveitarfélög og iðnfyrirtæki mótað áætlanir til langrar framtíðar, skapað stöðugleika í framkvæmdum og forðast boðaföll, sem við þekkjum allt of vel úr íslenskri hagsögu. Landsnet gæti aukið nýtingu og hagkvæmni í kerfi sínu og fyrirtækið hefði skýrari forsendur um framkvæmdir og staðsetningu orkuöflunar fram í tímann. Þessi faglega langtímanálgun naut stuðnings allra stjórnmálaflokka vel á annan áratug.

### Reimleikar í skjalagerðinni

Í febrúar árið 2010 sagði forsætisráðherra á Viðskiptaþingi að nú lægi á að rammaáætlunin, sem hefði verið í smíðum svo lengi og kostað á annan milljarð króna, kæmi til meðferðar á Alþingi. Fyrr yrði ekki ráðist í ný orkuverkefni. Í júlí 2011 komu hin endanlegu faglegu drög loks fram. Hafði þá þegar verið tekið tillit til fjölmargra ábendinga, fyrst og fremst um umhverfismál. Haustið 2011 settu umhverfis- og iðnaðarráðherra fram breytt drög, sem var stílbrot við hið faglega grunnstef ferlisins. Var engu líkara en pólitískur draugagangur hefði herjað á framlag sérfræðinganna. Nokkrir virkjanakostir, sem höfðu fengið hátt nýtingargildi og lágt verndargildi hjá sérfræðingunum, höfðu horfið úr nýtingarflokki með dularfullum hætti en framliðnir skotið upp kollinum í bið- eða verndarflokkum.

Enn hefur rammaáætlunin ekki verið lögð fyrir Alþingi, heldur dvelur hún langdvölum bak við luktar pólitískar dyr. Síðastliðinn föstudag átti loks að leggja fram áætlunina í ríkisstjórn, en frá því var horfið á síðustu stundu. Nú um helgina sagði forsætisráðherra að flytja ætti fleiri fullrannsakaða virkjanakosti úr nýtingarflokki í biðflokk, vegna nýrra athugasemda eins og það var útskýrt, sem þyrfti að skoða í um tvö ár í viðbót.

Vegna hins opinbera pólitíska ágreinings sem ríkir innan meirihlutans um ýmsa virkjanakosti, t.d. í neðrihluta Þjórsár, þarf nokkra trúgirni til að fallast á að frekari færslur úr nýtingarflokki séu tilkomnar vegna óvæntra faglegra sjónarmiða, meðal annars á kostum sem þegar hafa staðist umhverfismat. Forsætisráðherra mætti endilega lesa upphátt á næsta ríkisstjórnarfundi úr ræðu Steingríms J. Sigfússonar á Alþingi frá 22. nóvember 2005, þegar hann sagði: „Neðri virkjanirnar í Þjórsá eru mjög hagkvæmar vegna þess að þær nýta alla miðlunina sem fyrir er ofar í Þjórsársvæðinu. Núpavirkjun og síðan Urriðafossvirkjun eru að vísu ekki án umhverfisfórna. Það þarf vissulega að fara vel yfir það, en að breyttu breytanda eru þær mjög eðlilegur virkjunarkostur áður en menn ráðast í ný og ósnortin svæði.“

Í ljósi nýjustu hrossakaupa dregur úr líkum á að hinn þverpólitíski stuðningur við áætlunina verði varanlegur.

### Stefnir í öruggan Pyrrhosarsigur

Tilgangurinn með hinu langvinna rannsókna- og umsagnaferli var að láta afraksturinn standa til langs tíma, en ekki feykjast eftir því hvernig pólitískir vindar blésu hverju sinni. Í ljósi nýjustu hrossakaupa dregur úr líkum á að hinn þverpólitíski stuðningur við áætlunina verði varanlegur. Nýir meirihlutar á Alþingi munu varla una áætlun sem er útötuð í pólitískum fingraförum gamalla ríkisstjórna. Hringl með virkjanakosti inn og út úr nýtingarflokki blasir þá við á ný. Þeim sem vilja helst setja nær alla kosti í verndarflokk virðist vera að takast að sveigja rammaáætlunina með handafli frá hinni faglegu niðurstöðu. Ekki er líklegt að það geri málstað þeirra mikinn greiða til langframa.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



TILBÚNIR Í SLAGINN
Arnar Þórðarson þjálfari og Elvar Karl Bjarkason munda kylfurnar. Í fjarska sést Atli Þór Hannesson í marki.
MYND/HAG

# BANDÝ BYGGIST Á HRAÐA OG TÆKNI

*Í HK Í KÓPAVOGI er starfrækt bandýlið sem er það eina sem er með fastmótað starf undir formlegum merkjum íþróttafélags. Arnar Þórðarson þjálfari vonast til að íþróttin festi sig í sessi hér á landi.*

Íþróttin bandý er vinsæl víða um heim, sérstaklega á Norðurlöndum, enda er íþróttin upprunnin í Svíþjóð. Hún var búin til í kringum 1970 af hokkíleikmönnum sem vildu halda sér í formi á sumrin," segir Arnar Þórðarson, þjálfari bandýdeildar HK í Kópavogi.

Bandý, sem kallast „floorball" á ensku, á sér ekki langa sögu á Íslandi. Þó þekkja eflaust margir til þess úr íþróttatímum í grunnskólum. „Hópurinn okkar hafði starfað á eigin vegum frá 2004 en gekk inn í Handknattleiksfélag Kópavogs, HK, haustið 2010," segir Arnar og telur að liðið sé það eina með fastmótað starf undir formlegum merkjum íþróttafélags á Íslandi. „Nokkur önnur lið stunda æfingar undir eigin merkjum og svo er bandýnefnd innan ÍSÍ á landsvísu," segir hann.

En út á hvað gengur bandý? „Bandý er ekki ósvipað íshokkíi nema það er spilað innanhúss, án varnarbúnaðar og við notum aðeins innanhússkó og kylfur. Völlurinn er afmarkaður af böttum og mörkin eru

FRAMHALD Á SÍÐU 2



YOGA
LÓTUS YOGASETUR
Byrjendanámskeið
hefst 19. mars
Ásta Arnardóttir asta@this.is
s: 8626098 www.this.is/asta

Eirberg

Verð: 7.950 kr.
Fjölþrepa bakbrettið
Teygir á hrygg og bakvöðvum
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

NÝR LITUR - FRÁBÆRT SNIÐ

Teg 11001 - heldur vel og fer vel, fæst í C, D, E skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Vatteraðir jakkar


fást í 5 litum Svörtu, rauðu, ljós lime, fjólubláu, og kónabláum
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lau. 11–14


Stuðnings stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0 – 45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225 – 307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

NÝ Sending
af sportklæðnaði
Útsalan að klárast
enn meiri lækkun



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

**EITUR EÐA LÍFSINS ELEXÍR**

Fjöldi rannsókna sýnir að kvikasilfur er skaðlegt heilsu fólks. Á öldum áður notuðu menn það aftur á móti í heilsubótarskyni. Í Kína, Indlandi og Tíbet var kvikasilfur talið lengja líf, laga beinbrot og halda mönnum við góða heilsu. Rómverjar notuðu kvikasilfur í snyrtivörur og Forn-Grikkir í smyrsl. Í upphafi 20. aldar nudduðu menn húð sína með kvikasilfri og feiti til að losna við lús. Víða um heim er nú unnið að því að takmarka eða banna notkun kvikasilfurs í vörum.

Heimild: wikipedia.org og norden.org



Fermingartilboð
Dúnsæng
100% dúnn
100% bómull
engin gerfiefni
ekkert fiður
790 grömm
áður 33.490 kr
nú 24.990 kr



Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

Fyrir fermingarveisluna
Ný sending af kjólum
í st 38-50
Ótrúlegt úrval





FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Vertu vinur

# SKÁKIN Á MARGA LEYNDARDÓMA

**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR** *alþingismaður hefur fylgst með Reykjavíkurmótinu í skák í Hörpu en síðasti dagur þess er í dag. Hún er ákveðin í að kenna börnum sínum skák þegar þau ná réttum aldri.*

Guðfríður Lilja var forseti Skáksambands Íslands 2004-2008 og forseti Skáksambands Norðurlanda 2006–2008. Hún var ung farin að tefla en í þá daga voru skákstúlkur fáar. „Mér þykir frábært þegar stór skákmót eru haldin, þetta er einstaklega flottur viðburður. Mjög fjölbreyttur hópur skákmanna er saman kominn í fallegu umhverfi, eins og skákin á skilið. Skákmenn á öllum aldri og frá öllum heiminum," segir Guðfríður.

Hún bætir því við að skákmót sé hvatning fyrir fólk á öllum aldri, sérstaklega til að vekja athygli ungmenna á skák. „Keppendur og áhugamenn fá þarna tækifæri til að komast í kynni við sterkustu skákmenn og -konur heimsins. Skákin er alþjóðlegt tungumál með einföldum reglum. Það þarf ekki að kunna ensku eða önnur tungumál til að tefla eða fara yfir skák."

**Á MARGA LEYNDARDÓMA**

„Styrkur skákarinnar fyrir börn og unglinga er einmitt hversu reglurnar eru einfaldar en um leið opnast heimur sem getur tekið alla ævina að skilja. Skákin á marga leyndardóma," segir Guðfríður Lilja.

Þegar hún er spurð hvort skákíþróttin sé góð fyrir börn svarar hún því játandi. „Skákin er holl íþrótt og margvíslegar rannsóknir hafa sýnt fram á það. Hún eflir einbeitingu, rökhugsun og sköpunargleði. Börn sem tefla eru betur í stakk búin til að taka erfiðar ákvarðanir því þau þurfa alltaf að finna leik á taflborðinu. Þolinmæði er einnig eiginleiki sem skákmenn læra. Í amstri nútímans, stressi og hlaupum þá gefur skákin ró til íhugunar og einbeitingar."



**GUÐFRÍÐUR LILJA, 12 ÁRA, VIÐ TAFLBORÐIÐ**
Í dag eiga Íslendingar stóran hóp öflugra skákkvenna.

**FLEIRI SKÁKSTELPUR**

Guðfríður Lilja mælir með að lögð verði áhersla á að kenna skák í skólum. Það liggur fyrir tillaga hjá Evrópuþinginu að kennd verði skák í evrópskum grunnskólum. Skákin er gott tæki innan veggja skólans vegna þess að í hugum barna er hún leikur en um leið þjálfar hún svo marga eiginleika. Í skákinni sameinast ólíkir aldurshópar og um leið félagslegir. Það þarf ekki að búa til afburðamenn í skák heldur frekar að nýta það sem hún hefur að bjóða á uppbyggilegan hátt.

Íslendingar eiga mjög öflugan hóp ungra skákmanna og stúlkur hafa aldrei verið jafn duglegar að tefla. Margir notfæra sér netið til að tefla og kynnast þar skákmönnum um allan heim."

Guðfríður Lilja á son á þriðja ári og átján mánaða dóttur og hún er sannarlega ákveðin í að kenna þeim manngangin þegar þau hafa aldur til.

**elin**



**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**
segir að skákin sé holl íþrótt og ætti að vera kennd í öllum grunnskólum.





FRAMHALD AF SÍÐU 1

sams konar og í íshokkíi," svarar Arnar. Leikmenn eru sex í hvoru liði, fimm útileikmenn og markvörður. Hann er sá eini sem klæddur er fóðruðum búningi, er ekki með kylfu og má taka bandýkúluna með höndum.

„Leikurinn einkennist af mjög hröðu spili, tækni og samspili liðfélaga," segir Arnar og bætir við að þó flestir tengi bandý við íshokkí eigi íþróttin meira skylt við vinsælu boltaíþróttirnar hvað varðar leikskilning, snertingar og reglur. Hann segir reglurnar nokkuð einfaldar. Helst megi nefna að ekki megi lyfta kylfunni upp fyrir mjaðmir og ekki megi skora með því að beita líkamanum. „Þetta er svo einfalt að það getur hver sem er byrjað í þessu og náð fljótlega góðum árangri," segir hann.

Bandýdeild HK heldur úti þremur deildum; ungmennadeild, kvennadeild og meistaradeild. „Ungmennastarfið er okkur sérstaklega mikilvægt. Þar erum við að byggja upp framtíðina og hefur það starf gengið vel," segir Arnar. Meginmarkmið bandýdeildarinnar er að festa íþróttina í sessi og styrkja uppbygginguna hennar innan annarra félaga. „Í þeim tilgangi höfum við til dæmis verið með kynningar og kennslu fyrir ýmsa hópa," upplýsir Arnar.

Þar sem bandý er ekki mjög útbreitt á Íslandi hafa bandýleikmennirnir leitað út fyrir landsteinana eftir keppnisreynslu. „Við viljum halda áfram að mynda tengsl við erlend lið með þátttöku í mótum. Slík tengsl hafa hjálpað okkur töluvert, til dæmis komið okkur í samband við aðila með sérþekkingu sem við höfum lært af."

Arnar segir öllum velkomið að mæta á æfingar og prófa. Hann hvetur sérstaklega ungmenni til að mæta.

Þeim sem vilja kynna sér nánar starfsemi bandýdeildarinnar er bent á vefsíðuna www.facebook.com/bandydeild.hk

**sg**

**EINFALDAR REGLUR**
Leikurinn einkennist af mjög hröðu spili, tækni og samspili liðsfélaga. Reglurnar eru fremur einfaldar og flestir fljótir að ná tökum á íþróttinni. Í hverju liði eru sex liðsmenn, fimm sem spila úti og markvörður sem er sá eini í hlífðarbúnaði og án kylfu.

MYND/HAG

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

AUGLÝSINGAVÖRUR

ÞRIÐJUDAGUR 13. MARS 2012

**Kynningarblað** Sérmerktar vörur, gjafavara og máttur auglýsinga.

# Öll þjónusta á einum stað



**Fagmennska og lipur þjónusta eru einkunnarorð fyrirtækisins Margt smátt. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu og framleiðslu á auglýsinga- og gjafavörum í fjölbreyttu úrvali og á í viðskiptum við sterkustu og virtustu birgja á því sviði í Evrópu.**

Margt smátt er auglýsingavörufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og framleiðslu á auglýsinga- og gjafavöru fyrir fyrirtæki og félagasamtök. Að sögn markaðsstjórans Árna Esra er einn helsti kostur fyrirtækisins að öll þjónusta er á einum stað.

„Mestur hluti framleiðslunnar og sala fer fram í húsakynnum okkar að Guðríðarstíg 6 til 8 í Grafarholti. Það er ótvírætt mikil hagræðing að því fyrir viðskiptavininn að geta nálgast alla þjónustuna á einum stað. Þeir hafa fyrir löngu áttað sig á því enda höfum við frá stofnun fyrirtækisins Margt smátt árið 1988 þjónustað öll helstu fyrirtæki og félagasamtök landsins,“ bendir hann á. „Við erum stolt að því að vinna fyrir vörumerki eins og Coca-Cola og Disney en við erum með samninga við þessa aðila og höfum leyfi til höndla með þeirra vörumerki en til þess að fá þetta leyfi þurfti félagið okkar að fara í gegnum talsverða naflaskoðun sem við stóðumst með sóma.“

Viðskiptavinir geta fengið ráðgjöf hjá fyrirtækinu sér að kostnaðarlausu að sögn Árna. „Viðskiptavinum er í sjálfsvald sett hvort þeir mæta í kynningu til okkar eða fá söluráðgjafa á staðinn, en hjá Mörgu smáu starfa 22 starfsmenn og þar af eru sjö reyndir sölumenn.“ Hann lýsir ferlinu með eftirfarandi hætti: „Viðskiptavinir okkar útskýra hvað stendur til og við leggjum á móti til hugmyndir þar til lending næst. Sumir panta vörur fyrir sérstök tilefni, til dæmis ráðstefnur, afmæli, jólin, sumardaginn fyrsta eða kaupauka með sinni vöru eða þjónustu. Með öðrum viðskiptavinum vinnum við kannski heildarplan út árið og það er lítið mál að bregðast við því þar sem vöruúrvalið er ótrúlega breitt.“

Til marks um það bendir Árni á þá ólíku vöruflokka sem Margt smátt býður; skrifstofuvörur, heimilisvörur, ráðstefnuvörur, golfvörur, fatnað og allt þar á milli. „Við erum með lausnir frá a til ö fyrir fyrirtæki enda umboðsaðilar fyrir sterkustu og virtustu birgja á þessu sviði í Evrópu. Auk þess eigum við í viðskiptum við framleiðendur í Asíu og eftir þörfum getum við útvegað sérframleidda vöru á hagstæðu verði með tiltölulega stuttum fyrirvara.“



Markaðsstjórinn Árni Ezra segir ótvíræða kosti fylgja því að eiga viðskipti við fyrirtæki sem býður alla þjónustu á einum stað. MYND/VALLI

### ÁPRENTAÐIR GOLFBOLTAR



**Margt smátt** býður upp á áprentaða golfbolta fyrir fyrirtæki og golfklúbba. „Vegna magninnkaupa getum við boðið þennan frábæra Nike Crush-golfbolta á frábæru verði en um er að ræða góðan bolta sem hentar frábærlega sem gjöf í fyrirtækjagolfmótinu,“ segir Árni Ezra. Verð aðeins 350 til 390 krónur stykkið með einni áprentun í einum lit. Verð er án vsk.

### Vandaður bæklingur

Árlega útbýr Margt smátt vandaðan bækling sem er dreift í stóru upplagi á landsvísu. „Við erum eitt af fáum fyrirtækjum hér heima í þessu fagi sem gefur reglulega út bækling á íslensku með verði í íslenskum krónum og erum því með sérstöðu hvað það varðar. Í þessum bæklingi eru yfir 2.500 hugmyndir, vörur sem eru þverskurður af því sem við bjóðum, fyrir heimilið, skrifstofuna, sumarfríið og svo framvegis,“ útskýrir Árni. „Hann er eimitt í dreifingu núna fyrir árið 2012.“



Stærsti hlutinn er framleiddur á Guðríðarstíg 6 til 8 í Grafarholti, í húsakynnum fyrirtækisins Margt smátt.



Margt smátt býður auglýsinga- og gjafavöru í fjölbreyttu úrvali.



Hjá fyrirtækinu vinna 22 starfsmenn og þar af eru sjö reyndir sölumenn.



- Vinnufatnaður
- Auglýsingavörur
- Íþróttafatnaður

margt smátt

Guðríðarstíg 6–8
113 Reykjavík
Sími: 585.3500
margtsmatt.is

### STORMTECH ÚTIVISTAR- OG SPORTFATNAÐUR

**Margt smátt** fékk nýlega umboðið fyrir Stormtech-vörumerkinu. Stormtech er kanadískur hágæða útivistar- og sportfatnaður sem Margt smátt bindur miklar vonir við enda frábær fatnaður á hagstæðu verði. Fyrirtækið sérhæfir sig í vatns- og vindheldum fatnaði fyrir útivistarfólk og björgunarsveitir ásamt því að bjóða upp á heildarlausnir í fatnaði fyrir íþróttafélög. Stormtech þjónustar nú yfir 8.000 viðskiptavini í 25 löndum.



AUGLÝSINGAVÖRUR
Kynntu þér vöruvalið á logo.is

## GÆÐAVÖRUR TIL MERKINGAR HJÁ LOGO

**BIC býður** upp á penna, nótnabækur, kveikjara og Sticky Note-límmiðablokkir. Ballograf framleiðir sænska gæðapenna. Norwood sérhæfir sig í gjafavörum, allt frá pennum, USB-lyklum, upp í töskur o.fl. Cartamundi framleiðir hágæða spil. Sheaffer framleiðir vandaða og fallega gjafapenna. TUMI selur ferðatöskur, veski, seðlaveski o.fl. Daiber býður upp á vandaðan fatnað svo sem pólóboli, jakka, húfur o.fl. LoGolf á allt fyrir golfarann. Jung selur mintur, brjóstsykur, súkkulaði svo eitthvað sé nefnt.

Gott er þegar fyrirtæki sem eru að hugleiða að láta merkja sér vörur að nota þekkt vörumerki til að auka ímynd og vægi auglýsingarinnar. LOGO leggur mikla áherslu á að bjóða gæðavöru á sanngjörnu verði fyrir viðskiptavini sína. Vöruval LOGO er mjög fjölbreytt og sérframleiðsla fyrir viðskiptavini sé þess óskað. Ending á auglýsingavörum skiptir einnig miklu máli til að tryggja að auglýsingin skili sér og viðskiptavinurinn sem fær vöruna í hendur fái jákvæða ímynd af viðkomandi fyrirtæki. Nafn fyrirtækis á smáum sem stærri hlutum gefur viðskiptavinum tilfinningu fyrir að vel sé gert við hann. Auglýsingavara er einnig góð þegar kemur að starfsfólki; vel merktur og snyrtilegur starfsmaður er góð auglýsing.

Hjá LOGO starfar fólk með langa reynslu af sölu á auglýsingavörum. Fyrirtækið LOGO auglýsingavörur er á Hringbraut 119, í JL-húsinu á jarðhæð, þangað eru viðskiptavinir ávallt velkomnir til þess að skoða vöruúrvalið í sýningarsal fyrirtækisins.

Hægt er að kynna sér vöruúrval á heimasíðunni www.logo.is



**LOGO auglýsingavörur er fyrirtæki sem selur vörur frá þekktum framleiðendum, má þá nefna BIC, Ballograf, Sheaffer, TUMI, Norwood, Cartamundi, Daiber, LoGolf o.fl. Öll þessi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að vera leiðandi á sínum mörkuðum.**

María Lísa eigandi Logo.

BIC – Pennar, gjafapennar, sticky note, kveikjarar, töskur o.fl.
JUNG – Sælgæti: mintubox, súkkulaði, brjóstsykur o.fl.
PinSource – Barmmerki, lyklakippur, nafnspjaldaveski o.fl.
NORWOOD – Fallegar gjafavörur í miklu úrvali.
BALLOGRAF – Pennar, fundarbækur o.fl.
daiber – Húfur, derhúfur ofl.
LOGO

# Merkja, prenta, gera og græja

**Merkiverk tekur að sér allar fyrirtækjamerkingar, skilti og bílamerkingar auk þess að prenta á fatnað, á nafnspjöld og lyklakippur, límbönd og penna. Fyrirtækið prentar einnig nafnspjöld, auglýsingabæklinga, boðskort, sálmaskrár, ritgerðir og límmiða.**

„Merkiverk tekur að sér allar fyrirtækjamerkingar, bílamerkingar og skilti auk þess að prenta á boli, flestan fatnað, vinnuföt og fleira,“ segir Bjarki Clausen, eigandi Merkiverks á Smiðjuvegi 3. „Merkiverk sker einnig sandblástursfilmur í glugga og sturtugler. Þá prentar Merkiverk á ýmsa smávöru svo sem lyklakippur, bolla, penna og límbönd. Einnig ljósmyndir á striga, álplötur og foamplötur.

Merkiverk prentar límbönd í Kópavogi og býður upp á prentun á pvc, solvent og polypropilynlímbönd. „Við eigum á lager límbönd sem eru merkt „brothætt“ „kælivara“ og „frystivara“ og fleira í þeim dúr og eins erum við með sérmerkt límbönd fyrir fólk sem er að flytja sem eru þá merkt „eldhús“, „stofa“, „bækur,“ brothætt“ og fleira. Við getum prentað í allt að þrem litum,“ útskýrir Bjarki og bendir á síðuna www.limbond.is

Hann segir verð á sérframleiddum, áprentuðum límbandsrúllum geti jafnvel verið lægra en verð á ómerktum límbandsrúllum keyptum í byggingavöruverslun eða stórmörkuðum. „Afgreiðslufresturinn á límböndunum er einnig stuttur, þar sem límböndin eru prentuð hjá okkur en ekki erlendis. Lágmarksmagn í prentun er aðeins 36 rúllur og því auðvelt fyrir lítil fyrirtæki eða einstaklinga að láta sérframleiða fyrir sig límbönd.

Merkiverk flytur einnig inn vandaða penna frá ítalska fyrirtækinu Stilolinea og bendir Bjarki á heimsíðuna www.stilolinea.it

Hjá Merkiverk starfar hönnuður en einnig geta viðskiptavinir skilað inn efni tilbúnu fyrir prent. Nánari upplýsingar er að finna á www.merkiverk.is og einnig á facebook síðu Merkiverks.



Bjarki Clausen eigandi Merkiverks. Fyrirtækið er nýlega flutt á Smiðjuveg 3. MYND/STEFÁN



Verð á áprentuðum límbandsrúllum er jafnvel lægra en verð á ómerktum límbandsrúllum í byggingavöruverslun. MYND/MERKIVERK

# *Efnaðist á auglýsingavörum*

George Lucas, leikstjóri, kvikmyndaframleiðandi, handritshöfundur og athafnamaður, er hvað þekktastur fyrir að vera hugmyndasmiðurinn að Star Wars-myndunum og ævintýramyndunum um fornleifafræðinginn Indiana Jones.

Lucas er stofnandi og eigandi kvikmyndaframleiðslufyrirtækisins Lucasfilms og þykir einn farsælasti og ríkasti leikstjóri/framleiðandi í Bandaríkjunum enda eignir hans taldar vera 3,2 milljarða dollara virði.

Lucas varð þó upphaflega ekki ríkur á kvikmyndaleikstjórn eða sölu aðgangsmiða. Fyrsta mynd hans í fullri lengd var THX 1138 en hún sló ekki í gegn. Þá stofnaði Lucas eigið framleiðslufyrirtæki, Lucasfilm Ltd., og leikstýrði American Graffiti árið 1973. Sú mynd sló í gegn og veitti leikstjóranum vegsemd og nægan auð til að þróa hugmynd að sögu sem gerist úti í geimi. Þrátt fyrir það lenti hann í vanda við að fjármagna framleiðslu Star Wars. Fox Studios tók það þó að sér að lokum og varð Star Wars í kjölfarið tekjuhæsta kvikmynd allra tíma eða þar til ET sló í gegn fimm árum síðar.

Meðan á tökum á Star Wars stóð afsalaði Lucas sér launum sem leikstjóri en samdi þess í stað um að hann mætti selja og fá hagnaðinn af sölu auglýsingavara á borð við boli, bolla og leikföng sem merkt væru kvikmyndinni. Þetta var samþykkt án frekari málalenginga enda taldi kvikmyndaverið slíkt einskis virði. Þessi ákvörðun skilaði Lucas hundruðum milljóna dollara og gerði honum kleift að fjármagna framhaldsmynd Star Wars sjálfur.



George Lucas





## ÉG ELSKA ÞIG

**Auglýsingavörur eru** tilvaldar til ástarjátninga, hvort sem fyrir valinu verður sætur kaffibolli með áletruðum ástarorðum, vönduð dagbók, elegant leðurtaska, forláta golfsett eða bara hversdagslegur penni til daglegra nota. Svo persónuleg ástargjöf er vís með að verma hjörtun um ókomna tíð, ásamt því að vera ógleymanlegur minnisvarði um einstaka ást.



Kaffibolla elskunnar er hægt að láta merkja með fallegum orðum sem ylja um leið og sopinn.



Hægt er að láta prenta ástarjátningar á ýmiss konar auglýsingavörur og koma þannig elskunni skemmtilega á óvart.

# Umdeildar auglýsingar

*Árlega birta erlendir miðlar lista yfir auglýsingar sem hafa af einhverjum ástæðum valdið fjaðrafoki. Eftirfarandi hafa oftar en ekki verið nefndar til sögunnar í því samhengi.*



- Auglýsendur eru gjarnan gagnrýndir fyrir frjálslega notkun á forritinu Photoshop. Þannig voru auglýsingar á Maybelline-farða frá snyrtivörurisanum Lancôme harðlega gagnrýndar í fyrra þar sem fyrirsæturnar **Julia Roberts** og Christy Turlington þóttu óeðlilega sléttar og unglegar að sjá.

- Make Up For Ever-auglýsingaherferðin vakti ekki síður umtal á síðasta ári, en hún sýnir ungar fyrirsætur með fullkomna húð. Umræðan snerist þó fyrst og fremst um þá ákvörðun Make Up For Ever að sneiða hjá Photoshop og hefur fyrirtækinu verið hampað fyrir það.

- Nivea-auglýsingaherferð vakti mikla reiði á síðasta ári en hún sýnir eins konar hamskipti sem verða á þeldökkum karlmanni þegar hann tekur að nota snyrtivörur frá Nivea. Hann gerir sig líklegan til að losa sig við rytjulega og skeggjaða grímu en eftir stendur snöggklipptur og snyrtilegur maður. Herferðin er gagnrýnd fyrir að tengja náttúrulegt útlit dökkra karla við frumstætt eðli.



- Á síðasta ári fór sjónvarpsauglýsing **Yves Saint Laurent** á ilmvatninu Opium fyrir brjóstið á auglýsingaeftirliti Bretlands. Eftirlitsaðilum þótti eggjandi látbragð fyrirsætunnar minna ískyggilega mikið á eiturlyfjaneyslu. Talsmenn Yves Saint Laurent mótmæltu þessu ákaft og bentu á að látbragði fyrirsætunnar væri eingöngu ætlað að vekja athygli áhorfenda og laða þá að skjánum.

- Allt ætlaði um koll að keyra þegar fyrirtækið ChapStick birti tímaritsauglýsingu þar sem kona sést teygja sig eftir varasalva þannig að afturendinn blasir við. Fólk brást illa við auglýsingu fyrirtækisins á Facebook og ekki tók betra við þegar ChapStick fjarlægði þaðan neikvæð ummæli.

# Gjafir sem nýtast vel

**IB heildverslun / Auglýsingavörur býður ríkulegt úrval eigulegra gjafa á góðu verði.**

Við bjóðum upp á allar auglýsingavörur; allt frá tannþræði upp í golfsett," segir Ingibergur Árnason, sem stofnaði IB heildverslun / Auglýsingavörur árið 2003.

Fyrirtækið er aðili að PSI, sem eru stærstu samtök auglýsingavöruframleiðenda í Evrópu.

„Við erum einnig með úrvals birgja í Asíu sem sérframleiða vörur eftir óskum hvers og eins, og tökum við ýmsum vörum beint frá verksmiðjum," útskýrir Ingibergur.

En hvaða auglýsingavörur njóta nú mestra vinsælda hjá íslenskum fyrirtækjum?

„Á síðasta ári voru USB-minnislyklar langvinsælastir. Við bjóðum upp á mjög vandaða lykla á frábæru verði og í verðinu er innifalið að setja inn vörulista, myndir eða myndbönd sem fyrirtæki vilja koma á framfæri. Þá eru microfiber gleraugnaklútar alltaf sígildir og hægt að prenta á þá ljósmyndir og texta, sem er skemmtileg gjöf sem nýtist vel," upplýsir Ingibergur og minnist á gamalkunnari hluti sem alltaf njóta vinsælda.

„Merktir pennar eru dæmi um vöru sem orðin er fastur hluti af rekstri fyrirtækja, og nú þegar golfvertíðin nálgast er mikið að gera í merktum golfkúlum og golfgjöfum," segir Ingibergur.

Á www.ibheildverslun.is er aðgangur að mörgum vörulistum sem hjálpa fyrirtækjum að fá skemmtilegar hugmyndir.



Ingibergur Árnason er eigandi IB heildverslunar / Auglýsingavara. MYND/HAG



Á www.ibheildverslun.is gefur að líta úrval vörulista sem nýtast fyrirtækjum vel þegar kemur að hugmyndum og vali á skemmtilegri auglýsingavöru.




IB HEILDVERSLUN EHF
AUGLÝSINGAVÖRUR
Sími 822 2310.
Netfang: ibheildverslun@simnet.is

## DÝRASTA OG ÞEKKTASTA VÖRUMERKIÐ

**Listamaðurinn Andy** Warhol var umdeildur þegar hann málaði myndir af Coca Cola-flösku og Cambells-súpudósum á fyrri hluta sjöunda áratugarins. Mörgum listamönnum ofbauð myndefnið, fannst það ómerkilegt. Með myndum sínum vildi Warhol hins vegar benda á breytt neyslumynstur Bandaríkjamanna. Myndirnar voru gerðar með silkiþrykki. List hans kallaðist Pop-Art eða popplist og kom fram um svipað leyti og tónlistin var að breytast og hippar að líta dagsins ljós.



Í seinni tíð hafa myndir Andy Warhols verið afar eftirsóttar hjá öllum þjóðfélagshópum. Andlitsmynd af Marilyn Monroe er líkt og vörumerki fyrir leikkonuna og Cambells-súpudósina þekkja allir. Meðal annarra frægra mynda má nefna Elvis Presley og Elizabeth Taylor.




Frægustu myndir listamannsins eru varðveittar í Museum of Modern Art í New York en stærsta safnið er í Warhol-safninu í Pittsburg, heimaborg hans. Andy Warhol hafði mikil áhrif á samtíð sína sem listamaður. Hann lærði auglýsingateikningu og gat sér í fyrstu gott orð sem myndasöguteiknari. Warhol starfaði sem listamaður, kvikmyndagerðarmaður og rithöfundur. Hann fæddist 6. ágúst 1928 en lést í febrúar 1987.

Stundum er sagt að Andy Warhol sé alþjóðlegt vörumerki ekki síður en myndirnar hans sem seljast á milljarða, séu þær í boði.

hanni
auglýsingavörur








## BÓNORÐIÐ Á BOTNI KAFFIBOLLANS

**Þegar kóngafólkið** gengur í það heilaga eru framleiddir ýmsir smáhlutir með mynd af brúðhjónunum, meðal annars kaffikrúsir og matarstell. Þessi siður hefur ekki náð fótfestu hér á landi í kringum þá sem sitja hverju sinni á Bessastöðum en er engu að síður skemmtileg hugmynd fyrir íslensk brúðhjón. Þau gætu til dæmis látið prenta mynd af sér á veisludiskana sem gestir brúðkaupsins mættu svo taka með sér heim til minja. Þá gæti verið skemmtileg hugmynd að bera upp bónorðið á diski, bónorð sem kæmi í ljós undir plokkfiskinum á mánudagskvöldi. Þá gætu hugguleg skilaboð komið á óvart í botni kaffibollans þegar morgunkaffið er kláruð úr bollanum.

## WALL-E HAFÐI SKAMMVINN ÁHRIF

Disney/Pixar teiknimyndin WALL-E frá árinu 2008 segir frá litlu vélmenni sem er eitt eftir á jörðinni eftir að mennirnir hafa gert hana óbyggilega með rusli og eru löngu flúnir út í geim. Sagan gerist árið 2805 eða 700 árum eftir að mennirnir yfirgáfu jörðina. Þeir höfðu gert sér vonir um að vélmenni sem þeir skildu eftir myndu hreinsa jörðina á fimm árum en að þeim tíma liðnum var jörðin orðin svo eitruð að þeir áttu ekki afturkvæmt.

Boðskapur myndarinnar er sá að með ótakmarkaðri framleiðslu á alls kyns varningi verði jörðin á endanum óbyggileg. Í takt við boðskap myndarinnar hefði mátt ætla að framleiðendur myndarinnar sætu á sér við framleiðslu á alls kyns auglýsingavöru sem fylgir teiknimyndum í auknum mæli en sú varð ekki raunin og mátti sjá alls kyns WALL-E dót í verslunum. Eitthvað var þó um að kaupendur sniðgengu þær vörur enda myndin nokkuð áhrifamikil. Áhrifanna gætir þó líklega ekki enn því sala á auglýsingavöru í tengslum við teiknimyndir blómstrar sem fyrr.




## VISSIR ÞÚ AÐ...

**... auglýsing** um stinningarlyf fór mest í taugarnar á Áströlum árið 2010, en í henni var kona sýnd nota stinningu eiginmanns síns sem tröppu til teygja sig efst í eldhússkápinn?

**... ísmolar** eru akrýlhúðaðir í freistandi drykkjarauglýsingum svo þeir bráðni ekki undir heitum ljósum myndavéla?



**... auglýsingar** um Marlboro-manninn litu fyrst dagsins ljós 1955? Þeir þrír karlar sem léku kúrekana síreykjandi dóu allir úr lungnakrabba og var sígarettutegundin eftir það kölluð Cowboy Killer.

**... í tískuauglýsingum** eru konur stundum látnar liggja á bjarndýrafeldi, klæddar þröngum leðurfötum eða skinnfatnaði, til að líta út fyrir að vera bráð?

**... Ikea** var fyrst til að sýna samkynhneigð í mjög útbreiddum auglýsingum? Það var árið 1994 þegar tveir karlar sáust kaupa inn saman í húsgagnadeildinni?

**... Microsoft** borgaði Rolling Stones níu milljónir dala fyrir að nota lagið Start me up í auglýsingu fyrir Windows 95, en alls óþekkt lög geta gert nýja listamenn heimsfræga með því einu að heyrast í auglýsingum þekktra vörumerkja?



**... Life** var fyrst tímarita til að græða fúlgur fjár á auglýsingum?

**... sælgætisframleiðandanum Mars** þótti geimveran ET svo ófrýnileg að hann hafnaði því að M&M væri notað til að freista hennar í samnefndri kvikmynd? Þess í stað var Reese's notað, en sala á því jókst um 65 prósent þegar kvikmyndin leit dagsins ljós.




# OPIÐ HÚS Í MK

miðvikudaginn 14. mars kl. 17.00 – 19.00



Áfangastjórar, námsráðgjafar og kennarar verða á staðnum, veita upplýsingar um nám og kennslu og sýna skólann. Nemendur kynna félagslífið.

## Námsframboð

Félagsfræða
Málabraut
  tungumál, ferðagreinar
Náttúrufræðibraut
  eðlis- og efnafræði, líffræði
  og tölvur
Viðskipta og hagfræðibraut
Framhaldsskólabraut

Bakstur – Bakari
Framreiðsla – Þjónn
Kjötiðn – Kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla – Kokkur

**Menntaskólinn í Kópavogi**
**Hótel- og matvælaskólinn**
**Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn**

**Digranesvegi 51**
**sími 594 4000**
**www.mk.is**

**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**

## Fasteignir

mið. 14. mars

# OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG

**milli 17:30 og 18:30 að Eskivöllum 21b**



**Eskivellir**

**221 Hafnarfjörður**

Nýjar glæsilegar íbúðir í 28 íbúða lyftuhúsi við Eskivelli 21b
2ja og 3ja herbergja íbúðir 77,5 m² - 98,6 m²
Frábært tækifæri til að komast í nýja íbúð
Íbúðirnar eru glæsilegar í alla staði og skilast fullbúnar með gólfefnum
Sér inngangur af svölum í allar íbúðir
Tvær geymslur með öllum íbúðum þar af önnur innan íbúðar

**Frábært tækifæri til að komast í nýja íbúð** Verð frá: **18,6 - 22,2 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



**Lindargata**

**101 Reykjavík**

# OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG

**milli 17.00-18.00 að Lindargötu 35**

**Nýjar íbúðir í Skuggahverfinu!**

2ja til 3ja herbergja íbúðir í þriggja hæða lyftuhúsi með stæðum í bílageymslu.
Stærð íbúðanna er frá 73 – 128 m², þrjár íbúðir á hæð. Við hönnun íbúðanna var lögð áhersla á að nýta sem best kosti staðsetningar og umhverfis.

Verð frá: **25,6 - 43,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




# Leiguumsjón

## láttu okkur sjá um fasteignina þína.

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

## Tilkynningar

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

# MENNTASKÓLINN V/HAMRAHLÍÐ

**Opið hús fimmtudaginn15. mars 2012**

**Menntaskólinn v/Hamrahlíð verður með opið hús fimmtudaginn 15. mars frá kl. 17:00-19:00.**

**Námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf verður kynnt.**

**Kór Menntaskólans v/Hamrahlíð syngur nokkur lög kl. 18:00**

**10.-bekkingar og forráðamenn þeirra eru sérstaklega velkomnir.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is



52 **ADAM CLAYTON** bassaleikari U2 er 52 ára í dag.

*„Menn ættu ekki að neyðast til að vera í buxum þegar ekki er kalt.“*

## Merkisatburðir

222 Alexander Severus varð Rómarkeisari.

1610 - Galileo Galilei gaf út niðurstöður fyrstu athugana sinna með sjónauka í ritinu Sidereus Nuncius.

1639 Háskólinn New College á Nýja-Englandi var nefndur Harvard College í höfuðið á velgjörðarmanni skólans John Harvard.

1881 - Alexander 2. Rússakeisari var myrtur með sprengju í nágrenni hallar sinnar. Þetta gerðist 1. mars í júlíska tímatalinu, sem þá var í notkun í Rússlandi.

1883 - Skeiðarárhlaup hófst. Hlaupið var eitt hið mesta sem komið hafði í ána, en fór eingöngu yfir eyðisanda og olli því ekki skemmdum.

1897 - Einar Benediktsson gerði tillögu um að fáni Íslands yrði hvítur kross í bláum feldi í grein sem hann skrifaði í blaðið Dagskrá.

1937 - Fyrsta Skíðamót Íslands var haldið á Hellisheiði. Skagfirðingar urðu sigursælir.

1947 - Fjórir létust í flugslysi á Hvammsfirði þegar Grumman-flugbátur hrapaði þegar hann var að hefja sig til flugs.



**SIGURÐUR EYBERG** Rannsóknir hans á vistspori Íslands benda til þess að Íslendingar séu neyslufrekasta þjóð heims.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GERT AF JÖRÐU, GREITT AF JÖRÐU: GRÆNIR DAGAR HEFJAST Í HÍ Í DAG

# Neyslufrekasta þjóð heims

Næstu daga verður umhverfið í öndvegi í Háskóla Íslands, en grænir dagar hefjast þar í dag og standa alla vikuna með margvíslegum viðburðum. Það er GAIA, félag meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands, sem skipuleggur dagana. Þemað í ár er „græn neysla“ en dagarnir eru haldnir undir slagorðinu „Made in Earth, paid by Earth“, eða „Gert af jörðu, greitt af jörðu“.

Sigurður Eyberg umhverfisfræðingur opnar dagskrána í dag, með fyrirlestri í Norræna húsinu klukkan 12.30. Þar mun hann segja frá rannsóknum sínum á vistspori Íslands, en það er einn mælikvarðinn á sjálfbærni. Sigurður notaði viðurkenndar leiðir Global Footprint Network til að reikna út vistspor Íslands. „Þetta er eitt af þessum tækjum sem við getum stuðst við til að sjá hvað við þurfum að gera til að verða sjálfbær og hversu mikla neyslu við getum leyft okkur,“ útskýrir Sigurður. Niðurstöður hans benda til þess að Íslendingar séu neyslufrekasta þjóð jarðar.

Ef jarðarbúi á að vera sjálfbær er miðað við að hann geti nýtt 2,1 jarðhektara á ári. Samkvæmt útreikningum Sigurðar nota Íslendingar 12,7 jarðhektara á mann. Næst á eftir okkur koma Sameinuðu arabísku furstaveldin með 9,46 jarðhektara og Bandaríkin strax á hæla þeirra með 9,42 jarðhektara.

Á meðan á rannsókninni stóð reyndi Sigurður að ná sínu eigin vistspori niður og vann heimildarmynd um ferlið. Hann stefnir á að frumsýna hana á næstu mánuðum. Hann vill ekki gefa upp hvernig honum farnaðist, en segir að það sé alveg ljóst að það sé erfitt að lifa innan marka sjálfbærni í vestrænu samfélagi.

Aðrir dagskrárliðir á grænum dögum eru meðal annars fræðsla um umhverfismerki og sýning á verðlaunamyndinni Waste Land á miðvikudag, pallborðsumræður undir yfirskriftinni „Hver stjórnar neyslunni“ á fimmtudag, auk þess að umhverfisverðlaun Grænna daga verða veitt. Á föstudag mun Dominique Plédel Jónsson frá Slow Food hreyfingunni tala um matariðnaðinn og ábyrga matarneyslu. Frá miðvikudegi til föstudags verður skiptifatamarkaður á Háskólatorgi á milli klukkan 11 og 15.

Dagskrána í heild og tímasetningar viðburða má sjá á vef háskólans, www.hi.is.

holmfridur@frettabladid.is



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför*

**Ólafs Oddgeirssonar**

frá Eyvindarholti,
Stapaseli 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Heimahlynningar og starfsfólki líknardeildar Landakotsspítala L5 fyrir frábæra umönnun í veikindum hans.

**Dóra Ingvarsdóttir**
**Þórunn Ólafsdóttir** **Marteinn Sigurðsson**
**Berglind Marteinsdóttir** **Ólafur Marteinsson**



†

*Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Þórhallsdóttir**

Hlíðargötu 35, Sandgerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 9. mars. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði fimmtudaginn 15. mars kl. 14.00.

**Sigurður Sveinsson**
**Þórhallur Gíslason**
**Elvar Sigurðsson** **Guðrún Björg Ragnarsdóttir**
**Vilhjálmur Sigurðsson** **Anna Lilja Hermannsdóttir**
**Ástþór Sigurðsson** **Heiðrún Tara Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Gerður Kristín Karlsdóttir**

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Boðaþingi í Kópavogi, mánudaginn 5. mars í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 13.00. Við færum starfsfólki hjúkrunarheimilis Hrafnistu í Boðaþingi sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun og alúð.

**Sveinn Guðmundur Guðmundsson**
**Karl Björgvin Sveinsson**
**Elsa Rannveig Sveinsdóttir** **Alfreð Ragnar Ragnarsson**
**Guðrún Þórarna Sveinsdóttir** **Kristján Sigurður Þórðarson**
**og barnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru*

**Ólafar Jóhönnu Vilhjálmsdóttur**

Álfheimum 46.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítala og hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustunnar Karitas.

**Garðar Jónsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur frændi okkar og mágur,*

**Barði Ágústsson**

Lindargötu 4, Siglufirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar 8. mars, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 17. mars kl. 14.00. Við færum starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Aðstandendur**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Marín Hallfríður Ragnarsdóttir**

Einilundi 4b, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 4. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 16. mars klukkan 13.30.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Jón Stefán Sigurbjörnsson**
**Stefán Már Stefánsson** **Lára Margrét Traustadóttir**
**Salbjörg J. Thorarensen**
**Jón Höskuldsson**
**Marín Hallfríður Ragnarsdóttir** **Kolbeinn Friðriksson**
**Bogi Rúnar Ragnarsson**
**Kári Kolbeinsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur og tengdasonur,*

**Marcin Andrzej Mazul**

Grundargerði 2g, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á heimili sínu þriðjudaginn 6. mars sl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 15. mars kl 13.30.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á söfnunarreikning barna hans, 162-15-630336 kt. 200775-4069.

**Heiðrún Frímannsdóttir**
**Róbert Atli Didron**
**María Helena Mazul**
**Daníel Ingi Mazul**
**Marian Mazul** **Zofia Mazul**
**Ingibjörg Guðjónsdóttir** **Sigursveinn Hallsson**




# ÁNÆGJA YKKAR
## ER OKKAR MARKMIÐ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

1. SÆTI Í FLOKKI BYGGINGAVÖRUVERSLANA
FRÁ UPPHAFI MÆLINGA Á ÍSLANDI*

Íslenska ánægjuvogin er notuð til þess að mæla ánægju viðskiptavina og er samstarfsverkefni Capacent, Samtaka iðnaðarins og Stjórnvísi. Markmið BYKO síðastliðin 50 ár hefur verið að viðskiptavinir okkar séu ánægðir, því ánægðir viðskiptavinir eru traustir viðskiptavinir.

Við þökkum viðskiptavinum okkar enn og aftur traustið.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

* Samkvæmt niðurstöðu Íslensku ánægjuvogarinnar árið 2011.

EXPO - www.expo.is

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** gremja, **6.** kringum, **8.** hald, **9.** op, **11.** nafnorð, **12.** borgun, **14.** söngleikur, **16.** utan, **17.** hvoftur, **18.** besti árangur, **20.** í röð, **21.** heimsálfu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** veltingur, **3.** stefna, **4.** sandgrynning, **5.** sjáðu, **7.** sósa, **10.** missir, **13.** móðurlíf, **15.** ilmur, **16.** kerald, **19.** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fúss, **6.** um, **8.** tak, **9.** gat, **11.** no, **12.** gjald, **14.** ópera, **16.** án, **17.** gin, **18.** met, **20.** fg, **21.** asíu.

**LÓÐRÉTT: 1.** rugg, **3.** út, **4.** sandrif, **5.** sko, **7.** majónes, **10.** tap, **13.** leg, **15.** angi, **16.** áma, **19.** tí.





# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...


# Ný kynslóð láti í sér heyra

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Sú hefð hefur myndast á Íslandi að ekki hefur þótt til siðs að bjóða sig fram gegn sitjandi forseta. Tvívegis hefur þessi hefð verið rofin, árin 1988 og 2004, en með fullri virðingu fyrir frambjóðendunum sem buðu sig fram gegn forseta í hvort skipti áttu þeir svo til enga möguleika á kjöri. Að teknu tilliti til þess má því segja sem svo að hingað til hafi einu sinni kjörnir forsetar getað setið í embættinu að vild.

**HEFÐINNI** fylgja vissir kostir. Til að mynda má segja að meiri festa hafi verið í stjórnskipuninni en ella, þá losna skattgreiðendur við nokkurn kostnað teljist einn frambjóðandi sjálfkjörinn. Að því sögðu fylgja henni einnig gallar, ekki síst sá stóri galli að lýðræðislegt umboð veikist eftir því sem lengra líður frá kosningum. Árið 1996 kusu 68.370 Ólaf Ragnar Grímsson. Um síðustu áramót voru 74.594 á kosningaaldri sem höfðu ekki atkvæðisrétt árið 1996. Það eru sem sagt fleiri nú á kjörskrá sem höfðu ekki kosningarétt árið 1996 en kusu Ólaf á sínum tíma. Vitanlega ber þó að taka fram að 90.662 kusu Ólaf árið 2004, en um helmingar þessara „nýju" kjósenda hafði raunar ekki heldur kosningarétt það árið. Í ljósi fyrri fyrirvara um kosningarnar 2004 leyfi ég mér þó að segja að þriðjungur kjósenda hafi aldrei raunverulega fengið að velja sér forseta.

**AF ÞESSUM** sökum hefur það vakið forvitni undirritaðs hve lítið ungt fólk hefur haft sig í frammi í umræðunni um komandi forsetakjör. Segja má að tvær fylkingar hafi undanfarið orðið til í tengslum við kjörið. Annars vegar helstu stuðningsmenn Ólafs Ragnars og hins vegar þeir sem eru orðnir hvað þreyttastir á veru hans á Bessastöðum. Annar hópurinn safnaði um 32 þúsund undirskriftum þar sem skorað var á Ólaf að gefa kost á sér á ný en hinn hefur safnast saman á Facebook þar sem leitað er að öðrum frambærilegum frambjóðanda. Þegar litið er til hópanna virðist sem svo að lítið af ungu fólki láti sig málið varða. Af þeim um það bil 30 einstaklingum sem afhentu Ólafi Ragnari undirskriftirnar á Bessastöðum virtist undirrituðum sem enginn í hópnum væri undir fertugu. Að sama skapi hafa fáir undir fertugu gert sig gildandi í Facebook-hópnum.

**ÞAÐ** er fagnaðarefni að útlit sé fyrir að kjósendur fái á ný að velja sér forseta. Ekki síst að sá þriðjungur kjósenda sem aldrei hefur tekið þátt í raunverulegu forsetavali fái nú loks tækifæri til þess. Það er hins vegar vonandi að sá hópur hafi meiri áhrif á ferlið hér eftir en hingað til. Það skiptir talsverðu máli hver situr á Bessastöðum. Ungt fólk ætti að velta því fyrir sér hvers konar forseta það vill.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# OFURDAGAR Á STÖÐINNI

## 13. og 14. mars.
## Allt að 50% afsláttur.



349 kr.

Kjúklingasalat
fullt verð 649 kr.



349 kr.

Stöðvarborgari
fullt verð 699 kr.



99 kr.

Lítill skammtur af
frönskum kartöflum 99 kr.
fullt verð 299 kr.



349 kr.

Allar tegundir af Panini
fullt verð 499-699 kr.

| | Sími | Opið 24 tíma | Grill | Kaffi | Panini | Pylsa | Ís í vél | Bílalúga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Birkimelur | 551 4474 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Bústaðavegur | 552 7616 | 24 | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Garðabær | 565 8743 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Hagasmári | 554 2280 | 24 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Kleppsvegur | 568 6580 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Laugavegur | 561 9926 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |
| Suðurfell | 557 4060 | 24 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Vesturlandsvegur | 665 1471 | | ✓ | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Vesturlandsvegur Shell Verslun | 587 9730 | 24 | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Hraunbær | 567 1050 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Miklabraut norður | 571 4404 | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |
| Skagabraut Akranesi | 431 2592 | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Reykjavíkurvegur | 555 1720 | 24 | | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |

Stöðin

Þetta er svo lágt verð að Orkulykillinn þinn getur ekki einu sinni lækkað það.

# menning

menning@frettabladid.is



**TVEIR TENÓRAR** verða í aðalhlutverki á áttundu tónleikum djasstónleikaraðarinnar á Kexinu á Skúlagötu 28. Tenórarnir sem um ræðir eru tenórsaxófónleikararnir Ólafur Jónsson og Stefán S. Stefánsson. Auk þeirra skipa hljómsveitina þeir Agnar Már Magnússon á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur.



Heimildarmynd ★★★☆☆

**Blikkið: Saga Melavallarins**

Leikstjórn: Kári G. Schram

**Bíó Paradís**

## Miðstöð skemmtanalífsins

Þegar aðstæður kröfðust þess að knattspyrnulið héldu fengnum hlut, og lítið var eftir af leiknum á gamla Melavellinum, var algengt að heyrðist öskrað: „Blikkið!“ sem þýddi að leikmönnum var uppálagt að dúndra knettinum yfir girðinguna frægu og sem lengst út á Suðurgötuna til að tefja tímann. Þannig útskýrist að hluta til titill nýrrar heimildarmyndar Kára G. Schram um sögu Melavallarins, þess merka staðar sem um árabil gegndi óopinberu hlutverki þjóðarleikvangs Íslendinga og miðstöðvar skemmtanalífs höfuðborgarinnar.

Nóg er af sögum af þessum toga í myndinni, mörgum stórskemmtilegum og flestum fróðlegum, og ljóst að völlurinn og atburðir tengdir honum hafa haft djúpstæð áhrif á líf allra viðmælenda. Auk þess að rekja tilurð vallarins og helstu persónur og atburði tengda honum finnur Kári nokkra snjalla vinkla til að ramma inn söguna, sérstaklega í tengslum við líkamlegt atgervi reykvískra ungmenna um miðja síðustu öld sem þroskuðust til íþróttaafreka með vinnu. Einnig er einkar vel til fundið að taka til umfjöllunar stöðu kvenna í íslenskum íþróttaheimi þess tíma og hjálpar til við að setja sögu vallarins í samhengi.

Greinilegt er að mikil vinna hefur verið lögð í að safna saman myndefni frá Melavellinum og margt af því er að sönnu merkilegt og áhugavert, þótt örlítið fari að slá í kornótt og keimlíkt myndefnið eftir því sem á líður myndina enda er það nánast stöðugt á tjaldinu. Þá hefði ögn betra skipulag ekki komið að sök, en til að mynda kemur umfjöllun um Melarokkstónleikana á vellinum árið 1982 á býsna undarlegum tímapunkti inn í frásögnina. Eðli málsins samkvæmt er gullöld vallarins í brennidepli og er þeim hluta sögunnar gerð góð skil, en að ósekju hefði mátt rýna ögn betur í síðustu ár vallarins og ástæður þess að hann var rifinn.

Í heildina er Blikkið nokkuð skemmtilega afmörkuð, fræðandi og ánægjuleg heimild um hluta af sögu borgarinnar sem vafalaust er mörgum gleymdur og einhverjum með öllu ókunnur.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Áhugaverð saga rifjuð upp á skemmtilegan en dálítið óskipulegan hátt.

# Tilheyrir fjársjóði æskunnar

**Segið það móður minni nefnist diskur Ingólfs Steinssonar með eigin lögum við ljóð Davíðs Stefánssonar. Titillinn er sóttur í ljóð en tengist líka móður Ingólfs, Arnþrúði Ingólfsdóttur, sem kenndi honum ungum að meta Davíð.**



**TÓNLISTARMAÐURINN** Ég fann aftur þennan mann sem allir dýrkuðu í gamla daga og orti svo fallega, fór að semja eitt og eitt lag og taka upp í rólegheitum,“ segir Ingólfur Steins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég fékk dætur mínar í lið með mér, Arnþrúði og Sunnu. Við skiptumst á að syngja lögin og röddum þau saman. Svo eru góðir vinir og félagar að spila með, Jón Guðmundsson, Vilhjálmur Guðjónsson, Gísli Helgason, Lárus Grímsson og Ásgeir Óskarsson.“ Þetta segir Ingólfur Steinsson tónlistarmaður þegar forvitnast er um tilurð hljómplötunnar Segið það móður minni sem hann gaf út í lok síðasta árs og hélt í framhaldinu tvenna tónleika á Rósenberg fyrir jólin, aðra fyrir fullu húsi. Kvæðin á plötunni eru eftir Davíð Stefánsson og lögin öll eftir Ingólf sjálfan nema eitt, Lofið þreyttum að sofa eftir Sigvalda Kaldalóns. „Elsa Sigfúss söng þetta oft í útvarpinu þegar ég var barn. Það var rólegt og dapurlegt en er aðeins líflegra hjá okkur í Django Reinhardt-útsetningu,“ útskýrir Ingólfur. Hann segir plötuna hafa í raun verið tilbúna þegar hrunið skall á en þá hafi honum runnið allur móður og því lagt útgáfuna til hliðar um sinn. Efnið hafi þó verið í undirmeðvitundinni eiginlega allt hans líf. „Þegar ég var krakki var Davíð eins og heimilisvinur heima. Mamma var mjög hrifin af honum eins og ungar konur voru á þeim tíma. Hún hélt skáldskap hans að okkur systkinunum og kenndi okkur að meta hann. Ég leitaði uppi kvæði í bókum hans sem höfðuðu til mín sem barns eins og Á Dökkumiðum, Margt er þeim að meini, Kalt er mér löngum og Fjallarefurinn sem öll eru á plötunni.“

Þegar hippatíminn brast á þótti Davíð borgaralegur og datt út af vinsældalistanum. „Þá sneri maður sér að því sem einhver broddur þótti í, eins og Jóhannesi úr Kötlum og Steini Steinarr,“ segir Ingólfur sem var í hljómsveitinni Þokkabót er gaf út fjórar plötur á 8. áratugnum. „Hippatímabilið leið og annað tók við,“ rifjar hann upp og bætir við brosandi. „Það er aldrei neinn friður. Maður er ekki fyrr búinn að koma sér vel fyrir í góðu tímabili en það er liðið og komið annað. Allt í einu var komið diskó og síðan pönk og búið að rífa allt niður sem hægt var að rífa.“

Árið 1991 kveðst Ingólfur hafa verið nýlega kominn heim eftir nokkurra ára veru vestanhafs og þá rekist á kvæðið Á Dökkumiðum eftir Davíð í Lesbók Morgunblaðsins. „Þegar ég fór að lesa kvæðið var eins og ég hyrfi til baka til þess tíma þegar Davíð var átrúnaðargoðið okkar. Mamma dó þegar ég var þrettán ára og þá breyttist líf mitt mikið, unglingsárin tóku við en Davíð tilheyrði fjársjóði æskunnar sem var í sérstökum kistli í hugskotinu. Ég setti saman lag við kvæðið,“ segir Ingólfur sem erfði ritsafn Davíðs eftir foreldra sína og kveðst hafa farið að glugga í það æ meira. „Þá fann ég aftur þennan fallega mann sem allir dýrkuðu í gamla daga og orti svo fallega, fór að semja eitt og eitt lag og taka upp í rólegheitunum. Smám saman var ég kominn með lagasafn. Þannig má segja að platan hafi verið mest alla mína ævi að þróast. Hún fæst í bókabúðum um land en einnig í 12 Tónum og hjá Útgáfunni Tungu.“

gun@frettabladid.is

### DAVÍÐ VAR EINS OG HEIMILISVINUR

Ingólfur Steins segir móður sína hafa haldið skáldskap Davíðs Stefánssonar að honum og systkinum sínum. „Þegar ég var krakki var Davíð eins og heimilisvinur heima. Mamma var mjög hrifin af honum eins og ungar konur voru á þeim tíma. Hún hélt skáldskap hans að okkur systkinunum og kenndi okkur að meta hann,“ segir Ingólfur.







Miele fékk fyrstu einkun

Í gæðakönnun Neytendablaðsins 1. tölublaði 2011, fá Miele þvottavélar hæstu einkunn og lenda í fyrsta og öðru sæti. Miele W1714 lendir í fyrsta sæti og Miele W1613 í öðru sæti.

Miele

| | |
|---|---|
| Miele þvottavél W1634 | kr. 184.500 |
| Miele þvottavél W1714 | kr. 202.500 |
| Miele þurrkari, verð frá | kr. 158.400 |

Farðu alla leið með Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


20%
afsláttur
af kösturum
RAFVÖRU MARKAÐURINN
KASTARADAGAR
7.192
Verð áður 8.990
5.592
Verð áður 6.990
7.192
Verð áður 8.990
5.592
Verð áður 6.990
4.392
Verð áður 5.490
4.392
Verð áður 5.490
2.392
Verð áður 2.990
4.392
Verð áður 5.490
2.796
Verð áður 3.495
1.996
Verð áður 2.495
3.196
Verð áður 3.995
6.392
Verð áður 7.990
3.192
Verð áður 3.990
6.392
Verð áður 7.990
10.352
Verð áður 12.940
4.767
Verð áður 5.959
7.967
Verð áður 9.959
1.196
Verð áður 1.495
1.596
Verð áður 1.995
2.396
Verð áður 2.995
3.996
Verð áður 4.995
1.196
Verð áður 1.495
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Alþjóðleg hljómsveitarkeppni á Gamla Gauknum

**Undankeppni hljómsveitakeppninnar Global Battle Of The Bands verður haldin á Gamla Gauknum í vikunni. Sigurvegarinn hlýtur þátttökurétt í alþjóðlegu keppninni sem fer fram í Búkarest í júní.**

„Það eru um fimmtán hljómsveitir skráðar til leiks nú þegar en við sjáum fyrir okkur að þetta verði svona 20 til 30 bönd, það virðist vera lenskan hér á Íslandi að bíða með að skrá sig þar til á lokamínútunum,“ segir Franz Gunnarsson sem stendur fyrir hljómsveitakeppninni Global Battle Of The Bands í samvinnu við Gamla Gaukinn.

Keppnin hefst í kvöld og verða undanúrslit öll kvöld vikunnar og úrslitakeppni á laugardaginn. „Það verður dómnefnd, skipuð tónlistarmönnum og tónlistarrýnum víðs vegar að og hún velur eina hljómsveit frá hverju kvöldi áfram í úrslitin. Til að hafa smá lýðræði í þessu velur salurinn svo aðra, og fara því tvær hljómsveitir frá hverju kvöldi áfram í úrslitin,“ segir Franz.

Alþjóðlega keppnin hefur verið haldin frá árinu 2004 og hefur Ísland verið þáttakandi síðan þá, með smá pásu frá árinu 2010 og þar til núna. Hljómsveitin Endless Dark keppti fyrir hönd Íslands árið 2010 og náði þá öðru sætinu, en um 30 hljómsveitir mættu til leiks.

Franz segir fyrirkomulagið á aðalkeppninni hafa breyst úr því að hafa alltaf verið haldin í London yfir í að færast nú á milli þátttökulanda. „Keppnin verður haldin í Rúmeníu þetta árið, en við erum að vinna að því að fá hana hingað til lands á næstu árum. Þá munum við fá bönd alls staðar að úr heiminum, en það eru fáránlegustu lönd sem taka þátt,“ segir Franz og bætir við að MTV-sjónvarpsstöðin muni taka keppnina upp og sjónvarpa.

Öllum hljómsveitum er velkomið að taka þátt, óháð því hvernig tónlist hún spilar eða hvort hún hafi gefið út efni, eina skilyrðið er að hver hljómsveit þurfi að spila tvö frumsamin lög. „Það eru mikið til ung bönd sem taka þátt í svona keppni, en meirihlutinn af nöfnunum sem eru skráð til leiks hjá okkur eru hljómsveitir sem margir þekkja,“ segir Franz og bætir við að það sé til mikils að vinna því auk fjölda vinninga í keppninni hérna heima fyrir, eru verðlaunin í keppninni úti peningaupphæð að andvirði rúmlega tólf milljónir króna. tinnaros@frettabladid.is


**CLIFF CLAVIN** Hljómsveitin Cliff Clavin sigraði undankeppnina hér á Íslandi og tók þátt í alþjóðlegu keppninni árið 2007.

### FULLTRÚAR ÍSLANDS

**Þessi bönd hafa sigrað undankeppnina á Íslandi, og keppt fyrir hönd Íslands í Global Battle Of The Bands.**

**2004:** 200.000 Naglbítar
**2005:** Lights On The Highway
**2006:** Perla
**2007:** Cliff Clavin
**2008:** Agent Fresco
**2009:** Endless Dark

# Of mikið af hinu góða

Bíó ★★☆☆☆

**John Carter**
Leikstjórn: Andrew Stanton

**Leikarar:** Taylor Kitsch, Lynn Collins, Samantha Morton, Willem Dafoe, Thomas Haden Church, Mark Strong, Ciarán Hinds, Dominic West, Daryl Sabara

Undir lok 19. aldar verður hermaðurinn fyrrverandi John Carter fyrir því óláni að vakna á plánetunni Mars. Hvernig það kom til er í fyrstu ekki alveg vitað, en áður en langt um líður vingast hann við ættbálk Marsbúa og kynnist þokkafullu prinsessunni Dejah Thoris, en þau snúa bökum saman og berjast gegn illskeyttum valdaræningjum sem hyggjast knésetja borgina Helíum, og aðrar borgir á Mars í kjölfarið.

John Carter er risastór og rándýr kvikmynd sem ekki er útséð með hvort skili hagnaði. Disney-veldið sér í versta falli fram á gífurlegt fjárhagslegt tjón, en misheppnuð markaðssetning myndarinnar hefur verið mikið í umræðunni undanfarið. Um hana vil ég sem minnst segja, en sjálf myndin er meingölluð þrátt fyrir nokkra ljósa punkta.

Kitsch stendur sig sæmilega í hlutverki titilpersónunnar þó að leikhæfileikarnir jafnist hvorki á við líkamlegt atgervi hans né né snoturt smettið. Lynn Collins er fim með sverðið en tilgerðarlegur talandi hennar er þreytandi frá fyrstu mínútu. Væri ósanngjarnt af mér að saka hana um ofleik þó að persóna hennar eigi að vera konungborin? Ég var hins vegar heillaður af Woola, tölvuteiknaðri furðuskepnu sem býr yfir meiri útgeislun en allir mennskir leikarar myndarinnar til samans. Þessi hraðskreiði og ráðagóði geimhundur ætti að fá sína eigin kvikmyndaseríu. „Woola leysir vandann“, „Woola og smyglararnir“, „Woola og gimsteinaránið“. Þetta væru allt myndir sem ég myndi glaður borga mig inn á.

En myndin sem hér er til umræðu nær aldrei almennilegu flugi og bendi ég á þunglamalegt handritið og oflengd sjálfrar myndarinnar sem helstu sökudólga. Sagan er í þvílíkri yfirstærð að maður spyr sig hvort einfaldari og hófstilltari útfærsla hefði ekki skilað betri útkomu. Ekki ætla ég að fullyrða um það en fyrir mitt leyti var John Carter einum of mikið af hinu góða.

**Haukur Viðar Alfreðsson**


**GÖLLUÐ** John Carter er meingölluð mynd með nokkra ljósa punkta.

**Niðurstaða:** Helst til ofvaxið ævintýri sem á þó stöku spretti. Og ég heimta Woola-seríu!


SMÁRABÍÓ – HÁSKÓLABÍÓ – midi.is

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
HVAÐ EF SÍÐUSTU FIMM ÁR ÆVI ÞINNAR HYRFU Á EINU AUGNABLIKI? BYGGÐ Á SANNSÖGULEGUM ATBURÐUM. THE VOW

SVARTUR Á LEIK – TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI 29.000 MANNS

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ – FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI – Töfrateningurinn

THE ARTIST – HAYWIRE – ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SMÁRABÍÓ – GLERAUGU SELD SÉR – 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.40 | L |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.40 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS – 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SAFE HOUSE | KL. 10.15 | 16 |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.40 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| LISTAMAÐURINN | KL. 5.45 - 8 | L |

BORGARBÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE VOW | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN – SAMbio.is

JOHN CARTER – MÖGNUÐ ÆVINTÝRAMYND Í 3D – Tilboð 850 kr. – 1000 kr á 3D sýningar
PLEASANT SURPRISE – C.B. JOBLO.COM
EXPLOSIVE – J.D.A. MOVIE FANATIC
PURE MAGIC – H.K. AIN'T IT COOL NEWS
VISUALLY STUNNING – K.S. FOX TV
FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS. SÝND Í 2D OG 3D

Ein besta draugamynd síðari ára – Time – Movieline – Tilboð 850 kr. – Myndin sem hefur setið síðustu 3 vikur á toppnum í Bretlandi og notið gríðarlega vinsælda í USA.

Toppmyndin á Íslandi og vinsælasta myndin í heiminum í dag – Tilboð 850 kr. – 1000 kr á 3D sýningar – FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA – MÖGNUÐ ÞRÍVÍDD – JOURNEY 2 – VANESSA HUDGENS, MICHAEL CAINE OG DWAYNE „THE ROCK“ JOHNSON TRYGGJA ÓSTÖÐVANDI BÍÓSKEMMTUN

Frá höfundi Death at a Funeral. Frábær gamanmynd með svörtum húmor – A FEW BEST MEN – blurb.com – Tilboð 850 kr.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| JOHN CARTER | kl. 10:10 | 2D | 7 |
| JOHN CARTER Luxus VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 | 2D | 10 |
| CONTRABAND | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 8 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 6 | 12 |
| THIS MEANS WAR | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |
| HAYWIRE | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| HUGO | kl. 5:20 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| HUGO Með texta | kl. 10:10 | 2D | 10 |
| EXTREMLY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE M/ísl. Tali | kl. 5:20 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 8 | 3D | 7 |
| SVARTUR Á LEIK | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS | kl. 6 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | kl. 5:50 | 3D | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

midi.is – Miðasala og nánari upplýsingar – LAUGARÁS BÍÓ – www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 – 5%

JOHN CARTER – MÖGNUÐ ÆVINTÝRAMYND Í 3D – C.B. - JOBLO.COM – 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér
SVARTUR Á LEIK – FBL – MBL – DV – FT
SAFE HOUSE – V.J.V. - Svarthöfði.is – 750 KR.
MERYL STREEP – IRON LADY – H.S.K. - MBL – 750 KR.

LAUGARÁSBÍÓ – Sýningartímar

| | |
|---|---|
| JOHN CARTER 3D | 7 og 10.15 |
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8 og 10.15 |
| SAFE HOUSE | 8 og 10.20 |
| THE IRON LADY | 5.50 |

ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

ÞRIÐJUDAGUR: BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20 ■ BLIKKIÐ 18:00, 20:00 ■ MACHINE GUN PREACHER 17:30, 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 20:00, 22:20 ■ THE DESCENDANTS 20:00, 22:20 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00
ÍSL. TEXTI ENG. SUBS

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

“MOVES LIKE A SNAKE ON SPEED” -TWITCHFILM
SVARTUR Á LEIK (BLACK'S GAME) ENGLISH SUBTITLES

BLIKKIÐ SAGA MELAVALLARINS

# Vill ekki íþróttagarp

**Söngkonan Jessica Simpson á von á sínu fyrsta barni í vor og segist söngkonan óttast að stúlkan verði íþróttagarpur líkt og faðir hennar, ruðningsmaðurinn Eric Johnson. „Ég verð miður mín ef hún kýs Nike íþróttaskó fram yfir hæla frá Christian Louboutin. Eric er mjög íþróttamannslegur og ég óttast að við eigum eftir að eignast stúlku með sömu áhugamál og hann. Ég er hrædd um að geta ekki farið með henni á búðarráp því það eina sem hún vill eru íþróttatoppar og íþróttaskór," sagði söngkonan í nýlegu viðtali við bandaríska Elle.**




**EIGNAST STELPU** Jessica Simpson óttast að eiga lítið sameiginlegt með dótturinni sem hún ber undir belti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Talar stanslaust við móður sína

Bobbi Kristina Brown, einkadóttir söngkonunnar Whitney Houston, sagði Opruh Winfrey að hún sakni móður sinnar mikið og tali við hana látlaust.

Brown var viðmælandi í nýjum þætti spjallþáttadrottningarinnar um helgina ásamt móðurbróður sínum og frænku. Brown sagði að hún hefði það gott en að hún hugsi stöðugt til móður sinnar. „Hún er alltaf með mér, ég finn fyrir návist hennar allan tímann. Ég heyri hana tala til mín, spyrja mig spurninga og stundum svara ég henni upphátt," sagði Brown í hjartnæmu viðtali.

Houston lést þann 11. febrúar síðastliðinn og arfleiddi dóttur sína að öllum sínum eignum. Þegar Winfrey spurði stúlkuna hvernig hún hefði það svaraði hún: „Ég hef það þolanlegt. Þetta kemur í bylgjum. Eina stundina er ég hamingjusöm og hlæjandi, en þá næstu hvolfist þetta yfir mig. Hún var mamma mín."



**SÖKNUÐUR** Bobbi Kristina Brown var viðmælandi hjá Opruh Winfrey. Þar sagðist hún tala stanslaust við móður sína, Whitney Houston. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leitar að sannri ást

**Leonardo DiCaprio segist ekki hafa fundið hina einu sönnu ást ennþá. Hann er núna að hitta fyrirsætuna Erin Heatherton sem er 22 ára. Hann hefur áður verið á föstu með leikkonunni Blake Lively og fyrirsætunum Bar Refaeli og Gisele Bundchen.**



**LEONARDO DICAPRIO**

**Spurður út í fyrstu ástina sagðist hann ekki muna eftir neinni slíkri. „Ef ég væri búinn að finna ástina í lífi mínu þá væri ég kvæntur núna, er það ekki?" sagði hann í viðtali við The Sun. Hann bætti við að hann heillaðist ekki af tilgerðarlegum og hefnigjörnum konum. Mestu máli skipti að konan sé góð manneskja.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 13. mars 2012**

### Tónlist

**20.30** Sing Fang, a.k.a. Sindri Már Sigfússon, og Guðrið Handsdóttir spila á tónleikaröðinni Kaffi, kökur & rokk & ról í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Aðgangseyrir er kr. 500.

**20.30** Tenórarnir tveir, þ.e. tenórsaxófónleikararnir Ólafur Jónsson og Stefán S. Stefánsson koma fram á tónleikum í jazztónleikaröðinni á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**12.05** Helgi Ólafsson, stórmeistari í skák, mun segja frá „einvígi aldarinnar" á hádegisfyrirlestri í Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni Fræðslufyrirlestrar Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45
ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR
Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil
LJÁÐU OKKUR EYRA

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK



# sport

sport@frettabladid.is



**KEFLAVÍKURKONUR** geta orðið deildarmeistarar í Iceland Express deild kvenna í körfubolta í kvöld vinni þær Snæfell í Toyota-höllinni í Keflavík en leikurinn hefst klukkan 19.15. Keflavík hefur unnið alla þrettán heimaleiki sína í deildinni í vetur og vantar aðeins einn sigur til viðbótar til þess að gulltryggja sigur í deildinni og heimavallarrétt út úrslitakeppnina. Snæfell er aftur á móti í mikilli baráttu við Hauka og KR um að komast inn í úrslitakeppnina.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *N1 deild karla í handbolta*

**Haukar - Akureyri 26-18 (10-7)**

**Mörk Hauka (skot):** Sveinn Þorgeirsson 6 (11), Stefán Rafn Sigurmannsson 6/3 (13/3), Freyr Brynjarsson 4 (4), Tjörvi Þorgeirsson 4 (6), Heimir Óli Heimisson 2 (2), Nemanja Malovic 2 (4), Matthías Árni Ingimarsson 1 (1), Gylfi Gylfason 1 (3/1), Þórður Rafn Guðmundsson (1),
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðss. 23 (41/3, 56%)
**Hraðaupphlaup:** 6 (Freyr 2, Stefán Rafn, Tjörvi, Matthías, Gylfi)
**Mörk Akureyrar (skot):** Bjarni Fritzsson 6/3 (11/3), Oddur Gretarsson 4 (9), Heimir Örn Árnason 3 (5), Bergvin Þór Gíslason 2 (5), Guðmundur H. Helgason 2 (6), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (2), Hörður Fannar Sigþórsson (2), Guðlaugur Arnarsson (2), Daníel Einarsson (3), Geir Guðmundsson (3),
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 12/1 (36/3, 33%), Stefán Guðnason (2/1, 0%),
**Hraðaupphlaup:** 2 (Oddur 2)

**Afturelding - HK 21-30 (10-13)**

**Mörk Aftureldingar (skot):** Hrafn Ingvarsson 5 (6), Jóhann Jóhannsson 4 (8/1), Þorlákur Sigurjónsson 3 (4), Hilmar Stefánsson 3/2 (8/3), Einar Héðinsson 2 (2), Hrannar Guðmundsson 1 (1), Elvar Magnússon 1/1 (2/1), Jón Andri Helgason 1 (3), Böðvar Páll Ásgeirsson 1 (10), Pétur Júníusson (1), Helgi Héðinsson (2),
**Varin skot:** Davíð Svansson 16/1 (35/3, 46%), Hafþór Einarsson 2 (13/1, 15%),
**Hraðaupphlaup:** 5 (Jóhann, Þorlákur, Hilmar, Einar, Jón Andri)
**Mörk HK (skot):** Bjarki Már Elísson 13/3 (17/4), Atli Ævar Ingólfsson 6 (7), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 4 (5), Ólafur Bjarki Ragnarsson 4 (12), Atli Karl Bachmann 2 (2), Tandri Már Konráðsson 1 (4), Vilhelm Gauti Bergsveinsson (1),
**Varin skot:** Björn Ingi Friðþj. 15/1 (36/4, 42%),
**Hraðaupphlaup:** 5 (Sigurjón 3 Bjarki, Atli)

**FH - Grótta 31-18 (15-7)**

**Mörk FH:** Hjalti Pálmason 10, Ólafur Gústafsson 6, Þorkell Magnússon 4, Ragnar Jóhannsson 3, Ari Magnús þorgeirsson 2, Ísak Rafnsson 2, Atli Rúnar Steinþórsson 2, Örn Ingi Bjarkason 1, Halldór Guðjónsson 1.
**Mörk Gróttu:** Benedikt Reynir Kristinsson 4, Jóhann Gísli Jóhannesson 3, Þorgrímur Smári Ólafsson 3, Davíð Hlöðversson 2, Þráinn Orri Orri Jónsson 2, Vilhjálmur Geir Hauksson 1, Þórir Jökull Finnbogason 1, Óttar Steingrímsson 1, Ólafur Ægir Ólafsson 1.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **18** | **11** | **3** | **4** | **485-442** | **25** |
| Haukar | 18 | 12 | 1 | 5 | 438-393 | 25 |
| **HK** | **18** | **11** | **1** | **6** | **499-463** | **23** |
| Akureyri | 18 | 10 | 2 | 6 | 487-445 | 22 |
| **Fram** | **18** | **10** | **1** | **7** | **459-459** | **21** |
| Valur | 18 | 7 | 4 | 7 | 479-461 | 18 |
| **Afturelding** | **18** | **3** | **1** | **14** | **416-492** | **7** |
| Grótta | 18 | 1 | 1 | 16 | 407-515 | 3 |

### *N1 deild kvenna í handbolta*

**ÍBV - Fram 17-19 (7-7)**

**Mörk ÍBV:** Grigore Ggorgata 7, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 3, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Ester Óskarsdóttir 3, Mariana Trbojovic 1.
**Mörk Fram:** Marthe Sördal 4, Stella Sigurðardóttir 4, Ásta Birna Gunnarsdóttir 3, Sunna Jónsdóttir 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1.
**Stig efstu liða:** Fram 26, Valur 24, ÍBV 16

### *Enska úrvalsdeildin*

**Arsenal - Newcastle 2-1**

0-1 Ben Arfa (14.), 1-1 Robin van Persie (15.), 2-1 Thomas Vermaelen (90.+4).
**Arsenal** vann fimmta deildarsigur sinn í röð og er nú aðeins einu stigi á eftir Tottenham sem situr sem fyrr í 3. sæti deildarinnar.



**FRÁBÆR EFTIR EM** Aron Rafn Eðvarðsson, markvörður Hauka, hefur farið á kostum eftir áramót eða allt síðan að hann var valinn í íslenska landsliðið á Evrópumótinu í Serbíu. Aron varð 23 skot í stórsigri á Akureyri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Aron og Haukar í ham

**Haukar rifu sig upp eftir slaka spilamennsku að undanförnu og unnu 8 marka stórsigur á Akureyringum sem áttu möguleika á því að komast á toppinn með sigri. FH-ingar halda þó toppsætinu eftir 13 marka sigur á botnliði Gróttu.**

**HANDBOLTI** Haukar og FH eru áfram jöfn á toppnum eftir að 18. umferð N1 deildar karla lauk í gærkvöldi. Bæði lið rifu sig upp eftir töp í síðustu viku og unnu sannfærandi heimasigra. HK nýtti sér tap Akureyrar og komst aftur upp í þriðja sæti deildarinnar eftir níu marka sigur á Aftureldingu í Mosfellsbænum.

Haukar fóru létt með lánlausa Akureyringa í N1-deild karla í handknattleik í gær þegar liðið rústaði norðanmönnum 26-18 í Hafnarfirði.Nokkuð jafnræði var á með liðunum í fyrri hálfleik en heimamenn keyrðu hreinlega yfir Akureyri í þeim síðari. Aron Rafn Eðvarðsson, markvörður Hauka, fór gjörsamlega á kostum í leiknum og varði 23 skot eða 56% skota sem komu á hann. Sóknarleikur Akureyringar var virkilega ómarkviss og slakur og því fór sem fór.

„Við vorum með ótrúlega mörg dauðafæri í þessum leik, ég hef sjaldan orðið vitni að öðru eins,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, eftir ósigurinn í gær.

„Síðan fór varnarleikur okkar að verða slakur í síðari hálfleiknum og við í raun komumst aldrei í takt við þennan leik. Þetta er mjög grátlegt því liðið hefur verið að spila frábærlega að undanförnu og slæmt að fá svona skell eins og í kvöld. Frammistaðan í kvöld var fyrir neðan allar hellur. Menn voru síðan að svekkja sig mikið í seinni hálfleiknum og það fór að hafa áhrif á spilamennskuna hjá strákunum. Það er hlutur sem við verðum að vinna í og drengirnir verða hreinlega að fjarlægja slíkan hugsunarhátt. Ef menn misnota færi þá verða þeir að bæta það upp í næstu sókn, ekki missa hausinn og þar með einbeitinguna. Það eru þrír úrslitaleikir eftir hjá okkur og við verðum að líta þannig á hlutina,“ sagði Atli að lokum.

„Þetta var svakalega sætur sigur og sérstaklega hvernig varnarleikurinn small hjá okkur,“ sagði Stefán Rafn Sigurmannsson, leikmaður Hauka, eftir sigurinn.

„Markvarslan var frábær hjá Aroni en við náðum ekki að nýta það nægilega vel í fyrri hálfleiknum, það kom síðan í þeim síðari. Þetta var samspil af góðum sóknarleik, fínum varnarleik og frábærri markvörslu. Þegar lið halda Akureyri í 18 mörkum þá eru þau að gera hlutina rétt.“

Stefán Rafn var á dögunum valinn í íslenska landsliðið sem mætir Þjóðverjum í vináttuleikjum á næstunni.

„Það að vera valinn í landsliðið gefur mér aukinn kraft og það er mikill heiður að spila fyrir Ísland. Ég er staðráðinn í því að standa mig og sýna hvað í mér býr.“

Haukar fóru í toppsætið í klukkutíma en nágrannar þeirra í FH endurheimtu það eftir 13 stórsigur á botnliði Gróttu, 31-18. FH féllu ekki í sömu gryfju og Haukarnir í síðustu umferð.

HK missti þriðja sætið eftir tap á Akureyri í síðustu viku en HK-ingar stigu skref í átt að sæti í úrslitakeppninni eftir mjög sannfærandi 9 marka sigur á Aftureldingu í Mosfellsbænum. Bjarki Már Elísson fór á kostum í liði HK og skoraði 13 mörk í leiknum. **- sáp, -óój**



**MARIO GOMEZ** Bayern þarf á mörkum hans að halda. NORDICPHOTOS/GETTY

Meistaradeildin í kvöld:

# Bayern og Inter þurfa sigur

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar halda áfram í kvöld og þar reynir á tvö stórlið. Bayern München og Internazionale töpuðu bæði fyrri leiknum 1-0 á útivelli þökk sé marki í blálokin. Basel skoraði sigurmarkið á móti Bayern á 85. mínútu en sigurmark Marseille á móti Inter kom á þriðju mínútu í uppbótartíma. Nú eru Bayern og Inter á heimavelli en leikirnir hefjast klukkan 19.45 og eru í beinni á Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 3.

Bæði lið unnu sína leiki um helgina. Bayern vann 7-1 sigur á Hoffenheim og Inter Milan vann sinn fyrsta sigur í sjö leikjum með því að skora tvö mörk í lokin á móti Chievo.

„Bayern er búið skora sín mörk. Liðið er ekki að fara spila við Hoffenheim á þriðjudaginn heldur Basel. Þeir mun ekki skora hjá okkur enda er það ekki auðvelt,“ sagði miðjumaðurinn Granit Xhaka.

Claudio Ranieri, þjálfari Inter, fagnar komu Wesleys Sneijder sem lagði upp fyrra markið á móti Chievo. „Við höfum allir eflst við sigurinn á Chievo. Það var gott að skora mörkin undir lokin því það sýndi að við höldum alltaf áfram. Wesley Sneijder var alls staðar á vellinum og hjálpaði liðinu mikið,“ sagði Ranieri. **- óój**



**ROBIN VAN PERSIE** Er búinn að skora 26 deildarmörk í 28 leikjum á tímabilinu. Hér fagnar hann í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT OG SJÁÐU ALLT BESTA ÍÞRÓTTAEFNI Í HEIMI Í BEINNI ÚTSENDINGU 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

RUGL VERÐ

# TOSHIBA

## TOSHIBA SJÓNVÖRP Á RUGLVERÐI




**Toshiba 32AV833N**
32" HD LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, 50.000:1 skerpu, Active Vision LCD, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ **74.990**




**Toshiba 40LV833N**
40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, Active Vision LCD, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ **114.990**




**Toshiba 42HL833N**
42" LCD LED EDGE sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 3.000.000:1 skerpu, 8ms svartíma, DVB-T/C móttakara, Digital Noise Reduction, 3D Digital Comb Filter, USB, 2x HDMI, Scart, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ **129.990**




**Toshiba 42SL863N**
42" FHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 4.000.000:1 skerpu. 200 Active Motion Rate Processing. 24P Mode. DVB-T2 C2/S2 stafrænn móttakari. Gervihnattamótakari. Smart TV. Wi-Fi Ready. Auto Backlight Control og Ambient Light Sensor. 4x HDMI, LAN, Scart, Ci, VGA, 2x USB og heyrnatólstengi o.fl.

RUGL VERÐ **149.990**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

TOSHIBA Leading Innovation

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## > Stöð 2 Sport 2 19.50

### Liverpool - Everton

***Bein útsending frá nágrannaslag Liverpool og Everton í ensku úrvalsdeildinni. Liverpool tapaði fyrir Sunderland um helgina á sama tíma og Everton lagði Tottenham að velli og nú eru aðeins tvö stig sem skilja þessa fornu erkifjendur að. Liverpool er með 39 stig en Everton 37 og getur komist upp fyrir nágranna sína með sigri á Anfield.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR ER LÖT

# *Hundur spilar á píanó*



Á sunnudagskvöldið átti ég lausa stund til að gera ekki neitt og þar sem ég er latari en góðu hófi gegnir ákvað ég að eyða þeim tíma fyrir framan sjónvarpið.

Þegar ég kveikti á því var hins vegar ekkert á íslensku stöðvunum sem ég nennti að horfa á og fyrrnefnd leti gerði það að verkum að ég gat ekki fengið mig til að horfa á útlenskar stöðvar, þar sem framandi tungumál ráða ríkjum.

Ég greip því til tölvunnar og fór að skrolla í gegnum Facebook. Áður en ég vissi af var ég farin að horfa á heimildarmynd sem einhverjum vini mínum hafði líkað og fjallar um fimmtán verkamannafjölskyldur í Shanghaí. Hún heitir Living in the Shadows: China's Internal Migrants. Mæli með henni. Næst leiddist ég inn á myndband af spangólandi hundi að spila á píanó. Heldur en ekki skemmtilegt. Eurovision-ömmurnar frá Rússlandi fá mann til að brosa og vá hvað var langt síðan ég hafði hlustað á Everybody Hurts með R.E.M. Vekur upp ljúfsárar minningar frá unglingsárum. Þegar ég var farin að horfa á súrt tónlistarmyndband með hálfnöktum skrækradda strákum sá ég að mér væri hollast að slökkva á tölvunni. Klukkan að ganga eitt og ég komin með suð fyrir eyru og sviða í augu.

Þetta var ekki sem verst kvöldstund fyrir letihaug. En ég hugsa að ég geri það þó ekki að hefð að leyfa vinum mínum á Facebook að stjórna sunnudagsbíóinu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Á Búsúkíslóðum **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvar **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Sólskinshestur **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Fimm fjórðu **23.08** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**12.00 Aukafréttir**
**12.15 Hlé**
**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (49:52)
**17.31 Þakbúarnir**
**17.43 Skúli skelfir** (11:52)
**17.55 Hið mikla Bé** (9:20)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Nýgræðingar** (Scrubs)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 360 gráður** Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni.
**20.35 Krabbinn** (12:13) (The Big C)
**21.05 Fum og fát** (Panique au village)
**21.10 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Dulnefni: Hunter** (1:6) (Kodenavn Hunter II) Norsk spennuþáttaröð um baráttu lögreglunnar við glæpagengi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (11:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Love and Other Disasters**
**10.00 I Love You Beth Cooper**
**12.00 Pétur og kötturinn Brandur**
**14.00 Love and Other Disasters**
**16.00 I Love You Beth Cooper**
**18.00 Pétur og kötturinn Brandur**
**20.00 Premonition**
**22.00 Death Proof**
**00.00 Quarantine**
**02.00 Sione's Wedding**
**04.00 Death Proof**
**06.00 Ripley Under Ground**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (5:23)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (114:175)
**10.15 Wonder Years** (14:23)
**10.45 The Middle** (4:24)
**11.10 Matarást með Rikku** (4:10)
**11.40 Ljósvakavíkingar – Stöð 2** (5:5)
**12.10 Two and a Half Men** (7:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X Factor** (15:26)
**14.20 The X Factor** (16:26)
**15.05 Sjáðu**
**15.30 iCarly** (13:25)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (18:22)
**19.45 Perfect Couples** (5:13)
**20.10 Modern Family** (15:24)
**20.35 Two and a Half Men** (3:24)
**21.00 White Collar** (2:16)
**21.45 Burn Notice** (10:20)
**22.30 Community** (23:25)
**22.55 The Daily Show: Global Edition**
**23.20 New Girl** (4:24)
**23.45 Kalli Berndsen-Í nýju ljósi** (10:10)
**00.10 Mildred Pierce** (1:5)
**01.10 Gossip Girl** (6:24)
**01.55 Pushing Daisies** (5:13)
**02.40 Big Love** (6:9)
**03.35 Modern Family** (15:24)
**04.00 Two and a Half Men** (3:24)
**04.20 White Collar** (2:16)
**05.05 The Simpsons**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 EAS þrekmótaröðin**
**18.30 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Basel** BEINT frá síðari viðureign liðanna í 16 liða úrslitum.
**21.45 Þorsteinn J. og gestir:**
**22.10 Meistaradeild Evrópu: Inter - Marseille**
**00.00 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Basel**
**01.50 Þorsteinn J. og gestir**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Newcastle**
**15.15 Wolves - Blackburn**
**17.05 Bolton - QPR**
**18.55 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.50 Liverpool - Everton** BEINT
**22.00 Swansea - Man. City**
**23.50 Football League Show**
**00.20 Liverpool - Everton**

## 2 EXTRA

**19.35 The Doctors** (68:175)
**20.15 Bones** (22:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (2:15)
**22.40 The Glades** (11:13)
**23.25 V** (6:10)
**00.10 Supernatural** (6:22)
**00.55 Twin Peaks** (12:22)
**01.40 Malcolm In The Middle** (18:22)
**02.05 Perfect Couples** (5:13)
**02.25 Bones** (22:22)
**03.10 The Doctors** (68:175)
**03.50 Íslenski listinn**
**04.15 Sjáðu**
**04.40 Fréttir Stöðvar 2**
**05.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 Minute To Win It** (e)
**15.45 90210** (8:22) (e)
**16.35 Dynasty** (8:22)
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Got to Dance** (2:15) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (24:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (11:24)
**19.45 Will & Grace** (22:27) (e)
**20.10 Matarklúbburinn** (5:8) Hrefna heimsækir einn af fjölmörgum góðum matarbloggurum landsins og saman elda þau spennandi og skemmtilega rétti.
**20.35 Innlit/útlit** (5:8) Það eru þær Sesselja Thorberg og Bergrún Íris Sævarsdóttir sem stýra skútunni á ný í þessum skemmtilegu þáttum. Þær munu leggja áherslu á spennandi hönnun, húsráð og sniðugar lausnir fyrir heimilið með áherslu á notagildi. Nýtt og notað verður saman í bland og Fröken Fix verður á sínum stað með sín hagnýtu og skemmtilegu ráð.
**21.05 The Good Wife** (7:22)
**21.55 Prime Suspect** (8:13)
**23.30 CSI** (10:22) (e)
**00.20 The Good Wife** (7:22) (e)
**01.10 Flashpoint** (10:13) (e)
**02.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.20** World Golf Championship 2012 (1:4) **12.20** Golfing World **13.10** World Golf Championship 2012 (2:4) **17.10** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (10:45) **19.45** Northern Trust Open 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2010 **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.20** Keeping Up Appearances **08.20** Dalziel and Pascoe **10.00** Come Dine With Me **10.50** EastEnders **11.20** Come Dine With Me **12.10** My Family **13.10** Keeping Up Appearances **15.10** QI **16.40** Top Gear **17.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Lee Evans Big Tour **21.00** The Graham Norton Show **21.50** My Family **22.50** Live at the Apollo **23.35** Keeping Up Appearances **01.35** Dalziel and Pascoe **03.15** The Graham Norton Show **04.00** My Family

## DR 1

**11.10** Horisont **11.35** Lykke **12.35** Aftenshowet **13.30** Nye hvide verden **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Lægerne **15.00** Mira og Marie **15.05** Dyk Olli dyk **15.20** Timmy-tid **15.30** Lille Nørd **16.00** Pacific Paradise Police **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Skattejægerne **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Hammerslag **19.30** Spise med Price **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Irene Huss. Den knuste Tang-hest **22.30** En chance til **23.00** Clement Søndag **23.40** Lægerne

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Gå fint i band **13.00** NRK nyheter **13.05** Valdres Teens **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Ei iskald verd **16.00** NRK nyheter **16.10** Dyreklinikken **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.15** Finnmarksløpet **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.30** Soknepresten **22.00** Kveldsnytt **22.15** Winter

## SVT 1

**09.00** Fråga doktorn **09.45** Sverige! **10.15** Bäst av fem **10.35** Drömmen om landet **11.35** Så ska det låta **12.35** Skavlan **13.35** Min vän Oscar **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Min stad **15.45** Jonathan Ross show **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Så levde de lyckliga **20.00** Veckans brott **21.00** Hübinette **21.30** Dox **23.05** Rapport **23.10** Kulturnyheterna **23.15** Hope and Glory

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



**1259** KR. KG

**FERSK NÝ LÍNUÝSA**
*ROÐ OG BEINLAUS*



**998** KR. KG

NORÐANFISKUR FROSNIR
**ÞORSKBITAR ROÐ/BEINL.**



**1798** KR. KG

NORÐANFISKUR FROSINN
**LÉTTSALTAÐUR ÞORSKHNAKKI**



**998** KR. KG

BEINL. FROSNIR
**ÚTVATNAÐIR SALTFISKBITAR**



**798** KR. 800G

BÓNUS FROSNIR
**ÝSUBITAR Í RASPI 800G**



**579** KR. KG

NORÐANFISKUR
**STEIKTAR FISKBOLLUR**




**598** KR. 6 STK

NORÐANFISKUR 120 GRAMMA
**FROSNIR FISKBORGARAR**




**498** KR. 500ML

BÓNUS 500ML
**ÞORSKALÝSI**

**EURSOSHOPPER**
**TÚNFISKUR Í DÓS**
**Í OLÍU EÐA VATNI**




**139** KR. 185G




**198** KR. 120G

NORÐANFISKUR
**REYKT ÞORSKLIFUR**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 8 | | | | | |
| | 6 | 4 | | | | | | 1 |
| 1 | 2 | | | | | | 3 | |
| | 8 | | 3 | 9 | 1 | 5 | | |
| 3 | | 7 | | 8 | | 1 | | 9 |
| | | 9 | 4 | 7 | 5 | | 8 | |
| | 3 | | | | | | 5 | 7 |
| 9 | | | | | | 8 | 1 | |
| | | | | | 2 | 9 | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 52

## BÓNUS BÝÐUR BETUR


Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Undanfarna daga hef ég verið að hlusta á Timeless með Goldie, enda tímalaus snilld. Inn á milli hef ég svo sáldrað „random“ lögum af vefsíðunni www.hypem.com.“*

Jónas Haraldsson, diplómat og rappari.

# Áhuginn kviknaði hjá Warner Brothers

Ágústa Fanney Snorradóttir stundar BA-nám í Cinema and Television Arts í Los Angeles. Hún sér að auki um tökur á gamanþáttum útvarpskonunnar Ragnhildar Magnúsdóttur sem sýndir eru á vefsíðunni Funny or Die.

Ágústa Fanney byrjaði ung að gera sín eigin myndbönd og þótti fátt skemmtilegra en að festa viðburði og minningar á filmu. „Árið 2004 fékk ég að fylgjast með starfseminni í Warner Brothers kvikmyndaverinu. Þá var ég í „high school“ í Arizona og fjölskylduvinur starfaði fyrir fyrirtækið og ég fékk að fara með honum í vinnuna á hverjum degi í tvær vikur. Þessi fjölskylduvinur sá um hljóðblöndun fyrir viðtöl sem tekin voru við stjörnurnar þannig að á hverjum degi var ég stödd innan um þekktustu stjörnur þessa tíma. Eftir þetta hef ég verið með kvikmyndadellu á háu stigi,“ útskýrir Ágústa Fanney sem hitti meðal annars aðalleikarana úr Two and a Half Men, The O.C., Bráðavaktinni og Scrubs.

Ágústa flutti út síðasta haust og segir námið skemmtilegt en viðurkennir þó að sér líði stundum eins og hún sé stödd í bandarískri kvikmynd þegar hún mætir í skólann. „Lífið í skólanum er mjög frábrugðið því sem ég upplifði heima á Íslandi, sérstaklega félagslega hliðin.“

Ágústa Fanney og Ragnhildur kynntust í gegnum sameiginlega vinkonu og gengur samstarf þeirra vel. Aðspurð segir Ágústa að sér líði vel í Los Angeles og að hún gæti hugsað sér að búa þar og starfa að námi loknu. „Ég get vel hugsað mér að búa hér í framtíðinni. Draumastarfið er að geta unnið á sem fjölbreyttustu sviðum innan kvikmyndagerðar. Þetta er einfaldlega allt svo spennandi.“

- sm



**ÁNÆGÐ Í LOS ANGELES** Ágústa Fanney Snorradóttir hóf nám í kvikmyndagerð í Los Angeles í haust. Hún tekur nú upp gamanþætti Ragnhildar Magnúsardóttur sem sýndir eru á Funny or Die.






FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS


**ARNAR KNÚTSSON:** UM 29 ÞÚSUND MANNS HAFA SÉÐ SPENNUMYNDINA SVARTUR Á LEIK

# HÖFÐU EKKI EFNI Á AÐ AUGLÝSA OG NOTUÐU ÞVÍ SAMFÉLAGSMIÐLA

Framleiðendur spennumyndarinnar Svartur á leik, sem um 29 þúsund Íslendingar hafa séð á örskömmum tíma, notuðu mikið samfélagsmiðla á borð við Facebook til að auglýsa myndina.

„Við höfðum ekki efni á að auglýsa og þess vegna þurftum við að grípa til þessara ráða og það tókst,“ segir Arnar Knútsson hjá Filmus, en hann er einn af þremur framleiðendum myndarinnar. Hinir eru þeir Þórir Snær Sigurjónsson og Skúli Malmquist hjá Zik Zak.

„Við treystum svolítið á afspurnina og umtalið. Aðalmarkaðssetningin okkar var að nota þessa samfélagsmiðla til að fá fólk til að tala um myndina. Við hvöttum til umtals í trausti þess að það yrði frekar jákvætt og það hefur tekist mjög vel. Það vita allir að ef þú ert með góða vöru þá mun hún seljast.“

Arnar er sannfærður um að slík markaðssetning sé komin til að vera. „Sérstaklega ef þú hefur mikla trú á vörunni og finnur rétta markhópinn. Ef ég sé mynd auglýsta í bíó getur það haft úrslitaáhrif hvort fólk sem ég þekki mælir með henni eða ekki.“

Svartur á leik hefur fengið afar góða dóma gagnrýnenda og fékk meðal annars fjórar stjörnur í Fréttablaðinu, Fréttatímanum og í Morgunblaðinu. Myndin kostaði um 150 milljónir króna í framleiðslu og telur Arnar að mögulega hafi markaðssetningin sem þeir notuðu sparað nokkrar milljónir. Hann segir að munað hafi um það, enda tók myndin sjö ár í framleiðslu og oft á tíðum var erfitt að fjármagna hana. Á endanum hlaut Svartur á leik um 64 milljón króna styrk frá Kvikmyndasjóði Íslands, auk þess sem tveir fjárfestar, þeir Andrés Sveinsson og Heiðar Guðjónsson sigldu verkefninu í mark á endasprettinum. „Þeir höfðu trú á okkur og tóku sjensinn.“

Þær 150 milljónir sem myndin kostaði segir Arnar vera meðalverð á íslenska mynd. „En þetta telst ódýrt á evrópskan mælikvarða, hvað þá alþjóðlegan. Kostaði Contraband ekki um fjögur þúsund milljónir?,“ spyr hann og á við nýjustu mynd Baltasars Kormáks.

Svartur á leik er fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem Arnar framleiðir. Hann er því nýliði í þessum bransa, rétt eins og leikstjórinn Óskar Þór Axelsson. „Ég er búinn að þekkja Óskar í tuttugu ár. Vonandi getum við unnið meira saman í framtíðinni ef við finnum hentug verkefni.“

freyr@frettabladid.is





**FRAMLEIÐANDI** Arnar Knútsson er einn af þremur framleiðendum spennumyndarinnar Svartur á leik sem hefur slegið rækilega í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








SPANDY
heimilisryksugan

- 1600W
- afar hljóðlát
- mikill sogkraftur > 18KPA
- Hepa filter
- margnota poki

5.990,-







Kletthálsi Rvk
Akureyri
Reykjanesbæ
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Skart innblásið af þorskbeinum

Jóhanna Metúsalemsdóttir skartgripahönnuður hefur sent frá sér nýja skartgripalínu sem innblásin er af þorskbeinum. Jóhanna hannar undir nafninu Kría og var fyrsta skartgripalína hennar einmitt innblásin af beinum farfuglsins.

Jóhanna segir tilviljun og hugmyndaauðgi góðrar vinkonu hafa ráðið því að þorskbein urðu fyrir valinu í þetta sinn. „Þetta var bara spurning um hvað ég mundi finna fyrst og svo fékk ég þessi fallegu þorskbein í pósti frá vinkonu minni og um leið og ég byrjaði að skoða þau nánar var ég viss um að ég gæti notað þau.“

Jóhanna tók afsteypur af beinunum og notaði þær við gerð skartsins. Hún viðurkennir að það hafi verið erfiðara að vinna með fiskbeinin en fuglabeinin vegna þess hversu þunn mörg þeirra eru. „Ég þurfti að vera mjög varkár og gat ekki tekið mót af öllum beinunum því sum brotnuðu í ferlinu.“

Skartið er unnið úr silfri, brassi og steinum og tók það Jóhönnu um þrjá mánuði að vinna línuna. Jóhanna er búsett í New York og segir marga Bandaríkjamenn reka upp stór augu þegar þeir komast að því hvaðan innblásturinn er fenginn. „Mörgum finnst auðvitað skrítið að mér hafi dottið í hug að gera skart úr fiskbeinum, þeir sem vita að ég er íslensk skilja það kannski aðeins betur,“ segir hún að lokum.

Línan verður kynnt í versluninni Aurum á fimmtudaginn klukkan 17.00 í boði Tanqueray.

- sm



**FALLEGT** Nýjasta lína Kríu er innblásin af þorskbeinum. Jóhanna Metúsalemsdóttir á heiðurinn af hönnuninni. MYND/ELÍSABET DAVÍÐS

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000KR.

**Sími 58·12345**
**www.dominos.is**

**Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.**




Kynntu þér nýjan og spennandi matseðil okkar. Skemmtilegar nýjungar, þrjár mismunandi gerðir af ljúffengum botnum og ennþá betra álegg og meðlæti. **Kíktu á úrvalið!**




FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fall er fararheill

Brösuglega gekk í gær á fyrsta degi veffréttasíðunnar eirikurjonsson.is vegna netárása frá útlöndum. Vefnum heldur úti **Eiríkur Jónsson** blaðamaður, en á Eyjunni.is upplýsti hann að vefurinn hafi ekki fyrr verið kominn í loftið en gerð hafi verið árás á vefþjóninn sem hýsir hann. „Fyrir bragðið hefur vefurinn horfið, hrokkið inn aftur og svo út – og inn,“ segir Eiríkur og kveður unnið að vörnum gegn árásinni sem talið sé að komi frá Rúmeníu.



### Platsamskipti slá í gegn

Brynjar Már, Erna Dís og grínistinn **Þórhallur Þórhallsson** í útvarpsþættinum Magasín á FM957 fjölluðu á dögunum um samskipti stráks og stelpu í gegnum smáskilaboð. Upptaka af Þórhalli að lesa samskiptin upp hefur slegið í gegn á netinu og fengið marga til að klóra sér í höfðinu yfir manískri hegðun stúlkunnar. Það sem kemur hins vegar ekki fram í upptökunni er að Þórhallur er að lesa þýðingu á erlendum samskiptum sem má finna á ýmsum vefsíðum á netinu. Hann er hins vegar búinn að setja íslensk nöfn í stað hinna erlendu og fjölmargir hafa látið blekkjast og hneykslast á íslenskum ungmennum í kjölfarið.



- óká / - afb

## Mest lesið vísir

1. Whitney Houston gengin aftur sem draugur
2. Ingibjörg: Davíð tók hamskiptum
3. Ingibjörg Sólrún segir Össur fara með rangt mál
4. Níu mánaða meðganga á 90 sekúndum
5. Veiddi risaþorsk á sjóstöng í Noregi


**YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR**

hafa nýtt sér legugreininguna frá okkur og fengið rúm sérsniðið að þeirra þörfum. Komdu og prófaðu og við gerum þér tilboð í heilsurúm sem hentar þér!

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

# Fermingartilboð

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**VALHÖLL**

| Stærð | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 69.900 kr. | 62.900 kr. |
| 90x200 | 69.900 kr. | 64.900 kr. |
| 120x200 | 84.900 kr. | 79.900 kr. |
| 140x200 | 89.900 kr. | 84.900 kr. |
| 153x203 | 99.900 kr. | 89.900 kr. |

Ný hönnun. 5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar.

**SAGA/FREYJA**

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 89.900 kr. |
| 100x200 | 94.900 kr. |
| 120x200 | 109.900 kr. |
| 140x200 | 119.900 kr. |
| 153x203 | 129.900 kr. |

7 svæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

**ÞÓR**

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 104.900 kr. |
| 120x200 | 124.900 kr. |
| 140x200 | 139.900 kr. |
| 153x203 | 149.900 kr. |

7 svæðaskipt heilsudýna með tvöföldu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, eggjabakka-þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

**IQ-CARE**

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 144.900 kr. |
| 100x200 | 149.900 kr. |
| 120x200 | 164.900 kr. |
| 140x200 | 179.900 kr. |
| 153x203 | 179.900 kr. |

Ein besta heilsudýna í heimi, hápróuð þrýstijöfnunar–heilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Öll verð með botni og fótum

10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

TÍU ÞÚSUND KRÓNUR

Baldursnesi 6 AKUREYRI

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00